FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
216. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. SEPTEMBER 2017




Lögregla fjarlægði nokkra Unga jafnaðarmenn, sem mótmæltu brottvísun barna úr landi, af þingpöllum á meðan forsætisráðherra flutti stefnuræðu á Alþingi í gærkvöld. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Asíufiskur seldur undir íslensku merki

**Vörumerkið Icelandic Seafood, sem félag í eigu Framtakssjóðs Íslands leigir kanadísku fyrirtæki, er ekki eingöngu notað fyrir íslenskar afurðir. Meðal annars er kínverskur hvítfiskur seldur undir hatti Icelandic Seafood. Verður ekki stöðvað fyrr en í lok næsta árs.**

**VIÐSKIPTI** Fiskur sem seldur er undir vörumerkinu Icelandic Seafood í Norður-Ameríku er ekki alltaf íslensk sjávarafurð. Sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic leigði vörumerkið út fyrir sex árum en vill nú að það verði einungis notað yfir íslenskan fisk.

Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, eiganda Icelandic, sem á vörumerkið Icelandic Seafood, segir að skriflegt samþykki liggi fyrir um að þessu verði hætt á næsta ári. Framtakssjóður Íslands er í eigu lífeyrissjóða og Landsbankans.

„Vörumerkið hefur hingað til ekki verið markaðssett einungis fyrir íslenskar vörur en það er markmið okkar til framtíðar að svo verði og erum við að vinna í að klára það,“ segir Herdís Dröfn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru dæmi um að hvítfiskur frá Asíu, eins og kínversk tilapía, hafi verið seldur í miklu magni vestanhafs undir íslenska merkinu. „Ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um hvaðan þær koma en þetta eru allt hágæða vörur sem eru undir vörumerkinu,“ segir Herdís.

Í frétt Fréttablaðsins á laugardag, um að Icelandic hefði mótmælt skráningu vörumerkisins Icelandic Fish and Chips í Bandaríkjunum, kom fram að High Liner seldi fisk fyrir yfir hundrað milljónir dala á ári undir vörumerkinu.

Icelandic hefur síðustu ár selt stóran hluta af starfsemi sinni og mun starfsemi fyrirtækisins næstu ár snúast að mestu um vörumerkið Icelandic Seafood.

– hg / sjá síðu 6

> Þetta eru allt hágæðavörur sem eru undir vörumerkinu.



Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands

## Páll Óskar í 15 kílóa fjaðraham

**LÍFIÐ** Páll Óskar Hjálmtýsson heldur risatónleika í Laugardalshöllinni á laugardag. Palli ætlar að taka íslenskt tónleikahald á næsta stig og lofar að sýningin verði engu lík. Mikil áhersla er lögð á alla umgjörð. Sex mánuðir fóru til að mynda í að hanna búninga og einn þeirra er skreyttur 15 kílóum af bleikum fjöðrum. – bb / sjá síðu 58



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Halldór Gunnarsson skrifar um sprungið lífeyrissjóðskerfi. 24

**SPORT** Er Grindavík enn í hættu á að falla úr Pepsídeildinni? 34

**TÍMAMÓT** Þríeykið Sigríður Beinteinsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Jógvan Hansen hafa haldið tónleikana Við eigum samleið hátt í 30 sinnum. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **NETVERSLUN**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðvestan og vestan 5-15 m/s í dag, hvassast austast. Rigning NA til. Þykknar upp V-lands. Hiti 4 til 13 stig. SJÁ SÍÐU 40

# Mosaboltarnir rúlla



Áhugafólk flykktist á námskeið í japanskri mosaboltagerð hjá Garðyrkjufélagi Íslands í gærkvöldi. Kokedama, eins og mosaboltagerðin nefnist á japönsku, þróaðist út frá bonsai, hinni gömlu japönsku plöntugerðarlist. Kokedama þykir þó mun auðveldari og fljótlegri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bretar muni sjá eftir Brexit

**ESB** Bretar munu sjá eftir því að yfirgefa Evrópusambandið. Þetta sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á Evrópuþinginu í gær. Sagði Juncker jafnframt að Brexit yrði sorgleg stund fyrir sambandið en að ESB myndi halda ótrautt áfram.

„Brexit er ekki framtíð Evrópu. Það mun ekki marka endalokin,“ sagði forseti framkvæmdastjórnarinnar.

Um var að ræða stefnuræðu framkvæmdastjórnarinnar þegar Evrópuþingið kom saman í Strassborg í gær. **– þea**



Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB

## Topparnir segi frá launum

**ENGLAND** Frá og með júní á næsta ári verða 900 fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllinni á Englandi að gera grein fyrir launamuninum milli yfirmanna og undirmanna. Þau þurfa einnig að réttlæta launamuninn. Forsætisráðherrann, Theresa May, er ein þeirra sem barist hafa fyrir nýju reglunum. Hún hefur sagt launagapið óásættanlegt andlit kapítalismans.

Laun yfirmanna hafa hækkað um 82 prósent frá því árið 2002 og eru laun yfirmanna að meðaltali 5,3 milljónir punda eða 386 sinnum hærri en lægstu laun starfsmanna, að því er vefmiðillinn Metro á Englandi greinir frá.

Launagapið er sagt hafa slæm áhrif á vinnumóralinn og hefur þar af leiðandi mikil áhrif á áhuga og afköst starfsmanna, að því er fulltrúi eins stéttarfélagsins segir í viðtali við Dagens Nyheter. **– ibs**

## Lækka skatta hjá öldruðum

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin boðar tvöföldun á fyrirhugaðri skattalækkun hjá ellilífeyrisþegum í fjárlögum fyrir 2018. Stefnt er að því að afmá í síðasta lagi 2020 skattagjána milli ellilífeyrisþega og launþega sem myndaðist þegar fyrri ríkisstjórn kom á ýmsum frádráttarliðum eingöngu fyrir launþega.

Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, segir að ellilífeyrisþegar eigi ekki að greiða meira en launþegar.

Þegar þingkosningar fara fram í Svíþjóð á næsta ári verða 27,5 prósent kjósenda 65 ára og eldri. **– ibs**



Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar

# Verja á 25 milljónum í æskuslóðir Jóns forseta

**Forsætisráðuneytið vill verja 25 milljónum í endurbætur og viðhald á Hrafnseyri við Arnarfjörð samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. 30 milljónir eiga að fara í heimreið og heimasvæði Bessastaða. Enn þarf að styrkja öryggi Stjórnarráðsins.**

**STJÓRNMÁL** Gert er ráð fyrir að verja 25 milljónum króna í endurbætur og viðhald á húsnæði, eignum og jörð á Hrafnseyri við Arnarfjörð þar sem Jón Sigurðsson, oft nefndur Jón forseti, er fæddur og uppalinn. Í dag er þar menningarsetur og safn til heiðurs Jóni en samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2018 hefur forsætisráðuneytið eyrnamerkt áðurnefnda upphæð til endurbóta og viðhalds þar.

Málefni Hrafnseyrar heyrðu áður undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en heyra nú undir forsætisráðuneytið í kjölfar forsetaúrskurðar í janúar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta.

Fleira forsetatengt er að finna í fjárlagafrumvarpinu hjá forsætisráðuneytinu. Þannig kemur fram að gert sé ráð fyrir 30 milljóna króna framlagi til að mæta útgjöldum vegna framkvæmda við „heimreið og heimasvæði á Bessastöðum“. Viðhaldsþörfin á forsetabústaðnum á Bessastöðum hefur verið nokkur á umliðnum árum en í fyrra voru veittar 7 milljónir króna í að uppfæra öryggismyndavélar á svæðinu. Árið 2016 voru veittar 22,5 milljónir í að sinna uppsafnaðri viðhaldsþörf á Bessastöðum eins og heilmálun, viðgerðum á gluggum og endurnýjun á gleri, viðgerð og endurnýjun gólfefna og viðhaldi á öryggis- og húskerfi og fjarskiptalögnum Bessastaða.

Enn á ný er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið verji umtalsverðum fjármunum í að styrkja öryggismál í Stjórnarráðinu. Er það gert í samræmi við tillögur Ríkislögreglustjóra en embættið veitir þó engar upplýsingar um í hverju þær tillögur felast. Árið 2016 var 15 milljónum veitt í verkefnið en í fjárlagafrumvarpinu 2018 er gert ráð fyrir 17,5 milljónum í að styrkja öryggi Stjórnarráðshússins.

Þó að þegar hafi verið varið 15 milljónum í öryggismál árið 2016 þótti stjórnarráðið engu að síður ekki uppfylla nauðsynlegar öryggiskröfur þegar þjóðaröryggisráð kom saman í júní síðastliðnum. Þá fundaði ráðið á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli en meðal þeirra sem sæti eiga í ráðinu er ríkislögreglustjóri. **mikael@frettabladid.is**



Hrafnseyri við Arnarfjörð þar sem Jón Sigurðsson fæddist 17. júní 1811. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní 1811.




Ljósleiðari hjá Nova!
Leyfðu okkur að lækka hjá þér netreikninginn.
200 GB
Netnotkun 3.990 kr.
Gagnaveitan 2.999 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals 7.679 kr.
2000 GB
Netnotkun 5.990 kr.
Gagnaveitan 2.999 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals 9.679 kr.
Hvað ert þú að borga fyrir netið í dag?
Gerðu verðsamanburð, hafðu samband við okkur og borgaðu minna.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Þú færð Ljósleiðara í verslunum Nova, þjónustuveri í síma 519 1919 eða á nova.is.

# Stefnuræðan dapurlegt framlag í komandi kjaraviðræður

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, gagnrýndi þá pólitík að „ekki megi skattleggja auðinn, ekki megi skattleggja fjármagnseigendur eins og venjulegt launafólk, ekki megi setja sérstakt hátekjuþrep á verulega háar tekjur eins og þær sem skila sér í kaupaukagreiðslum sem margir þingmenn flytja vandlætingarræður um, en heykjast svo á að taka á í gegnum skattkerfið.“ Katrín ræddi einnig stöðu hælisleitenda og spurði hvort samfélag sem vísar 36 börnum úr landi geti talist réttlátt.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði ræðu forsætisráðherra dapurlegt framlag í komandi kjaraviðræður. „Stéttarfélög og félagsmenn eru skömmuð fyrir að krefjast kjarabóta. Nær væri að forsætisráðherra lærði af hinum Norðurlöndunum: Vinnumarkaðslíkan þeirra byggir ekki eingöngu á efnahagslegum stöðugleika heldur líka félagslegum,“ sagði Logi. „Á hinum Norðurlöndunum er fjárfesting hins opinbera í velferðar- og menntakerfinu ásamt umbótum í atvinnulífinu stór hluti af sátt á vinnumarkaði.“

„Í kvöld er það launafólk sem misskilur stöðu sína,“ sagði Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, og gagnrýndi ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokksins fyrir að eyða öllum árangri af baráttu launafólks jafnharðan með skattahækkunum.

„Grunntónn í ræðu hæstvirts forsætisráðherra gefur ekki beinlínis til kynna að það eigi að nýta nokkra tugi milljarða afgang á ríkissjóði til að búa heilbrigðis-, mennta- og samgöngukerfið í haginn fyrir framtíðina,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins. Hann hnýtti einnig í einstaka ráðherra og kenndi landbúnaðarráðherra um hrun í greininni, með því að hafa þrengt að íslenskri matvælaframleiðslu. **– aá**


**Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna í ræðustóli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Umhverfismál eru efnahagsmál

**STJÓRNMÁL** Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra, sagði ánægjulegt að æ fleiri snúist á sveif með Bjartri framtíð og líti á umhverfismál sem mikilvægt efnahagsmál og að stjórnmálamenn séu í auknum mæli að hverfa frá þeirri stefnu að laða beri álver og kísilverksmiðjur til landsins.

Björt ræddi málefni flóttafólks og sagði Bjarta framtíð fagna þeim sem vilji gera Ísland að heimkynnum og að í stefnu flokksins felist ábyrg langtímahugsun þar sem jafnræðis sé gætt. **– aá**


**Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tæknin getur steypt í glötun

**STJÓRNMÁL** Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra telur freistingar og gengdarlausa ágirnd geta steypt þjóðinni í glötun fyrir tilstilli tækninnar.

„Við keppumst við að koma í veg fyrir annað hrun, en næsta bankakreppa verður eflaust ekki eins og sú síðasta. Tæknin getur hjálpað okkur, en hún getur líka steypt okkur í glötun.

Veikleikinn verður alltaf mannlegi þátturinn þar sem freistingar eru margar og ágirnd þeirra sem eiga meira en nóg er oft gengdarlaus,“ sagði Benedikt og hvatti alþingismenn til að sofna ekki á verðinum. – aá

# Vinnumarkaðslíkanið er ónýtt

**Alþingi og stjórnvöld þurfa að sýna raunverulegt þor til að endurskoða menntakerfið, var meðal þess sem Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagði er hann flutti stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar á Alþingi í gær.**

**STJÓRNMÁL** „Krónunum hefur fjölgað. Kjörin hafa stórbatnað. Og þau hafa batnað með svipuðum hætti hjá öllum tekjuhópum. Klisjan um vaxandi ójöfnuð lifir góðu lífi í umræðunni,“ sagði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.

Bjarni vísaði til skýrslu um skattbyrði launafólks frá aldamótum sem sýnir aukna skattbyrði hinna tekjulægstu, en vill horfa á hlutina frá öðru sjónarhorni.

„Við mælum framfarir og lífskjarasókn mun betur með þróun ráðstöfunartekna en skattbyrði.“

Bjarni tók dæmi um ráðstöfunartekjur sambúðaraðila á lágmarkslaunum með tvö börn sem hafi hækkað um þriðjung á föstu verðlagi frá árinu 1998.

Forsætisráðherra sagði að Íslendingar tækju helstu innviðum landsins sem sjálfsögðum hlut og nefndi samgöngu-, mennta- og heilbrigðiskerfi sem dæmi. Gera þyrfti gangskör að uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við kynslóðina sem lagði þann grunn.

„Góð heilbrigðisþjónusta og jafnt aðgengi allra landsmanna er leiðarljós þessarar ríkisstjórnar,“ sagði forsætisráðherra.

Stærsti einstaki veikleiki íslenskra efnahagsmála er hið ónýta vinnumarkaðslíkan að mati forsætisráðherra.

„Nú verðum við að ná meiri samstöðu um viðmiðunartímabil, bæta launatölfræði og umgjörð utan um kjarasamninga auk þess sem koma þarf á skipulagi kjaraviðræðna þar sem samkeppnishæfni þjóðarbúsins er ráðandi um það svigrúm sem kjarasamningar byggjast á.“

Bjarni gerði framþróun og fyrirsjáanlegar breytingar á samfélagi og vinnumarkaði á næstu árum að umtalsefni. „Ljóst er að ríflega þriðjungur starfa á vinnumarkaði mun breytast mikið eða hverfa. Það er jafnframt ljóst að í stað þeirra starfa munu ný störf verða til, störf sem munu krefjast annarrar kunnáttu sem mikilvægt er að við búum komandi kynslóðir undir.“

Bjarni sagði Alþingi og stjórnvöld þurfa að sýna raunverulegt þor til að endurskoða menntakerfið til að undirbúa komandi kynslóðir undir nýjan veruleika.

„Hér reynir mikið á stjórnvöld, atvinnulífið, verkalýðshreyfinguna og menntakerfið. Þessi þróun er og verður mikil áskorun, áskorun sem við verðum að rísa undir og leggja til tíma, kraft og fjármuni,“ sagði forsætisráðherra. **adalheidur@frettabladid.is**


**Bjarni Benediktsson forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína fullur einbeitni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR

TIPO

Með 300.000 kr afslætti.
DÆMI: Hatchback Easy 2.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 2.690.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ
- 300.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Fiat hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðið gildir til 30. september 2017

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# SUMRI HALLAR, HAUSTA FER SMURIÐ KALLAR Í SEPTEMBER

**Sértilboð á smurþjónustu 14.-30. september hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota**




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Forstjóri Hörpu sver af sér aðkomu að tugmilljónamáli Sigur Rósar

**VIÐSKIPTI** Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, segist enga persónulega aðkomu hafa átt að málum er varða tugmilljóna greiðslu sem tónleikahaldarinn Kári Sturluson fékk af miðasölu á tónleika Sigur Rósar sem eiga að fara fram í desember.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að 35 milljónir króna af miðasölu tónleikanna hefðu verið greiddar út til Kára sem hann mun síðan hafa ráðstafað í annað viðburðinum og hljómsveitinni óviðkomandi. Heimildir eru fyrir því að forstjóri Hörpu hafi komið að því að veita Kára fyrirframgreiðsluna. En slíkar greiðslur eru nokkuð sem kunnugir telja óeðlilegt. Svanhildur vildi ekki tjá sig um málið á þriðjudag er Fréttablaðið leitaði skýringa og spurði um hennar þátt. Það væri grundvallaratriði hjá Hörpu að tjá sig ekki um einstaka viðburði, viðskiptamenn eða samskipti við þá.



Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu

Í tölvupósti til Fréttablaðsins í gær sver Svanhildur af sér persónulega aðkomu að málinu. Segir hún Hörpu gera samninga við tónleikahaldara sem séu að fullu ábyrgir fyrir þeim viðburðum. Tónleikahaldarinn eigi miðasölu af þeim viðburði sem hann sé ábyrgur fyrir og samningar tónleikahaldara við listamenn séu án aðkomu eða ábyrgðar Hörpu. Farið hafi verið í einu og öllu að gildandi samningi. Kveðst hún ekki hafa haft nokkur samskipti við umræddan tónleikahaldara frá því miðasala fór af stað í maí og þar til nú í ágúst.

Kári Sturluson kvaðst í yfirlýsingu í gær hafa staðið við sinn hlut og vænta þess að aðrir aðilar samkomulagsins geri slíkt hið sama. Hann hefur ekki svarað ítrekuðum símtölum né skriflegri fyrirspurn þar sem óskað er eftir skýringum á þessum greiðslum.

Svanhildur vildi í gær ekki svara spurningum um málið. Í yfirlýsingu Hörpu og Sigur Rósar í gærkvöldi segir að unnið sé í anda samvinnu og trausts að tónleikunum. **– smj**



**Flóttamenn undan strönd Túnis.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hlé á móttöku kvótaflóttafólks

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld ætla að framlengja hléið á móttöku kvótaflóttamanna sem þau gerðu í fyrra. Áður hafði verið tekið á móti 1.500 kvótaflóttamönnum á þriggja ára tímabili.

Inger Støjberg, ráðherra innflytjendamála, segir að þótt hælisleitendum hafi fækkað hafi þeir verið um 56 þúsund undanfarin fimm ár. Reikna megi með að margir þeirra fái fjölskyldur sínar til sín. Þess vegna sé ekki mögulegt að taka á móti kvótaflóttamönnum í ár.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir 40 þúsund flóttamenn í brýnni þörf fyrir að komast til öruggra ríkja. **– ibs**

## Norðursigling velti milljarði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Rekstrartekjur hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar á Húsavík í fyrra námu 1.041 milljón króna. Jukust þær um 34 prósent frá árinu á undan.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi Norðursiglingar. Samkvæmt honum hagnaðist fyrirtækið um 48 milljónir króna í fyrra. Afkoman var þá tveimur milljónum lægri en árið á undan. Fyrirtækið átti í árslok 2016 eignir upp á 1,3 milljarða en skuldaði 889 milljónir. Það rekur einnig veitingastaðina Gamla Bauk, Café Hvalbak og Húsavíkurslipp. **– hg**

# Fiskur frá öðrum heimsálfum undir merki Icelandic Seafood

**Fiskur sem seldur er undir vörumerkinu Icelandic Seafood í Norður-Ameríku er ekki alltaf íslensk sjávarafurð. Icelandic leigði vörumerkið út fyrir sex árum en vill nú að það verði einungis notað yfir íslenskan fisk.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikið magn af fiski sem seldur er í Norður-Ameríku undir vörumerkinu Icelandic Seafood er ekki íslensk sjávarafurð. Svo hefur verið um langt skeið en sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic leigði vörumerkið til kanadíska matvælafyrirtækisins High Liner Foods árið 2011.

„Það er staðreynd en það er skriflegt samþykki okkar á milli að því verði hætt. Við gerð nýs samnings á næsta ári verður því alfarið hætt. Vörumerkið hefur hingað til ekki verið markaðssett einungis fyrir íslenskar vörur en það er markmið okkar til framtíðar að svo verði og erum við að vinna í að klára það,“ segir Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, eiganda Icelandic, sem á vörumerkið Icelandic Seafood og heldur utan um markaðssetningu og skráningu þess í Norður-Ameríku.

Icelandic, áður Icelandic Group, gerði árið 2011 sérleyfissamning við High Liner, eitt stærsta fyrirtækið í sölu sjávarafurða í Bandaríkjunum, um sölu á frosnum fiski vestanhafs undir vörumerkinu. Það var fyrst skráð í Bandaríkjunum árið 1973 en samkomulagið var liður í sölu Icelandic á starfsemi fyrirtækisins í Bandaríkjunum og Kína. Síðan þá hefur kanadíska fyrirtækið átt rétt á notkun vörumerkisins í Bandaríkjunum, Kanada, og Mexíkó, en það samdi einnig um kaup og dreifingu á íslenskum sjávarafurðum á þessum mörkuðum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru dæmi um að hvítfiskur frá Asíu, eins og kínversk tilapía, hafi verið seldur í miklu magni vestanhafs undir íslenska merkinu.




**Icelandic samdi við High Liner Foods árið 2011 um sölu á frosnum fiski vestanhafs.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um hvaðan þær koma en þetta eru allt hágæðavörur sem eru undir vörumerkinu.



Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands

„Ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um hvaðan þær koma en þetta eru allt hágæðavörur sem eru undir vörumerkinu. Við erum með mikið gæðaeftirlit og förum vel yfir hvaða vörur fara þarna undir. Við höfum viljað standa vörð um að vörumerkið sé í eigu Íslendinga og að vörur sem fara þar undir til framtíðar séu allar íslenskar,“ segir Herdís, en Framtakssjóður Íslands er í eigu fimmtán lífeyrissjóða og Landsbankans.

Samkomulagið við High Liner gildir til desember 2018. Nýr samningur er að sögn Herdísar langt kominn en forsvarsmenn kanadíska fyrirtækisins hafa nú þegar samþykkt að allar vörur undir Icelandic Seafood verði íslenskar að uppruna. Aftur á móti taki tíma að ná þeirri breytingu í gegn. Í frétt Fréttablaðsins á laugardag, um að Icelandic hefði mótmælt skráningu vörumerkisins Icelandic Fish and Chips í Bandaríkjunum, kom fram að High Liner seldi fisk fyrir yfir hundrað milljónir dala á ári undir vörumerkinu.

„Mörgum árum áður en við eignuðumst Icelandic voru vörur seldar undir vörumerkinu sem voru ekki að öllu leyti íslenskar,“ segir Herdís Dröfn en Framtakssjóðurinn eignaðist Icelandic í ágúst 2010.

Icelandic hefur síðustu ár selt stóran hluta af starfsemi sinni, þar á meðal dótturfyrirtæki í Evrópu, og mun starfsemi fyrirtækisins næstu ár snúast að mestu um vörumerkið Icelandic Seafood.

**haraldur@frettabladid.is**

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

KEFLAVÍKUR

OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

Með öllum margskiptum glerjum fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika



Ábyrgðar- og þjónustuaðilar: Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811

# HEILSUDAGAR




**ÚRBEINUÐ KJÚLINGALÆRI**
1.759 kr/kg
verð áður 2.199

**KJÚKLINGA-LEGGIR**
649 kr/kg
verð áður 999

**KJÚKLINGA-VÆNGIR**
297 kr/kg
verð áður 349

**HEILL KJÚKLINGUR**
594 kr/kg
verð áður 699

**KJÚKLINGA-BRINGUR**
1.698 kr/kg
verð áður 1.998

Nýjungar




**VÍTAMÍN ÚÐAR**
Úðar undir tungu tryggja hámarks upptöku.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




**GULI MIÐINN VÍTAMÍN**
Í Gula miðanum eru margar stakar vítamín tegundir og einnig blöndur sem hafa verið sérhannaðar fyrir Íslendinga.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




**BSN**
Gæða fæðubótarefni í úrvali.

249 kr/stk
verð áður 299




**FULFIL VÍTAMÍN- OG PRÓTEINSTYKKI**
20 g prótein, 9 vítamín. Lítill sykur.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




**BEARS**
Skemmtilegt morgunkorn. Holt og gott ávaxtanammi.

Nýtt í Hagkaup




**LEMONAID**
Svalandi lífrænt límonaði.

Gildir til 17. september á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Vetnissprengjan gæti hafa verið öflugri en talið var

**NORÐUR-KÓREA** Vetnissprengjan sem norðurkóreski herinn sprengdi neðanjarðar fyrr í mánuðinum gæti hafa verið mun öflugri en upphaflega var talið. Þetta sýna niðurstöður Kóreustofnunar John Hopkins-háskóla í Bandaríkjunum.

Upphaflega var kraftur sprengjunnar talinn vera á bilinu fimmtíu til 160 kílótonn en til samanburðar var kraftur sprengjunnar sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hírósíma í síðari heimsstyrjöld um fimmtán kílótonn. Samkvæmt hinni nýju rannsókn var kraftur vetnissprengjunnar, sem sprengd var þann 3. september, hins vegar um 250 kílótonn.

Tilraunin vakti mikla reiði heimssamfélagsins og voru nýjar viðskiptaþvinganir gegn einræðisríkinu samþykktar í vikunni. Þá búa Bandaríkin og Suður-Kórea sig nú undir hið versta.

Jim Mattis, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, heimsótti kjarnorkuvopnabúr í Norður-Dakóta í gær. Þar eru rúmlega hundrað kjarnorkueldflaugar geymdar sem og herflugvél sem ætlað er að varpa kjarnorkusprengjum. Suður-Kóreumenn standa aftur á móti í stífum heræfingum þessa dagana. – þea



**Kim Jong-un lét sprengja 250 kílótonna vetnissprengju.** NORDICPHOTOS/AFP

BETRI ÁKVARÐANATAKA
@RISK
Advanced Risk Analysis for Spreadsheets
Áhættugreining með @RISK
www.grm.is fyrirtækjaráðgjöf



**Sveinn Gestur Tryggvason er ákærður fyrir stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða Arnars Jónssonar Aspar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Æsingsóráðið banvæna

**Aðalmeðferð í máli Sveins Gests Tryggvasonar fer fram í dag. Um er að ræða mjög sjaldgæft tilfelli dauðsfalls af völdum æsingsóráðs, segir sérfræðingur.**

**DÓMSMÁL** Afar sjaldgæft er að æsingsóráðsheilkenni valdi dauða í kjölfar átaka milli tveggja óbreyttra borgara, segir réttarmeinafræðingurinn Sebastian Kunz. Aðalmeðferð í dómsmáli gegn Sveini Gesti Tryggvasyni hefst í dag.

Sveinn Gestur er ákærður fyrir stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða Arnars Jónssonar Aspar. Samkvæmt ákæru lést Arnar af völdum nokkurra samhangandi þátta, þar á meðal æsingsóráðs.

Heilkennið æsingsóráð (e. excited delerium) virðist valda mörgum heilabrotum, ekki síst vegna þess að það virðist nær eingöngu valda dauðsföllum við handtökur og önnur átök einstaklinga við lögreglu.

„Heilkennið hefur verið töluvert mikið rannsakað meðal erlendra sérfræðinga,“ segir Kunz og bendir á vefinn PubMed, en þar má finna yfir 100 rannsóknir um heilkennið. Þá elstu frá árinu 1983. Sjálfur hefur hann unnið að rannsóknum á dauðsföllum í kjölfar rafbyssubeitingar undanfarin 10 ár.

„Svona tilvik er hins vegar mjög sjaldgæft,“ segir Kunz og vísar þar til dauða Arnars.

„Langalgengast er að það komi fram við handtöku eða önnur átök við lögreglu,“ segir Kunz. Rannsóknir sýni að mjög óalgengt sé að einstaklingur komist í svo mikinn hugaræsing og líkaminn bregðist svo órökrétt við í samskiptum við annan einstakling, að það valdi dauða.

Aðspurður segir Kunz hluta ástæðunnar þó kunna að vera að þau tilvik þar sem lögregla á ekki hlut að máli séu síður rannsökuð.

„Sá sem framkvæmir krufninguna þarf að þekkja til heilkennisins og einkenna til að ganga úr skugga um að það sé orsakaþáttur,“ segir Kunz. Tímaramminn skipti einnig miklu máli, því það verði erfiðara að greina einkennin eftir því sem lengri tími líði frá dauðsfallinu. Grunur um að heilkennið sé orsakaþáttur þarf því að vakna strax eða mjög fljótlega til að hægt sé að leita eftir því með áreiðanlegum hætti.

Kunz líkir ástandi þess sem haldinn er heilkenninu við líkamsástand í kjölfar maraþonhlaups þar sem líkaminn er á barmi uppgjafar.

„Líkaminn hefur þann eiginleika að hægja mjög á sér við of mikla áreynslu, til að verja sig,“ segir Kunz.

„Heilkennið kemur hins vegar fram þegar um mikla áreynslu er að ræða en aðrir þættir valda því að sá eiginleiki líkamans að slökkva á sér verður óvirkur. Við það fer líkaminn svo langt fram yfir það sem náttúrulegt og heilsusamlegt er í yfirkeyrslu að það veldur dauða.“

> **Við það fer líkaminn svo langt fram yfir það sem náttúrulegt og heilsusamlegt er í yfirkeyrslu að það veldur dauða.**
>
> Sebastian Kunz, réttarmeinafræðingur



Aðspurður nefnir Kunz notkun örvandi efna, geðræna kvilla og mikinn hugaræsing sem dæmi um það sem valdið geti því að líkaminn hægi ekki á sér eins og hann á að gera.

Varðandi mikilvægi þjálfunar lögreglumanna í að þekkja heilkennið og bregðast rétt við því nefnir hann dæmi frá Bandaríkjunum þar sem koma hefði mátt í veg fyrir dauða ef lögreglumenn hefðu fengið viðeigandi þjálfun.

Starfandi lögreglumenn og lögregluþjálfarar á Íslandi fengu fræðslu um æsingsóráðsheilkennið fyrr á þessu ári.

„Það var þjálfari frá lögreglunni í Ontario í Kanada, vottaður af Institute for the Prevention of In-Custody Deaths, sem hélt erindið og fór meðal annars sérstaklega yfir einkenni og viðbrögð,“ segir Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar. Lögreglufræðinemar við Háskólann á Akureyri hafi líka fengið fræðslu.

Fæstir sem Fréttablaðið ræddi við í refsivörslukerfinu þekktu mikið til heilkennisins umfram þau tvö dauðsföll sem þekkt eru hér. Auk tilviksins sem kemur við sögu í dómsmál í dag lést maður árið 2007 í kjölfar handtöku á Hótel Sögu. Ákæra var ekki lögð fram í því máli en niðurstaða krufningar leiddi í ljós að maðurinn hefði látist af völdum heilkennisins. **adalheidur@frettabladid.is**







SUBARU
Confidence in Motion




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83594

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan SUBARU ef þú pantar fyrir 30. september

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Irma olli miklu tjóni. NORDICPHOTOS/AFP

# Fimm fórust eftir Irmu

**BANDARÍKIN** Fimm létust á hjúkrunarheimili í Flórída í gær eftir að fellibylurinn Irma gekk þar yfir. Hjúkrunarheimilið, sem er í Hollywood í Flórída, hefur verið rafmagnslaust dögum saman og var það rýmt í gær enda afar heitt þar inni þar sem loftræsting virkar ekki.

Tíu milljónir eru enn án rafmagns í Flórída, Georgíu og Suður- og Norður-Karólínu vegna Irmu en á þriðja tug fórust af völdum stormsins í Bandaríkjunum. Til viðbótar fórust á fjórða tug á eyjum Karíbahafsins vegna hamfaranna.

Irma gekk á land í Flórída á sunnudagsmorgun sem fjórða stigs fellibylur. Yfir landi veiktist stormurinn og var Irma orðin hitabeltisstormur á mánudag.

**Tíu milljónir eru enn án rafmagns í Flórída eftir að Irma gekk yfir ríkið.**

Fleiri eldri borgarar eru í hættu í Flórída en rafmagnslaust er í fimmtán þúsund manna samfélagi eldri borgara í Pembroke Pines. Eru sumir íbúanna fastir í herbergjum sínum þar sem lyftur virka ekki. Í gær var 32 stiga hiti í Pembroke Pines og vegna rafmagnsleysisins virkar loftræsting ekki á svæðinu svo hitinn verður hættulegur.

Amanda Conwell, talsmaður lögreglu í Pembroke Pines, sagði við Miami Herald í gær að lögregluþjónar vöktuðu nú svæðið. Íbúar væru í viðkvæmri stöðu og lögregla hefði talsverðar áhyggjur af velferð þeirra.

Betur fór þó í Flórída en á horfðist. Er það annars vegar vegna þess að Irma sveigði til vesturs og þurfti því að fara lengri leið yfir land áður en hún gekk yfir þéttbýliskjarna. Hins vegar hafði ríkið mikinn tíma til undirbúnings. – þea

# Skrópar á allsherjarþingi en óttast ekki að vera gagnrýnd

**Aung San Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar, mun ekki mæta á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Hún sætir gagnrýni fyrir að fordæma ekki ofbeldi í garð Rohingja í landi sínu. Herinn er afar valdamikill í Mjanmar og því ólíklegt að Suu Kyi geti bundið enda á ofbeldið. Hún er þó gagnrýnd fyrir þögn sína um ofsóknirnar.**

**MJANMAR** Aung San Suu Kyi, ríkisráðgjafi, utanríkisráðherra og leiðtogi Mjanmar, mun ekki mæta á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í næstu viku. Aung Shin, talsmaður ríkisstjórnarinnar, sagði við Reuters í gær að Suu Kyi hefði „ef til vill mikilvægari mál á dagskránni“.

Shin sagði jafnframt að Suu Kyi óttaðist aldrei gagnrýni eða að taka á málunum. Líklegt þykir að Mjanmar verði gagnrýnt á þinginu fyrir það sem mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur kallað þjóðernishreinsanir á þjóðflokknum Rohingjum í Rakhine-héraði Mjanmar. Rohingjar eru múslimar og segja mannúðarsamtök að þeir hafi sætt ofsóknum í áratugi.

Nærri 400.000 Rohingjar hafa nú flúið ríkið til Bangladess frá því að ný átök brutust út í lok síðasta mánaðar. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum brenna lögreglumenn og almennir borgarar bæi Rohingja til grunna og taka þá af lífi án dóms og laga. Kveikjan að átökunum var árás skæruliða úr þjóðflokknum á lögreglustöð.

Þess er skemmst að minnast að Suu Kyi mætti á allsherjarþingið í fyrra í fyrsta sinn sem þjóðarleiðtogi. Sagði hún ríkisstjórn sína gera sitt besta til að skera á hnútinn og koma betur fram við Rohingja.

En líkt og áður hefur komið fram sagði Suu Kyi á dögunum að umfjöllun um ofbeldið í Rakhine grundvallaðist á misskilningi. „Við vitum betur en flestir hvað það þýðir að verða fyrir mismunun og fá ekki að njóta mannréttinda. Þess vegna göngum við úr skugga um að allir íbúar ríkisins séu öruggir fyrir slíkri mismunun.“

Suu Kyi, sem er handhafi friðarverðlauna Nóbels, hefur sætt mikilli gagnrýni annarra verðlaunahafa og þjóðhöfðingja fyrir að leyfa ofsóknum í garð Rohingja að halda áfram og fyrir að þegja um vandann.

Eins og áður segir er Suu Kyi þó ekki forsætisráðherra Mjanmar. Hún er ríkisráðgjafi. Sú staða var sérstaklega búin til svo Suu Kyi gæti gegnt hlutverki þjóðarleiðtoga en herforingjastjórnin sem ríkti áður en Suu Kyi tók við breytti stjórnarskránni svo enginn sem ætti erlendan maka eða börn gæti orðið forseti. Forseti Mjanmar heitir Htin Kyaw. Hann er samkvæmt lögum þjóðhöfðingi en í raun og veru er Suu Kyi yfirmaður hans, að því er BBC greinir frá.



Leiðtogi Mjanmar mætti á allsherjarþingið í fyrra en ætlar að sitja hjá í ár. NORDICPHOTOS/AFP

**Hún hefur ef til vill mikilvægari mál á dagskránni. Suu Kyi óttast þó aldrei gagnrýni eða að taka á málunum.**

Aung Shin, talsmaður ríkisstjórnar Mjanmar

Þegar herforingjastjórnin lét af völdum tryggði hún þó að herinn gegndi áfram lykilhlutverki í stjórn landsins. Samkvæmt lögum á herinn fjórðung þingsæta og stýrir þremur mikilvægum ráðuneytum, það er innanríkisráðuneytinu, varnarmálaráðuneytinu og ráðuneyti landamæra. Þar af leiðandi stýrir herinn einnig lögreglu landsins.

Herinn er opinberlega andvígur Rohingjum og lítur svo á að hann berjist við hryðjuverkamenn sem fái fjárstyrki frá erlendum aðilum og samkvæmt BBC er stór hluti almennings á sama máli. Þá er flokkur Suu Kyi ekki í meirihluta á héraðsþingi Rakhine. Þar eru þjóðernishyggjumenn í meirihluta og eru flokksmenn dyggir stuðningsmenn hersins.

Ljóst er því að Suu Kyi hefur ekki næg völd til að binda enda á ofbeldið í Rakhine-héraði í snatri og segir Jonathan Head, blaðamaður BBC í Suðaustur-Asíu, að stór hluti kjósenda myndi snöggreiðast Suu Kyi ef hún færi að tala máli Rohingja.

thorgnyr@frettabladid.is




# Ekki víst að flensa verði jafn skæð hér og í Ástralíu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er í raun ekkert hægt að segja fyrr en inflúensa byrjar um hvort hún verði verri hér en í fyrra. Þótt hún hafi verið verri í Ástralíu er ekki hægt að segja að það verði eins á norðurhveli jarðar,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Heilbrigðisstofnun Bretlands (NHS) hefur varað við því að sjúkrahús þurfi nú að búa sig undir skæðan inflúensufaraldur. Frá þessu greindu breskir miðlar í gær.

Inflúensa hefur verið skæð í vetur í Ástralíu, á meðan sumar var hjá okkur, einkum meðal barna og aldraðra. Þá greinir Daily Mail frá því að heilbrigðisyfirvöld hafi áhyggjur af því að bóluefnið passi illa við inflúensufaraldur ársins. Þar af leiðandi hafi faraldurinn nú verið einn sá versti í manna minnum í Ástralíu.

Þórólfur segir þó orðum aukið að tala um hrikalegan faraldur í Ástralíu þótt hann hafi verið verri en oft áður. Þá segir hann erfitt að segja til um hvernig faraldurinn verði á Íslandi.

„Enn sem komið er eru þetta getgátur að mínu mati. Það breytir því þó ekki að við þurfum að undirbúa okkur undir að inflúensan gæti orðið skæð. Við gerum það með því að hvetja fólk með undirliggjandi áhættuþætti til að fara í bólusetningu. Hún er það eina sem við höfum til að fyrirbyggja inflúensuna,“ segir Þórólfur og bendir á að bóluefnið sé misgott á milli ára enda breytist inflúensan.

**Við þurfum að búa okkur undir að inflúensan gæti orðið skæð.**

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir



Þá segir Þórólfur að keypt verði meira bóluefni í ár en áður, eða 65.000 skammtar samanborið við 60.000 í fyrra. Aukin ásókn hafi leitt til þess. – þea

Úrval ferða-
fylgihluta frá
Go Travel með
25% afslætti




# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM FERÐAVÖRUM
## FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**14.–24. september**



■ 16"
Verð með afslætti **5.999**
Verð áður 7.999

### Guardit fartölvubakpokar og töskur
Fáanleg í nokkrum stærðum og litum.

■ 13-14"
Verð með afslætti **5.999**
Verð áður 7.999



### Funshine ferðatöskur
Með 4 hjólum, fáanlegar í nokkrum litum og stærðum.

■ 55 sm
Verð með afslætti **7.492**
Verð áður 9.990

■ 66sm
Verð með afslætti **8.992**
Verð áður 11.990

■ 79 sm
Verð með afslætti **10.492**
Verð áður 13.990



### Base Boost flugtaska
55 sm Verð með afslætti **12.742**
Verð áður 16.990




### Smarttop flugtaska
55 sm Verð með afslætti **17.990**
Verð áður 29.990




### Streamlife flugtaska
55 sm Verð með afslætti **19.990**
Verð áður 34.990




Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**


Féð brást misjafnlega við því að vera rekið úr safngirðingunni yfir í almenninginn. Flestar kindurnar bárust þangað með straumnum en ein og ein stökk hæð sína í loft upp.

# Réttað í skugga tillagna ráðuneytisins

Réttað var í einni fjárflestu rétt landsins, Þverárrétt í Þverárhlíð, síðastliðinn mánudag. Byrjað var að draga þegar safnið kom niður á sunnudegi en alls voru í því hátt í 20 þúsund fjár. Bændur og fjárdráttarmenn gleymdu stöðunni í greininni í stutta stund og nutu þess að draga í sundur afrakstur sauðburðarins í blíðskaparveðri. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á staðnum og festi fjárdrátt Borgfirðinga á filmu.


Á milli þess sem dregið er getur verið ágætt að ræða daginn og veginn.


Fyrst um sinn er gott að læra af reyndara fólki.


Sumir bændur reyna eftir fremsta megni að velja kollótt líflömb í stað hyrndra. Slíkt getur dregið úr líkum á mörðum lærum eftir réttardaginn.


Þessi kind frá Bakkakoti fór í störukeppni og hafði betur.


Mönnum gekk misvel að hafa stjórn á dýrunum.


Í dagslok voru kindurnar ýmist reknar eða keyrðar heim á leið.






Abercrombie
& Fitch
FIRST INSTINCT

the new fragrance for men and women

Við kynnum til leiks Abercrombie & Fitch!
**20% kynningarafsláttur** 14.–20. september.
**Komið, finnið og upplifið þessa frábæru ilmi**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# HERRAKVÖLD

FRÁBÆR TILBOÐ OG SPENNANDI DAGSKRÁ



**OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD**

# SMÁRALIND

**Epli**
30%
afsláttur af öllum KNOMO töskum

**A4**
25%
afsláttur af öllum vörum

**The Body Shop**
25%
afsláttur af verði allra vörutegunda

**Café Adesso**
2.190 KR.
Adesso ostborgari eða Bernaiseborgari með frönskum og gosi

**Cortefiel**
25%
afsláttur af öllum vörum

**Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**XL Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**Lyfja**
25%
afsláttur af herrailmum og fylgihlutum og Biotherm og Loréal herrasnyrtivörum

**66° North**
20%
afsláttur af Bylur rúllukragapeysu

**AIR**
20%
afsláttur af öllum skóm

**Blekhylki.is**
20%
afsláttur af öllum símaveskjum

**Cintamani**
20%
afsláttur af úlpum og yfirhöfnum

**comma,**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Corner**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Drangey**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Dýrabær**
20%
afsláttur af völdum vörum

**Esprit**
20%
afsláttur af öllum vörum

**galleri sautján**
20%
afsláttur af öllum vörum

**gs skór**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Hagkaup** – Skemmtilegast að versla
20%
afsláttur af JBL hátölurum, herrahárvörum í raftækjadeild, JBS herranærfötum, F&F herrafatnaði og öllum snyrtivörum

**herra Garðurinn** – klæðir þig vel
2 FYRIR 1
af Finucci skyrtum
**20% afsláttur** af öllum Gardeur buxum og sérvöldum jakkafötum. **40% afsláttur** af léttum Finucci frökkum

**Hlölla bátar**
1.290 KR
Hlöllabátur mánaðarins og gosglas

**iglo+indi**
20%
afsláttur af völdum vörum

**Jens**
20%
afsláttur af öllum vörum nema 10% afsláttur af gullskartgripum

**Karakter** konur
20%
afsláttur af öllum vörum

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

## TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

**Kaupfélagið**
20%
afsláttur af
öllum skóm

**Levi's**
20%
afsláttur af
öllu í herradeild

**LINDEX**
20%
afsláttur af
öllum vörum

**Líf & List**
SMÁRALIND
20%
afsláttur af öllum glösum
og grillvörum
10%
afsláttur af öllum öðrum vörum

**MAKE UP STORE**
20%
afsláttur af öllum vörum
30%
afsláttur af völdum vörum

**SKECHERS**
20%
afsláttur af
öllum skóm

**skórnir þínir**
20%
afsláttur af
öllum skóm

**SMÁRA BÍÓ**
2 FYRIR 1
á American Made kl. 22.40
Komið og slakið á með
Tom Cruise eftir daginn

**World Class ICELAND**
20%
afsláttur af Laugar Spa
FACE BODY HOME
og All Star vörum

**XO**
FUN · FAST · FUSION
20%
afsláttur af öllum flatbökum
10%
afsláttur af öðru á matseðli

**DÚKA**
15%
afsláttur af öllum vörum
og girnileg sértilboð

**JACK & JONES**
15%
afsláttur af öllum vörum
og vel valin tilboð

**JOE & THE JUICE**
COFFEE, JUICE AND MUCH MORE
15%
afsláttur af öllum réttum
á matseðli

**JÓN & ÓSKAR**
15%
afsláttur af
öllum vörum nema
trúlofunarhringjum

**SELECTED**
FEMME / HOMME
15%
afsláttur af öllum vörum
og vel valin tilboð

**Superdry.**
極度乾燥(しなさい)
15%
afsláttur af
völdum vörum

**vodafone**
15%
afsláttur af rauðum og gylltum
iPhone 7 128 GB og
iPhone 7 Plus 128 GB



*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# TILBOÐ OG SKEMMTUN FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

# SMÁRALIND

MOA
3 FYRIR 2
af öllu skarti
20%
afsláttur af öðrum vörum

MODUS hár og snyrtistofa
20%
afsláttur af öllum vörum í verslun

PANDORA
20%
afsláttur af öllum vörum

serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX
2.199 KR
Bolaskál og Kristall

Síminn
20.000–40.000
kr. afsláttur af Google Pixel farsímum
**Verðdæmi:**
Google Pixel 128 GB Plus 99.990 kr. (Fullt verð 139.990 kr)

SMÁRA TIVOLI
1.500 KR
Hressing fyrir tvo og 30 mínútur í Pool
Aldurstakmarks 20 ára

SPRINGFIELD
20%
afsláttur af öllum vörum

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
20%
afsláttur af öllum skóm

ÚTILÍF
20%
afsláttur af öllum vörum
50%
afsláttur af öllum reiðhjólum

women'secret PRETTY COMFORTABLE & SEXY
20%
afsláttur af öllum vörum

## DAGSKRÁ Á HERRAKVÖLDI

KYNNIR ER SVALI Á K100

**20.00** **ARNAR INGI** TRÚBADOR TEKUR LAGIÐ
**21.00** **HELGI BJÖRNS** RÍFUR UPP STEMNINGUNA
**21.30** **HAPPDRÆTTI** AÐALVINNINGAR DREGNIR ÚT

## STEMNING Á GÖNGUGÖTUNNI KL. 19-22

**Tryllitækjasýning** fyrir vetrarævintýrin í boði Nítró, **DJ Jónas Óli** og **DJ Fúsi** ásamt hljóðfæraleikurum, **Pop Up rakarastofa** Modus hár- og snyrtistofu og fleira.

## SPENNANDI HAPPDRÆTTI

1. VINNINGUR
**50.000 KR.**
GJAFAKORT FRÁ SMÁRALIND

2. VINNINGUR
**15.000 KR.**
HERRAPAKKI FRÁ MODUS HÁR- OG SNYRTISTOFU

3. VINNINGUR
**15.000 KR.**
GJAFABRÉF FRÁ JACK & JONES

AUK FJÖLMARGRA GLÆSILEGRA AUKAVINNINGA

## OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Stál í stál á þingi í stjórnarskrármálinu

**Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna greinir á um hvernig túlka megi orð forseta Íslands um stjórnarskrárbreytingar í ræðu við þingsetningu. Formaður Framsóknarflokksins leggur áherslu á breytingar í skrefum. Píratar vara við bútasaumi við endurskoðun.**

**STJÓRNMÁL** Algjör óeining virðist vera um það á meðal stjórnmálaflokkanna hvernig standa eigi að breytingu á stjórnarskránni. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hvatti til þess við setningu Alþingis í gær að lögð yrði áhersla á breytingar á stjórnarskránni.

„Við óbreytt ástand verður ekki unað. Eftir óbreyttu verklagi verður ekki unnið,“ sagði Guðni þegar hann ræddi ákvæði stjórnarskrárinnar um stjórnskipulega stöðu forseta Íslands. Túlkun forystumanna stjórnarandstöðuflokkanna á ræðu hans er mjög misjöfn. Þeir eru þó sammála um að breyting á ákvæðum um forsetann sé ekki forgangsverk.

„Ég hjó eftir því að forsetinn talaði um það núna, og í innsetningarræðunni í fyrra, að það væri hægt að ná áföngum sem skipta máli. Hann taldi upp þau atriði sem ég lagði fram í frumvarpi í fyrrahaust en náðu því miður ekki fram að ganga. Augljóslega styð ég þær hugmyndir sem þá var verið að vinna að sem samkomulag. En það hefur verið þannig, alveg eins og fram kom hjá forsetanum, að þeir sem lengst vilja ganga vilja annaðhvort algjöra byltingu á stjórnarskránni eða ekkert. Þess vegna stoppaði þetta í fyrrahaust og ég skal ekki segja hvort sá hópur er til í eitthvað annað núna,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir flokkinn vera tilbúinn í breytingar í áföngum.

Katrín Jakobsdóttir segist vonast til þess að það náist sátt um að koma einhverjum breytingum í gegn á þessu kjörtímabili. „Og að við horfum líka til lengri tíma þannig að það séu ekki bara þau atriði sem hann nefndi í ræðu sinni í gær heldur séum við að horfa fram til heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar,“ segir hún.

> **Það hefur verið þannig, alveg eins og fram kom hjá forsetanum, að þeir sem lengst vilja ganga vilja annaðhvort algjöra byltingu á stjórnarskránni eða ekkert.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokkur



Katrín telur að ákvæði eins og umhverfisvernd og sameign á þjóðareignum eigi að vera í forgangi við breytingar á stjórnarskránni. „Sem eru þau ákvæði sem þjóðin hefur lýst stuðningi við. Sem og ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það eru þau ákvæði sem ég tel að ætti að setja í forgang. En það liggur fyrir að það þarf að fara yfir og endurskoða kaflann um forsetaembættið,“ segir Katrín.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segist sammála forsetanum í því að gera þurfi breytingar á ákvæðum varðandi forsetaembættið. „Ég held hins vegar að það megi ekki gera lítið úr því að það eru þrjú til fjögur önnur stjórnarskrárákvæði sem er jafn mikilvægt að leiða til lykta. En þetta skiptir máli og í raun leggjum við áherslu á að það verði unnið áfram að gerð nýrrar stjórnarskrár með hliðsjón af tillögu stjórnlagaráðs,“ segir hann.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, segir mikilvægt að ráðast í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á grundvelli vinnu stjórnlagaráðs. Birgitta varar við því sem hún kallar bútasaum við stjórnarskrárbreytingar. Hún hefur skrifað þingsályktunartillögu um stjórnarskrármál sem byggð er á hugmyndum sem voru ræddar í fimm flokka stjórnarmyndunarviðræðum eftir síðustu kosningar.

„Það er búið að vinna rosalega mikla og góða vinnu og kaflinn um forsetann í stjórnarskránni sem fór í þjóðaratkvæðagreiðslu er bara mjög í samræmi við það sem forsetinn var að kalla eftir. Þannig að ég sé enga ástæðu til að vera að búta þetta í sundur,“ segir Birgitta Jónsdóttir.

jonhakon@frettabladid.is



Forseti Íslands segir ekki hægt að vinna við óbreytt verklag. Forsætisráðherra boðaði fulltrúa stjórnmálaflokkanna á fund til sín 16. ágúst síðastliðinn til að ræða vinnu við breytingar á stjórnarskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Kvennaleikfimi grindarbotn

Nýtt 8 vikna námskeið hefst þriðjudaginn 19. september næstkomandi kl. 16.30 í Táp sjúkraþjálfun, Hlíðasmára 15, Kópavogi.

Frábært námskeið fyrir konur á öllum aldri sem vilja leggja grunn að betri heilsu og líðan.

- Finnur þú fyrir veikleika- eða spennueinkennum í grindarbotni?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf?

Ef svo er áttu erindi við okkur.

Leggjum áherslu á stöðugleika, styrk og aukinn liðleika.
Vikulegir tímar frá 19. september næstkomandi.

Skráning og frekari upplýsingar:
grindarbotn@gmail.com eða í síma 564-5442

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN




Dómkvaddir matsmenn hafa ekki lokið vinnu við að finna verðmiða á eignarhlut Landeigendafélagsins í Geysissvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Enn enginn verðmiði kominn á Geysissvæðið

**NÁTTÚRA** „Menn voru þvingaðir til undirskriftar á samningi fyrir tæpu ári og síðan er þetta í einhverju skófari sem gengur hægt,“ segir Garðar Eiríksson, talsmaður Landeigendafélags Geysis ehf. en eigendur félagsins vita ekki enn hvað þeir fá fyrir hlut sinn í Geysissvæðinu.

Í október 2016 tilkynnti fjármálaráðuneytið að undirritaður hefði verið samningur við Landeigendafélag Geysis um kaup ríkisins á öllum eignarhluta félagsins innan girðingar á Geysissvæðinu eftir áralangar viðræður. Landeigendur voru ósáttir með framgöngu ríkisins í málinu og hefur verið tíðrætt um að þeir hafi verið þvingaðir til að skrifa undir samninginn þar sem landið hefði annars verið tekið eignarnámi.

Samkvæmt samningnum var kaupverð eignarhlutans lagt í mat þriggja dómkvaddra matsmanna. Síðan hefur ekkert heyrst af kaupverði og staðfestir Garðar að matsmenn hafi ekki komist að niðurstöðu.

„Það er greinilegt að þetta tekur tíma en þeir hafa verið að vinna þessa vinnu. Kannski þessu ljúki eftir einn, tvo, þrjá mánuði eða sex. Hver veit,“ segir Garðar í samtali við Fréttablaðið. „Við bíðum eftir einhverri niðurstöðu sem mun á endanum birtast. Lögmaður félagsins taldi að það myndi fyrst gerast í október.“

Landeigendur hafa því augljóslega ekki fengið greitt fyrir hlut sinn.

„Nei og ekki afsalað einu eða neinu. Eigendur Landeigendafélagsins eru formlegir eigendur ennþá að þessum réttindum,“ segir Garðar.

Í tilkynningu vegna undirskriftar samningsins kom fram að ríkið hefði formlega tekið við umráðum alls lands sameigenda innan girðingar við Geysi. Átti samningurinn að marka tímamót til að auðvelda heildstæða uppbyggingu á svæðinu. Svæðið innan girðingar á Geysi er um 19,9 hektarar að stærð. Ríkið átti um 2,3 hektara fyrir miðju svæðisins þar sem hverirnir Geysir, Strokkur, Blesi og Óþverrishola eru. 17,6 hektarar voru í sameign ríkisins og Landeigendafélagsins. – smj

# Kvika kaupir fyrirtækjaráðgjöf Beringer

**Kvika tekur yfir flest verkefni Beringer Finance á Íslandi og Baldur Stefánsson verður framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar bankans. Vogunarsjóðurinn Davidson Kempner, stærsti eigandi Lýsingar, vildi ekki að umsjón með sölu eignaleigufyrirtækisins færi til Kviku.**




Samtals munu fjórir nýir stjórnendur taka sæti í framkvæmdastjórn fjárfestingabankans Kviku á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kvika banki hefur keypt fyrirtækjaráðgjöf norræna fjárfestingabankans Beringer Finance á Íslandi. Gengið var endanlega frá samkomulagi vegna kaupanna í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Baldur Stefánsson, sem hefur verið framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Beringer ásamt því að veita starfsemi bankans forstöðu á Íslandi frá því í ársbyrjun, mun í kjölfarið verða nýr framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku. Tekur hann við starfinu af Magnúsi Bjarnasyni sem var á meðal þeirra átta starfsmanna sem var sagt upp störfum hjá Kviku banka í ágúst.

Samhliða kaupunum munu Kvika og Beringer Finance einnig hefja samstarf á sviði fyrirtækjaráðgjafar á Íslandi, í Svíþjóð og í Noregi. Þannig mun Kvika taka yfir velflest verkefni fyrirtækjaráðgjafar Beringer og eins ráða til sín hluta af íslenskum starfsmönnum bankans. Á meðal verkefna sem fyrirtækjaráðgjöf Beringer hefur verið að vinna að síðustu mánuði er undirbúningur að söluferli eignaleigufyrirtækisins Lýsingar og íslenska fataframleiðandans Cintamani.

Ekki stendur hins vegar til að umsjón og ráðgjöf með væntanlegu söluferli Lýsingar færist yfir til fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það stafar meðal annars af því að mögulegt er að Kvika verði á meðal væntanlegra bjóðenda í fyrirtækið og þá voru fulltrúar bandaríska vogunarsjóðsins Davidson Kempner, langsamlega stærsta hluthafa Klakka, móðurfélags Lýsingar, jafnframt mótfallnir því að Kvika banki tæki yfir verkefnið. Á fundi sem yfirmenn Beringer Finance áttu með Jeremy Lowe, sem hefur stýrt umfangsmikilli starfsemi sjóðsins á Íslandi síðustu ár, í London í gær náðist samkomulag um að söluferli Lýsingar myndi ekki fylgja með í kaupum Kviku heldur yrði það eftir sem áður í höndum Beringer Finance.

Auk Baldurs mun meðal annars Sveinn Guðjónsson, sem hefur verið forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Beringer frá því í mars á þessu ári, flytja sig um set yfir í fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka. Áður en Baldur og Sveinn réðu sig til Beringer Finance höfðu þeir báðir starfað um árabil í fyrirtækjaráðgjöf hjá verðbréfafyrirtækinu Arctica Finance þar sem Baldur hafði verið á meðal eigenda frá 2008 og Sveinn starfað sem verkefnisstjóri.

## Stokkað upp í stjórnendateymi Kviku

Talsvert hefur verið um breytingar á meðal helstu stjórnenda Kviku banka á síðustu mánuðum. Þann 27. apríl síðastliðinn var greint frá því að Sigurður Atli Jónsson hefði ákveðið að láta af störfum hjá bankanum og síðar sama dag upplýsti Vísir að Ármann Þorvaldsson, þáverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Virðingar og fyrrverandi framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi, myndi taka við af Sigurði Atla. Á sama tíma og gengið var frá ráðningu Ármanns var Marinó Örn Tryggvason, sem hafði starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka frá árinu 2014, einnig ráðinn til Kviku, sem aðstoðarforstjóri bankans.

Þá greindi Vísir frá því í júlí að Hannes Frímann Hrólfsson, forstjóri Virðingar, yrði framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku eftir að sameining bankans og Virðingar gengur endanlega í gegn síðar á árinu. Tekur hann við starfinu af Sigurði Hannessyni, sem hætti störfum hjá Kviku í júní síðastliðnum eftir að hann var ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Með ráðningu Baldurs, samhliða kaupum Kviku á fyrirtækjaráðgjöf Beringer, munu því samtals fjórir nýir stjórnendur taka sæti í framkvæmdastjórn fjárfestingabankans á þessu ári. Gunnar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Baugs Group og framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Virðingar frá því í maí á þessu ári, mun hins vegar stýra skrifstofu sameinaðs félags Kviku og Virðingar í London sem mun heyra undir fyrirtækjaráðgjöf bankans.



**Baldur Stefánsson, nýr framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku.**

> **Samstarfið við Beringer Finance í Skandinavíu býður upp á áhugaverð tækifæri fyrir bankann.**
>
> Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka



**946**

**milljónir króna var hagnaður Kviku banka á fyrstu sex mánuðum ársins.**

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, segir að með sameiningunni verði ráðgjöf Kviku í kjörstöðu til að veita viðskiptavinum bankans framúrskarandi þjónustu. „Þá býður samstarfið við Beringer Finance í Skandinavíu upp á áhugaverð tækifæri fyrir bankann,“ að sögn Ármanns.

Beringer var stofnað 2014 af Aðalsteini Jóhannssyni, sem er jafnframt forstjóri bankans, en í fyrra var tilkynnt að fyrirtækið hefði sameinast Fondsfinans, elsta fjárfestingabanka Noregs. Í dag starfa um 80 manns hjá Beringer.

Aðalsteinn segir í tilefni samkomulagsins við Kviku að kjarnastarfsemi Beringer Finance á helstu mörkuðum hafi færst yfir á verkefni tengd tækni og hugviti og muni bankinn áfram sinna verkefnum á þeim sviðum á Íslandi sem og alþjóðlega. „Við teljum að samstarf okkar við Kviku bjóði upp á möguleika fyrir báða aðila til að einbeita sér enn frekar að styrkleikum hvors um sig auk þess sem Beringer Finance mun opna nýja markaði í Skandinavíu fyrir viðskiptavini Kviku,“ segir Aðalsteinn.

hordur@frettabladid.is

LYFJA – Lífið heil

Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur
af öllum Nicotinell Fruit pakkningum




Gildir út september 2017

Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

# SINDRI

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 106 HLUTA

1/4" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Lyklar 6 - 22 mm
Bitasett, sexkantbitar og fl.



vnr IBTGCAI106B

**17.900** m/vsk
Fullt verð 25.194

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 94 HLUTA

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI094R

**11.900** m/vsk
Fullt verð 17.092

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 HLUTA

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI2802

**7.900** m/vsk
Fullt verð 10.510

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 130 HLUTA

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI130B

**18.900** m/vsk
Fullt verð 28.733

**TILBOÐ**

## TOPP- OG SKRÚFBITASETT 1/4"

Lítið sett með mikla möguleika
1/4" Drive sexkant toppar
5.5, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 14mm




vnr IBTGADW4101

**4.900** m/vsk
Fullt verð 6.195

**TILBOÐ**

## FELGUTOPPAR SETT

1/2" 17, 19, 21mm



vnr IBTGDAI0301

**2.290** m/vsk
Fullt verð 3.096

**TILBOÐ**

## SKRÚFSTYKKI 6"

6" opnun
Snúningur 360°




vnr IBTDJAC0106

**13.640** m/vsk
Fullt verð 22.006




## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri **163.464** m/vsk

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

**SINDRI**

## Vondar sveiflur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á aðeins fáeinum mánuðum hefur krónan farið frá því að vera stöðugasta mynt heims í eina þá óstöðugustu. Þetta sagði Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði og efnahagsráðgjafi Gamma, í viðtali hér í blaðinu í gær.

Hann benti jafnframt á, að líta þurfi til gjaldmiðla þróunarríkja til þess að finna viðlíka sveiflur og hafa verið á gengi krónunnar eftir að losað var um fjármagnshöftin í vor. Æskilegra væri ef gjaldeyrismarkaðurinn færðist hraðar í átt að eðlilegra ástandi.

Krónan gerir ekki bara fyrirtækjum í landinu ókleift að gera skynsamlegar áætlanir, heldur veldur hún því að vextir hér eru með þeim hæstu sem þekkjast á byggðu bóli. Það skerðir kjör fólksins í landinu.

Talsmenn krónunnar benda oft á að hún veiti okkur sveigjanleika þegar í harðbakkann slær. Hin hliðin á þeim peningi er að það er einmitt krónan sem reglulega hefur komið okkur í efnahagslegt klandur. Hún er í senn sjúkdómurinn og lækningin.

Krónan féll verulega við afnám gjaldeyrishaftanna í mars og raunar áttu menn von á því að flökt hennar myndi aukast við það. Haft var eftir Friðriki Má í fyrrnefndu viðtali, að sveiflur á genginu hafi undanfarið verið þrisvar til fjórum sinnum meiri en á gengi sænsku krónunnar svo nærtækt dæmi sé tekið. Sveiflurnar hafi þó ekki komið á óvart í ljósi þess hve lítil velta sé á millibankamarkaði með gjaldeyri.

Það þýði að hér geti tiltölulega litlar fjármagnshreyfingar haft mikil áhrif á gengið þannig að það sveiflist um allt að þrjú eða jafnvel fjögur prósent á einum degi. Það segir sig sjálft, að slíkar sveiflur eru óheppilegar og skapa mikla óvissu.

> Haft var eftir Friðriki Má í fyrrnefndu viðtali, að sveiflur á genginu hafi undanfarið verið þrisvar til fjórum sinnum meiri en á gengi sænsku krónunnar svo nærtækt dæmi sé tekið.

Stöðugt hagkerfi er forsenda farsælla viðskipta til lengri tíma. Sveiflur ýta undir skammtímahugsun. Engin leið er að gera áreiðanlegar áætlanir þegar gjaldmiðillinn er á endalausu flökti gagnvart helstu viðskiptamyntum. Agnarsmátt hagkerfi gerir krónuna að óútreiknanlegum gjaldmiðli, sem vinnur gegn eftirsóknarverðum stöðugleika.

Ef hér væri stöðugur gjaldmiðill í stað okkar íslensku örmyntar þyrfti ekki að koma til „sérstakra aðgerða“ eins og oft er nefnt. Við þyrftum heldur ekki að hlusta á regluleg harmakvein frá innflutnings- og útflutningsgreinum á víxl. Þeim sem legðu áherslu á stöðugan rekstur til lengri tíma yrði umbunað.

Stöðugleiki hlýtur að vera heildinni til hagsbóta. Þegar sumir græða á lágu gengi tapa aðrir. Fyrir nokkrum misserum var gengið hagfellt útgerð og ferðaþjónustu, en laun lækna og annarra stétta sem auðvelt eiga með að flytjast milli landa urðu undir í samkeppninni. Nú hefur þetta snúist við. Svona hefur þetta verið svo lengi sem elstu menn muna. Þessu þarf að breyta.

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## Halldór




## Frá degi til dags

**Aðgerðateymið**

Enn er óráðið í 96 stöðugildi í leikskólum borgarinnar. Þá vantar í 8 stöðugildi í grunnskólum og 89 á frístundaheimilum. Staðan í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er í takti við þetta. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í gær að setja á laggirnar tvö teymi til að bregðast við manneklunni. Orsök vandans virðist augljós. Uppeldisstörf eru illa launuð og gnótt annarra, betur launaðra starfa í boði. Það þarf ekki aðgerðateymi til að tækla vandann. Það þarf pólitískan vilja til að hækka laun. Og það sem fyrst.

**Hægristefnan**

Er ríkisstjórnin tók við völdum töldu margir að þar hefði verið komið á fót hægrisinnuðustu stjórn sem völ væri á. Með nýju fjárlagafrumvarpi var sýnt á spilin. Hækkun olíugjalds og kolefnisgjalda eykur greiðslur heimila í ríkissjóð um tugþúsundir á ári. Með þessum grænu sköttum er ekki einungis verið að auka álögur á heimilin, heldur er þess líka freistað að stýra ökumönnum frá einni tegund af bíl yfir í aðra. Fjármálaráðherra hefur tekist að sýna að ótti þeirra sem hræddust pólitískar hneigðir ríkisstjórnarinnar var ástæðulaus. En almenningur og prinsippfólkið í Sjálfstæðisflokknum situr eftir með sárt ennið. jonhakon@frettabladid.is

## Stjórnarliðar, ábyrgðin er ykkar



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Það hefur um margt verið sérkennilegt að fylgjast með stjórnmálum, þessi misserin, hvað þá að taka þátt í þeim. Sumir virðast telja að hlutverk Alþingis, og okkar sem þar sitjum, sé fyrst og fremst að vera einhver afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn og agnúast jafnvel út í miklar umræður. Þetta er sérkennilegt viðhorf, því staðreyndin er sú að við þingmenn höfum mikið færi á að hafa áhrif. Það á enn frekar við um þingmenn stjórnarflokkanna.

Í gær hlýddum við á umræður um stefnuræðu forsætisráðherra. Ekki var annað á stjórnarliðum að skilja en hér væri nú bara allt frekar svona í lukkunnar velstandi, helst að þyrfti að laga eitthvað smávegis til hér og þar svo allt passaði betur í þann ramma sem stjórnarflokkarnir hafa reist utan um það samfélag sem þeir vilja sjá. En er það svo? Ég ætla að leyfa mér að svara þeirri spurningu neitandi.

Samfélagssýn stjórnmálaflokka og -fólks birtist best í fjárlögum, eins óspennandi og þau geta virst við fyrstu sýn. Fjárlög ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar bera það með sér að samneyslan er þessum flokkum ekki efst í huga. Hún mun enda dragast saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á kjörtímabili samkvæmt samþykktum stjórnarflokkanna.

> Á ábyrgð hvers og eins stjórnarþingmanns er hver einasti öryrki sem ekki nær endum saman, eldri borgarar sem skrimta, fólk sem lifir á lúsarlaunum.

Á meðan býr æ stærri hluti þjóðarinnar við kjör sem enginn ætti að þurfa að búa við. Aldraðir, öryrkjar, láglaunafólk; þetta eru ekki fjárlög þessara hópa. Menntakerfið sem allir vildu styrkja fyrir kosningar, að ég tali nú ekki um heilbrigðiskerfið; í fjárlögum birtist sveltistefna hægri stjórnarinnar glöggt.

Á ábyrgð hvers og eins stjórnarþingmanns er hver einasti öryrki sem ekki nær endum saman, eldri borgarar sem skrimta, fólk sem lifir á lúsarlaunum; það er á ábyrgð hvers og eins stjórnarþingmanns að áherslan er ekki lögð á þessa hópa. Og þannig er viðhaldið því ástandi sem lýðskrumarar nýta sér til að ala á útlendingaandúð undir merkjum þess að berjast gegn fátækt. Það er líka á ábyrgð hvers og eins stjórnarþingmanns.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Færeysk stjórnarskrá, loksins?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Einn munurinn á Færeyjum og Grænlandi er að Færeyingar, bæði þing og þjóð, eru þverklofnir í afstöðu sinni til sjálfstæðis. Að þessu leyti eru Færeyingar eins og Katalónar og Skotar. Allar þjóðirnar þrjár eru á báðum áttum og geta því ekki að svo stöddu gert það upp við sig hvort hentar þeim betur, sjálfstjórn í helztu málum innan stærri ríkisheildar líkt og Íslendingar nutu frá 1904 til 1944 eða fullt sjálfstæði.

**Grænland og Færeyjar**

Grænland er annað mál. Þar er einhugur á þingi um að lýsa yfir sjálfstæði frá Danmörku. Sumum Grænlendingum þykja Danir sýna þeim stærilæti með því að láta að því liggja að Grænlendingar geti ekki staðið á eigin fótum, svo fámenn þjóð í svo stóru og dreifbýlu landi. Hægan, hægan, segja þá sumir grænlenzkir þingmenn. Við þurfum ekki annað en að bjóða Rússum aðstöðu fyrir t.d. þrjá milljarða evra og þá kemur Kaninn þaninn og býður okkur fjóra milljarða dala fyrir sama. Það gerir 30 milljónir íslenzkra króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu á Grænlandi.

Þennan leik léku Færeyingar gagnvart Dönum á fyrri tíð eins og Eðvarð T. Jónsson lýsir í bók sinni Hlutskipti Færeyja nema fjárhæðirnar voru mun lægri. Hrun Færeyja 1989-1993 leiddi af sér framfarir í stjórnarháttum, m.a. miklu minni meðgjöf frá Dönum og þá um leið meiri sjálfsábyrgð í efnahagsmálum af hálfu Færeyinga.

**Stjórnarskrá?**

Eitt framfaraskrefið var ásetningur um að setja Færeyjum stjórnarskrá. Ferlið var sett af stað 1998. Færeyingar fóru aðra leið en Íslendingar. Fulltrúar stjórnmálaflokka voru ásamt fáeinum lögfræðingum og tveim fræðimönnum skipaðir í nefnd sem skilaði af sér stjórnarskrárfrumvarpi. Það var lagt fyrir lögþingið í Þórshöfn 2006 og hefur legið þar síðan. Þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið var lofað 2010 en heitið var ekki efnt. Ýmsar þingskipaðar nefndir hafa legið yfir frumvarpinu án þess að ljúka málinu líkt og raunin hefur verið hér heima í meira en 70 ár.

Nú hefur það gerzt að þrír stjórnarflokkar í Færeyjum hafa náð saman um breytingar á frumvarpinu og kynnt þær almenningi sem fékk frest til 25. ágúst sl. til að gera athugasemdir við frumvarpið. Fram að því hafði almenningi verið haldið frá frumvarpinu. Flestir kjósendur vita því lítið um málið og hafa eftir því lítinn áhuga á boðaðri stjórnarskrá stjórnmálaflokkanna sem hefði að réttu lagi heldur átt að vera stjórnarskrá fólksins líkt og frumvarp Stjórnlagaráðs frá 2011 hér heima.

Þarna er rangt að farið í Færeyjum. Þingmenn eiga ekki að breyta stjórnarskrám vilji þeir gæta velsæmis og forðast sjálftöku. Breytingarnar sem færeyskir þingmenn hafa gert á auðlindaákvæðinu veikja frumvarpið. „Þjóðareign“ á auðlindum sem er þekkt hugtak í mæltu máli og

> **Margir óttast því að lögþingið tefli færeyska frumvarpinu í strand til að gleðja útvegsmenn. Fari svo þurfa Íslendingar að skoða hlutskipti Færeyja sem víti til varnaðar.**

lögum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum hefur t.d. verið breytt í „landseign“ sem er óljóst orð og býður upp á rugling og réttaróvissu. Að auki er ólýðræðislegur bragur á þessari breytingu úr „þjóð“ í „land“ eins og ráða má t.d. af því að Donald Trump var kjörinn Bandaríkjaforseti 2016 með meiri hluta flatarmáls landsins að baki sér en minni hluta þjóðarinnar.

**Kunnuglegur fyrirsláttur**

Stjórnarandstaðan í Færeyjum leggst gegn frumvarpinu með því að færa sér í nyt þá mótbáru dönsku stjórnarinnar að frumvarpið samrýmist ekki óbreyttri stöðu Færeyja innan danska ríkjasambandsins. Þetta er einber fyrirsláttur. Íslendingar fengu fyrst heimastjórn 1904 og síðan fullveldi 1918 án þess að breyta stjórnarskránni frá 1874. Það var ekki fyrr en Íslendingar tóku sér sjálfstæði 1944 að breyta þurfti stjórnarskránni og þá aðeins lítillega.

Dæmi Íslands sýnir að stjórnarskráin þarf ekki að kveða á um alla skapaða hluti og þá ekki heldur um samband landsins við önnur lönd. Þeir sem reyna að búa til ágreining um færeysku stjórnarskrána úr djúpstæðum deilum um sjálfstæðismálið liggja undir grun um að reyna að búa sér til átyllu til að hlaupa frá stjórnarskrármálinu, trúlega til að komast hjá lögfestingu auðlindaákvæðisins þar sem segir að þjóðin (nú landið!) eigi auðlindirnar og taki gjald fyrir afnot þeirra eða tryggi öllum jafnan aðgang að þeim. Þessi fyrirsláttur rímar vel við málflutning íslenzkra þingmanna, flokka og annarra sem eru á fóðrum hjá útgerðinni eins og t.d. *Morgunblaðið*.

Margir óttast því að lögþingið tefli færeyska frumvarpinu í strand til að gleðja útvegsmenn. Fari svo þurfa Íslendingar að skoða hlutskipti Færeyja sem víti til varnaðar eins og Alþingi hefði þurft að gera eftir hrun Færeyja 1989-1993 en gerði ekki. Alþingi getur ekki leyft sér að gera sömu bommertuna tvisvar.

# Foreldra í fangelsi?



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir

Fyrir Alþingi liggur svohljóðandi frumvarp um breytingu á barnaverndarlögum: „Tálmi það foreldri sem barn býr hjá hinu foreldrinu eða öðrum sem eiga umgengnisrétt samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða samningi foreldra staðfestum af sýslumanni að neyta umgengnisréttar, eða takmarki hann, varðar það fangelsi allt að fimm árum.“

Í rökstuðningi er m.a. vitnað í barnalög og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um rétt barna til að þekkja og umgangast báða foreldra sína og skyldu foreldra til stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldrið nema hún sé andstæð hag og þörfum barnsins að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds. Fram kemur að oft sé verulegur misbrestur á að þessi mikilvægi réttur barnsins sé virtur og að málsmeðferð vegna slíks hjá sýslumanni sé bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

**Tálmun eða vernd?**

Því er ekki að neita að tálmunarmál eru tímafrek, kostnaðarsöm og sársaukafull. Vandséð er að gegn nokkru af fyrrnefndu verði spornað með því að setja foreldra í fangelsi. Mál sem í daglegu tali eru kölluð tálmunarmál eru af margvíslegum toga og mörgum reynist erfitt að greina á milli raunverulegrar tálmunar og viðleitni foreldris til að vernda barn sitt þegar það óttast velferð þess hjá hinu foreldrinu. Slíkt krefst oft tímafrekrar og kostnaðarsamrar vinnu sem stjórnvöld telja okkur ekki hafa efni á. Þess vegna fáum við svona groddalegt frumvarp.

Ég hef í starfi mínu kynnst tálmunarmálum sem bera nafn með rentu. Í þeim tilvikum meinar annað foreldri hinu og fjölskyldu þess umgengni við barn án gildrar ástæðu. Slíkir foreldrar eru vanhæfir til að greina á milli eigin tilfinninga (t.d. höfnunar eða reiði í garð hins foreldrisins) og þarfa barnsins og því ófærir um að setja þarfir þess í forgang. Ekki leikur vafi á að slík hegðun skaðar börn bæði í bráð og lengd og því er mikilvægt að bregðast við á ábyrgan hátt. Það væri hins vegar að fara úr öskunni í eldinn að fangelsa foreldrið sem barn er háð. Við það myndi barnið ekki aðeins missa mikilvæg tengsl við pabba eða mömmu heldur er veruleg hætta á að það myndi kenna sjálfu sér um. Slík reynsla er til þess fallin að valda sektarkennd sem getur til dæmis brotist út sem kvíði, léleg sjálfsmynd, þunglyndi eða árásargirni. Ályktanir frumvarpsins um að fangelsun vanhæfs foreldris sé barni til góða bera ekki með sér djúpan skilning á sálarlífi barna.

Það er stundum kallað tálmun þegar annað foreldrið tregðast við að senda barn til hins vegna gruns um vanrækslu eða ofbeldi. Skiptir þá litlu máli hvort ungt barn sýnir einkenni um ótta, kvíða og vanlíðan þegar það umgengst viðkomandi foreldri eða eldra barn tjáir vanlíðan með orðum. Að sama skapi er það viðtekin venja að senda barn til foreldris sem hitt foreldrið hefur flúið frá vegna ofbeldis. Svo virðist sem gengið sé út frá þeirri forsendu að ofbeldi hafi eingöngu beinst að makanum (sem var svo erfiður) en allt öðru máli gegni um barnið.

Mýtan um að ofbeldi sé á ábyrgð þolandans lifir góðu lífi og hinn fullorðni fær að njóta vafans, ekki barnið. Reynslan hefur sýnt að þetta er nokkuð algengt vandamál enda eignast fólk sem beitir ofbeldi, fíkniefnaneytendur og aðrir sem skortir hæfni til að taka tillit til annarra börn ekki síður en aðrir. Verði umrætt frumvarp að lögum neyðir það foreldra sem óttast um öryggi barna sinna til að velja á milli tvenns konar lögbrota; að stefna velferð og öryggi barnsins í hættu með því að senda það í aðstæður sem þeir meta ótryggar eða vernda barnið og eiga á hættu fangelsisvist.

**Raunhæf viðbrögð við tálmun**

Á það er réttilega bent í rökstuðningi með frumvarpinu að þau úrræði sem eru til staðar hafa ekki virkað nægilega vel. Þar með er ekki sagt að þau geti það ekki. Til þess að svo verði þarf að gera fólki sem starfar í þessum málaflokki kleift að meta sérhvert mál fyrir sig og vinna með það á faglegum forsendum og skikkanlegum hraða.

Sé stjórnvöldum alvara með yfirlýsingum um að ávallt skuli setja velferð barna í forgang þá senda þau ekki foreldra þeirra í fangelsi. Þau efla geðheilbrigðisþjónustu, barnaverndarúrræði og sáttameðferðir, hraða málsmeðferð hjá sýslumanni og innheimta dagsektir þegar við á. Allt kostar þetta tíma, fyrirhöfn og peninga en að halda því fram að fangelsun foreldra með tilheyrandi áföllum fyrir börn þeirra, sé ódýr, nútímalegur eða hagkvæmur kostur fyrir samfélagið er vægast sagt vanhugsaður málflutningur.







# Sprungið lífeyrissjóðskerfi



**Halldór Gunnarsson,**
fv. sóknarprestur og stjórnarmaður í Flokki fólksins

Árið 2013 voru starfandi hér á landi 27 lífeyrissjóðir skv. skýrslu vinnuhóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 2015 um framtíðarsýn í lífeyrismálum. Þar kemur fram að iðgjöld til sjóðanna árið 2013 voru 109,4 milljarðar, en útgreiðslur 59,5 milljarðar. Aðeins hjá 11 sjóðum námu greiðslur til lífeyrisþega meira en kr. 100 þús. á mánuði að meðaltali, og aðeins hjá 4 sjóðum nam meðaltalsgreiðsla til lífeyrisþeganna meira en kr. 200 þús.

Í skýrslunni er greint frá því að frá 1969 hafi iðgjald numið 12% af dagvinnulaunum, en frá árinu 1986 hafi iðgjaldið verið greitt af öllum launum. Frá 1. júlí á þessu ári hækkaði iðgjaldagreiðslan í 14%, og á næsta ári hækkar hún í 15,5% og verður að viðbættum 6% séreignarsparnaði samtals 21,5%, þar af greiða atvinnurekendur fyrir launþega á næsta ári 11,5% og 2% af séreignarsparnaðinum. Skv. gildandi lögum eru þessar inngreiðslur til lífeyrissjóðanna ekki skattlagðar fyrr en kemur að útgreiðslu úr lífeyrissjóðunum. Árið 2013 var skattur af inngreiðslu um 40 milljarðar og sama ár skatttekjur af útgreiðslu um 23 milljarðar.

Á þessu ári má áætla að ríkissjóður og sveitarfélög afhendi lífeyrissjóðunum um 70 milljarða skattgreiðslu, en fái um 40 milljarða við útgreiðslu úr sjóðunum.

Þessi hækkun á lífeyrissjóðsiðgjöldum ásamt mikilli hækkun meðallauna frá 2013 til 2018 mun ekki skila sér til eigenda sinna, lífeyrissjóðsþeganna. Heldur ekki til ríkissjóðs og sveitarfélaga, sem eiga inni hjá lífeyrissjóðunum um 1.000 milljarða. Hins vegar viðheldur kerfið verðtryggðum vöxtum til bjargar sjóðunum á kostnað almennings í landinu og því vil ég segja að þetta kerfi, sem ríkissjóður fjármagnar með skattfé og heimild til töku ofurvaxta sé sprungið.

**Tap lífeyrissjóða, ríkissjóðs og sveitarfélaga**

Í Hruninu töpuðu lífeyrissjóðirnir fimm til sex hundruð milljörðum, þar af má áætla að ríkissjóður og sveitarfélög hafi tapað um tvö hundruð milljörðum af ógreiddum skatti. Fjárfestingar sjóðanna á þessum tíma hafa vissulega vakið upp margar spurningar og eðlilegt að slíkt hefði verið skoðað af óháðri rannsóknarnefnd á sama hátt og önnur álitamál í sambandi við Hrunið. En stjórnir lífeyrissjóðanna skoðuðu þetta sjálfar og kváðu upp þann dóm að ekki væri við þá að sakast, frekar en að rekstur sjóðanna kosti a.m.k. 17 milljarða á þessu ári!

Afleiðingar þessara misheppnuðu fjárfestinga urðu hins vegar þær að flestir lífeyrissjóðanna þurftu að skerða verulega réttindi sjóðfélaga. Einn lífeyrissjóður var þó þar undanskilinn. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, sem er ríkistryggður. Ríkið skuldar honum um fimm hundruð og sjötíu milljarða króna, sem öll þjóðin þarf að greiða, líka þeir lífeyrisþegar sem urðu fyrir réttindaskerðingu vegna veru í öðrum lífeyrissjóðum.

**Skerðingarnar**

Eftir Hrun voru sett lög um að greiðslur til einstaklinga úr almannatryggingakerfinu skyldu skerðast að fullu, krónu á móti krónu, að því marki, sem þeir fengju greitt úr lífeyrissjóði. Þetta olli því m.a. að þeir sem nutu lágra lífeyrissjóðsgreiðslna, t.d. verkafólk, bændur og láglaunafólk, fengu ekkert úr sínum lífeyrissjóði miðað við lágmarksbætur frá almannatryggingakerfinu.

Að auki var gefin heimild fyrir starfsmenn Tryggingastofnunar til að skoða framtöl þeirra sem nutu bóta frá almannatryggingum, til þess að geta skoðað allar aðrar greiðslur einstaklingsins til skerðingar, sem væri þá hægt að bakfæra ári síðar á móti greiðslum. Um síðustu áramót var frítekjumark tekna lífeyrisþega með greiðslur frá TR lækkað úr 109 þúsund kr. á mánuði í 25 þúsund, þannig að þeir sem vinna sér til lífsbjargar umfram það þurfa að sæta skerðingu þeirra tekna um 73%. Hér er um hreina mismunun skattlagningar og eignaupptöku að ræða sem stenst ekki gagnvart stjórnarskrá Íslands og því hlýtur þetta lögþvingaða skerðingarkerfi að vera sprungið.

**Hér er um hreina mismunun skattlagningar og eignaupptöku að ræða sem stenst ekki gagnvart stjórnarskrá Íslands og því hlýtur þetta lögþvingaða skerðingarkerfi að vera sprungið.**

**Eignir lífeyrissjóðanna, verðtryggingin, vextirnir og skattarnir**

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum nam hrein eign lífeyrissjóðanna 3.325 ma.kr. í lok september 2016. Aðeins 21% eignanna var bundið erlendis, þó lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta fyrir 49% erlendis. Þessi staða segir að á næsta ári þurfi sjóðirnir með 3,5% verðtryggða vexti í ávöxtunarkröfu á innlendar eignir, að knýja fram hærri tekjur af öllum eignum sínum og tryggja áframhaldandi verðtryggingu skulda hjá launþegum. Þetta skýrir hvers vegna Íslendingar einir í heiminum búa við verðtrygginguna eins og hún er, og hvers vegna hækkun húseigna og húsaleigu er reiknuð inn í vísitölu á kostnað þeirra sem skulda fé, en til hagsbóta fyrir þá fasteignaeigendur, sem ekki skulda verðtryggð lán.

Salek-samkomulagið um hækkun lífeyrissjóðsgreiðslna í allt að 21,5% af launum 2018 er sprungið vegna þessarar skattlagningar, sem þekkist ekki meðal siðmenntaðra þjóða, ásamt meðferð stjórnunar og kostnaði við reksturinn. Til viðbótar „73% skattur" á fátæka eldri borgara, ásamt frosnum skattleysismörkum, sem ekki hefur verið breytt samkvæmt lögum í samræmi við launavísitölu frá 1988.

**Nýtt kerfi**

Flokkur fólksins vill breytingu, þannig að í stað þeirra fjölda lífeyrissjóða, sem kosta lífeyrisþega í rekstrarkostnað 17 milljarða króna á ári og fær að höndla með skattfé ríkis og sveitarfélaga, mismun á inngreiðslu og útgreiðslu – á þessu ári um 30 milljarða, þá verði ríkinu falið að sjá um nýtt kerfi, en jafnframt verði þá tekist á við þá ábyrgð, sem Almannatryggingar og sjúkratryggingar áttu að bera, að allir lífeyrisþegar og öryrkjar myndu njóta viðunandi lífskjara og heilsugæslu.

# Um elliglöp



**Steinunn Þórðardóttir**
öldrunarlæknir



**María K. Jónsdóttir**
Ph.D., sérfræðingur í klínískri taugasálfræði

Á dögunum bárust þær fréttir frá dönsku konungsfjölskyldunni að Hinrik prins, eiginmaður Margrétar Þórhildar Danadrottningar, hefði greinst með heilabilun. Fréttinni var samdægurs slegið upp í hérlendum vefmiðlum undir þeirri fyrirsögn að prinsinn hefði greinst með „elliglöp".

Í tilefni af þessu þykir undirrituðum mikilvægt að benda á að orðið „elliglöp" er úrelt og á engan hátt lýsandi fyrir þann sjúkdóm sem prinsinn er greindur með. Sé farið á síðu dönsku konungsfjölskyldunnar og upphaflega fréttatilkynningin skoðuð er þar talað um að prinsinn hafi greinst með „demens", en rétt íslensk þýðing á því orði er heilabilun. Því miður er orðið „elliglöp" ekki einungis að finna í fjölmiðlum og í almennri umræðu því það kemur enn fyrir í ræðu og riti meðal fræðimanna hérlendis.

Heilabilun felur í sér að einstaklingur sé með einkenni vitrænnar skerðingar sem farin eru að hafa það mikil áhrif á daglegt líf að hann getur ekki lengur bjargað sér án aðstoðar annarra. Heilabilun getur átt sér margar undirliggjandi orsakir, m.a. Alzheimer sjúkdóm, hjarta- og æðasjúkdóma og Lewy sjúkdóm. Einn áhættuþátta heilabilunar er hækkandi aldur, en heilabilun er mun algengari hjá eldri einstaklingum en þeim sem yngri eru. Þessi aukna áhætta með hækkandi aldri á þó raunar við um flesta sjúkdóma og því sérstakt að tengja heilabilun sérstaklega við elli á þennan hátt.

Heilabilun getur greinst hjá einstaklingum á öllum aldri og er orðið „elliglöp" í þessu tilviki því bæði rangt og villandi. Eins fær meirihluti þeirra sem ná háum aldri aldrei heilabilun og er hún alls óskyld eðlilegri öldrun. Sá misskilningur að eðlilegt sé að fólk þrói með sér heilabilun með hækkandi aldri hefur lengi staðið rannsóknum og greiningu á heilabilunarsjúkdómum á borð við Alzheimer sjúkdóm fyrir þrifum.

Orð eins og „elliglöp" eða hugtök á borð við að verða „kalkaður" eða „elliær" ýta undir þá hugmynd að heilabilunareinkenni séu eðlileg hjá öldruðum og lítið við þeim að gera. Að auki eru þau niðrandi fyrir þann stóra hóp einstaklinga sem glímir við heilabilunarsjúkdóma. Við leggjum til að þessi orð og hugtök verði hér með lögð á hilluna og í staðinn verði talað um heilabilun þegar lýsa á afleiðingum þeirra sjúkdóma sem minnst var á hér að ofan. Heilabilun á sér hliðstæðu í öðrum orðum um sjúkdóma í íslensku máli, s.s. nýrnabilun og hjartabilun og er því góður kostur.

Höfundar starfa báðar á Minnismóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss á Landakoti.





# 3 FYRIR 2



# AF SMÁVÖRU

GILDIR 14.–20. SEPTEMBER






NÝ SENDING AF HAAG HORNSÓFA KOMIN Í VERSLANIR








**the PIER**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890


KRÓNAN
Ferskt
frá akri til okkar
á 4 dögum
Beint frá Kaliforníu
Ódýrt
Driscoll's
Only the Finest Berries
Strawberries
Fraises
499 kr. pk.
Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA
Tilboðin gilda til 18. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN




# Vítamín Boomba!

# -25%

**af öllum vítamínum frá**




Guli miðinn

Bio-Kult®

now®




Tilboðin gilda til 18. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
1998 kr. kg
Lambahryggur hálfur
Íslenskt lambakjöt
af nýslátruðu
LAMBAHAKK
1199 kr. kg
Lambahakk
1389 kr. kg
Lambalæri, hálft
Sérvalinn Lambaskrokkur
2 stk. hryggur 1/2,
2 stk. læri 1/2, lærissneiðar
frampartur sagaður
Gott verð!
998 kr. kg
Lambaskrokkar 1/1
Tilboðin gilda til 18. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
Ódýrt
alpro
ALMOND
MANDEL-MANTELI
ORIGINAL
199 kr. stk.
ef keypt eru 8 stk.
= 1592 kr. /8 stk.
VEGAN
vegan
alpro
COCONUT
ORIGINAL
alpro
OAT
HAVRE-KAURA
ORIGINAL
alpro
RICE
RIS-RIISI
ORIGINAL
Alpro jurtamjólk
269 kr. stk.
GRØN balance
Økologiske
Grovvalsede
Havre
gryn
1 kg
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
299 kr. pk.
GB gróft haframjöl, 1 kg
Allt í boostið
Gestus
MANGO I TERN
LØSFROSNE
250 G
249 kr. pk.
Frosið mangó 250 g - 996 kr.kg
Gestus
HAKKET GRØNKÅL
PORTIONSKUGLER · LØSFROSNE
450 G
199 kr. pk.
Frosið grænkál 450 g - 442 kr.kg
Ódýrt
Tilboðin gilda til 18. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Heildarhugsun um Austurvöll og Víkurgarð



**Orri Vésteinsson**
prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

**Hótelbyggjendur vita vel hvers virði plássið í miðbænum er. Reykvíkingar eiga kröfu á að borgaryfirvöld leggi það niður fyrir sér líka.**

Lögð hefur verið fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi svokallaðs Landssímareits í miðbæ Reykjavíkur sem vakið hefur hörð viðbrögð og blaðaskrif. Verði byggt samkvæmt þessari tillögu mun það þrengja mjög bæði að Víkurgarði – gamla kirkjugarði Reykvíkinga – og Austurvelli. Markmiðið er að bæta við enn einu hótelinu í miðbænum, fylla það sem nú er almannarými með gistiplássum svo hægt verði að græða á því peninga.

Í miðbæ Reykjavíkur er ekki hægt að byggja nýtt án þess að það sé á kostnað einhvers. Gömul hús geta þurft að víkja, fornleifar eru grafnar burt og skyggt er á sólarljósið. En það geta líka verið óræðari atriði sem eru skert, eins og fegurð götumyndar, stemning eða andi borgarinnar og þó það sé ekki einfalt að skilgreina slíka hluti þá hafa þeir áþreifanleg áhrif á hvernig er að búa í borginni eða heimsækja hana. Þeir sem vilja byggja hótel í miðbænum eru að gera út á þetta óræða sem gerir hann heillandi og spennandi. Þeir vilja fá af því arð en til þess þurfa þeir á sama tíma að skerða það sem gerir miðbæinn svona eftirsóknarverðan því undantekningalítið vilja þeir byggja hagkvæmt – stórt og ljótt – þó það dragi úr heildargildi þess sem þeir ætla sér að græða á.

Þetta er auðvitað þversögn en gróðafýsnin er jafn gegndarlaus og hún er skammsýn og borgaryfirvöld eru æ ofan í æ staðin að því að láta alls kyns óhæfu og vitleysu eftir gróðabröllurum á kostnað borgarbúa. Eitt af því sem torveldar borgaryfirvöldum að standa í lappirnar er hvernig deiliskipulag er skilgreint. Deiliskipulag Landssímareitsins sem nú er í kynningu er afmarkað af línu sem dregin er í kringum lóðirnar þar sem byggja á og breyta. Deiliskipulagið nær því ekki yfir aðliggjandi svæði, þar á meðal Austurvöll og Víkurgarð, sem framkvæmdirnar munu þó hafa mikil og varanleg áhrif á. Það hentar framkvæmdaaðilum vel að borgin meti byggingaráform þeirra á forsendum framkvæmdanna en ekki öðrum. Það eru hins vegar hagsmunir borgarbúa að borgaryfirvöld hugsi heildstætt um áhrif framkvæmdatillagna – einkum og sérílagi þegar þær þrengja að tveimur af örfáum opnum rýmum öðrum en bílastæðum í miðbæ Reykjavíkur, görðum sem þar að auki eru gríðarleg söguleg og samfélagsleg verðmæti.

**Nýtt vopn**

Nú hafa borgaryfirvöld fengið nýtt vopn sem ástæða er til að vekja athygli á. Inntak nýlegra laga um verndarsvæði í byggð er að skilgreina megi heildir, heil hverfi eða borgarhluta, á grundvelli verndargildis. Það sem hefur verndargildi á stað eins og miðbæ Reykjavíkur er ekki bara gömlu húsin heldur allt þetta áþreifanlega og óáþreifanlega sem gerir miðbæinn að einstökum stað. Það er sagan – allt sem gerðist á undan og leiddi til þess sem er í dag – það er gatnakerfið og umferðin, trén og fuglarnir, skrúðgöngur og kröfugöngur, hæð húsanna og svipmót, stofnanirnar og fyrirtækin, íbúarnir, skjólið fyrir norðanáttinni, ferðamenn og fullir unglingar, sjónlínur og skuggavarp, gangstéttarhellur og brunahanar, tónleikar og mótmæli, meira að segja bílastæðin og gangbrautirnar. Verndaráætlun á ekki að snúast um að frysta þessa hluti og koma í veg fyrir að neinu verði breytt. Hún á að skilgreina hvað það er sem gefur miðbænum gildi svo hægt sé að meta hverju er verið að fórna þegar tillögur um framkvæmdir eru lagðar fram.

Hótelbyggjendur vita vel hvers virði plássið í miðbænum er. Reykvíkingar eiga kröfu á að borgaryfirvöld leggi það niður fyrir sér líka og taki ákvarðanir sínar í samræmi við það. Það má vel fresta afgreiðslu tillögu um breytingu á deiliskipulagi Landssímareitsins þangað til unnin hefur verið verndaráætlun fyrir miðborgina.

# Um gæði nýju íslensku stjórnarskrárinnar – Fjórði hluti



**David A. Carrillo**
lagaprófessor við Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum



Þetta er fjórða greinin í flokki greina eftir þrjá sérfræðinga í stjórnskipunarrétti við lagadeildina í Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Við skoðum þá gagnrýni sem stjórnarskrárferlið á Íslandi hefur sætt og vísum henni á bug með rökstuðningi. Ennfremur hvetjum við ykkur til að endurskoða stjórnarskrána. Að þessu sinni tökum við fyrir fullyrðingar þess efnis að ekkert sé að núgildandi stjórnarskrá Íslands og ekki sé tímabært að breyta stjórnarskránni, og við sýnum fram á að nú sé einmitt kjörið að endurskoða stjórnarskrána.

Sú stjórnarskrá Íslands, sem nú er í gildi, er frá 1944. Hún var samþykkt í skyndi með þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að marka sjálfstæði Íslands frá konungsríkinu Danmörku við lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Stjórnarskráin var að miklu leyti byggð á þeirri dönsku, og ekki gafst tími til þess að gera nema óverulegar breytingar á henni. Þessi stjórnarskrá kann að hafa hentað Dönum vel á fimmta áratug síðustu aldar, en hún endurspeglar ekki íslenskan samtíma. Til dæmis var ákvæðum, sem vörðuðu konung, aðeins breytt með því að nefna forseta í hans stað. Því var frestað að taka af skarið í mikilvægum málefnum á borð við valdsvið forseta og skipulag kosningakerfis. Þetta var gert vegna þess að um var að ræða bráðabirgðaskjal sem til stóð að endurskoða síðar, enda hefur verið litið á stjórnarskrána sem tímabundinn sáttmála allar götur síðan. Þó hafði aldrei farið fram gagnger endurskoðun á henni, né tilraun til að skipta henni út.

Meðal þeirra fjölmörgu atriða sem þyrfti að endurskoða má nefna peningamálin. Samkvæmt dönsku stjórnarskránni frá 1944 hefur Alþingi fullt umboð til þess að ráðstafa fjárhag Íslendinga. Með öðrum orðum er það Alþingi eitt sem ræður því hverja skuli skattleggja og hve mikið, hvernig sjóðum skuli ráðstafað eða hvort eigi að hætta að veita úr þeim, og hvaða fyrirtækjum skuli hygla og hverjum ekki. Þetta er ein aðferðin við að stjórna landinu, en ef til vill mætti bæta hana með því að fela kjósendum örlítinn skerf löggjafarvaldsins. Finnst þér þú borga of mikla skatta? Þarf skóli barna þinna að fá ríflegri fjárveitingu? Fær fyrirtæki keppinautarins betri fyrirgreiðslu en fyrirtækið þitt? Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá er ekkert hægt að gera nema bíða eftir næstu kosningum, og kjósa þá frambjóðendur sem heita því að taka á þessum vandamálum, en óvíst er um efndir og árangur. Ef stjórnarskránni væri hins vegar breytt þannig að tíu prósent kjósenda geti krafist atkvæðagreiðslu um umdeild lög getur þú sem kjósandi þokað málum áleiðis.

Sumir bera því við að of erfitt sé að breyta stjórnarskrá. Þeir hafa nokkuð til síns máls. Auðvitað á að vera erfitt að breyta stjórnarskrá. Ef einfaldur meirihluti nægði til þess að gera stórfelldar breytingar á stjórnarskrá Íslendinga mundi slíkt leiða til óstöðugleika og óvissu. Hvorugt er eftirsóknarvert sem þjóðareinkenni. Einstaklingar og fyrirtæki reiða sig á stöðugleika stofnana, þannig má búa í haginn og öðlast sálarró. Þó kemur fyrir að samfélag neyðist til innri endurskoðunar. Það gerist þegar ósamræmið hrannast upp smám saman milli þjóðfélagssáttmálans og daglegs lífs, og verður loks réttarríkinu fjötur um fót. Þá er nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni.

Þessar meginreglur er að finna í stjórnarskrá Íslands og það er mjög erfitt að breyta henni. Aðeins Alþingi hefur vald til þess að breyta íslensku stjórnarskránni frá 1944, og breytingarnar þarf að staðfesta tvívegis, enda þurfa tvö sitjandi þing að samþykkja þær. Eftir fyrstu atkvæðagreiðsluna er Alþingi leyst upp, gengið er til kosninga og síðan þarf nýkjörið þing líka að staðfesta breytingarnar. Í báðum tilvikum ber að staðfesta sömu breytingar, án nokkurra leiðréttinga. Loks þarf forsetinn að staðfesta niðurstöðuna. Þetta ferli er svo erfitt í framkvæmd að aðeins hefur verið lagt í að breyta stjórnarskránni með umfangsmiklum hætti einu sinni á þeim 73 árum sem hún hefur verið í gildi. Það var árið 1995 (VII. kafli, um mannréttindi).

Eiga Íslendingar að hika við að breyta stjórnarskránni af því að það er svo erfitt? Svo sannarlega ekki. Það er heldur ekki eðli Íslendinga að sætta sig bljúgir við orðinn hlut og hætta við að sækjast eftir æskilegum breytingum. Afrekið verður meira eftir því sem hindranirnar eru stærri. Ef hægt væri að breyta stjórnarskránni með pennastriki mundi það gert árlega. Verkefnið er erfitt, en sú vitneskja á að vera hvatning til dáða, enda er það ómaksins vert fyrir bragðið.

Nú er rétti tíminn til að bæta stjórnarskrá Íslands, hvort sem maður telur að þar sé kreppa eða að kreppan sé liðin hjá. Á friðartímum sjá menn ekki ástæðu til að breyta grunnvirkjum, og svara að bragði: til hvers ætti að breyta því sem er í góðu lagi? Þegar kreppa er yfirvofandi er einmitt kjörið að velta fyrir sér stjórnarskrárbreytingum, ekki í því skyni að virkja tímabundin átök til að þvinga fram róttækar breytingar, heldur til þess að breyta slíkri orku í uppbyggilegt verkefni. Jafnvel þegar kreppan er liðin hjá búa stjórnvöld enn yfir þeim eiginleikum sem komu henni af stað. Ef til vill er stutt í næsta hrun af þeirra völdum. Í báðum tilvikum felst hvatning til þess að breyta stjórnarskránni. Hvort sem menn telja að landið sé að sökkva í sæ eður ei er tímabært að endurskoða stjórnarskrána einmitt nú.




# Tómas á lágu plani



**Kristinn H. Gunnarsson**
fv. alþingismaður

Undanfarnar vikur hefur Tómas Guðbjartsson, stundum við annan mann, beitt sér í ræðu og riti gegn virkjun Hvalár í Árneshreppi. Málflutningur hans hefur verið á lágu plani. Hann hefur farið með dylgjur og staðlausa stafi. Fullyrt er í grein hans í Fréttablaðinu frá 30. ágúst að Hvalárvirkjun sé nafn sem er „úlfur í sauðargæru“ því virkjunin hafi stækkað frá því að hún var kynnt almenningi með því að bæta við áformum um að nýta vatn úr Eyvindarfjarðará og „að svo breyttri Hvalárvirkjun hafi verið laumað í gegnum“ Rammaáætlun 2. Fullyrt er í greininni að skort hafi á að almenningur hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar og þess er krafist að úr því verði bætt með nýju umhverfismati.

Þarna er dylgjað um óheiðarleika og undirmál. Þeir sem verða fyrir dylgjunum eru framkvæmdaaðilarnir að virkjuninni, verkefnisstjórnin um Rammaáætlun, ráðherrarnir sem lagt hafa málið fyrir Alþingi og alþingismenn. Til þess að lauma röngum virkjunaráformum í gegnum Alþingi þarf samsæri allra þessara aðila. Þrátt fyrir framkomnar áskoranir um rökstuðning hefur Tómas ekki rökstutt mál sitt. Það mun seint verða því fullyrðingarnar eru allar rangar og dylgjurnar tilhæfulausar.

**Skýrslan frá 2007**

Gögnin sem varða Hvalárvirkjun og Rammaáætlun eru öll opinber og eru til frá upphafi. Hver sem er getur kynnt sér þau. Upphafið er í skýrslu Almennu verkfræðistofunnar frá 2007 sem unnin er fyrir Orkustofnun. Þar strax er kynnt að nýting vatns úr Eyvindarfjarðará sé ráðgerð til viðbótar vatni úr Hvalá og Rjúkanda. Þetta er enn svo, þó með jarðgöngum og öðrum breytingum sem ætlaðar eru til þess að draga úr umhverfisáhrifum. Þessi virkjunaráform hafa tvisvar farið í gegn um verkferla Rammaáætlunar og verið kynnt almenningi og umsagnir fengnar frá hverjum þeim sem þær vildi senda.

Tvisvar hefur verkefnisstjórnin lagt til að Hvalárvirkjun verði í nýtingarflokki og Alþingi hefur fallist á það í fyrra sinnið ágreiningslaust að því er best verður séð í þingtíðindum, en seinni tillagan að Rammaáætlun er enn til meðferðar á Alþingi. Afl virkjunarinnar hefur aukist. Það var fyrst áætlað 35 MW og 259 GWh en er núna 55 MW og 320 GWh. Það er vegna þess að vatnið er nú talið meira en áður en ekki vegna breytinga á virkjuninni. Bæði verkefnisstjórnin og ráðherra segja breytingar á Hvalárvirkjun óverulegar milli áætlana. Þegar Landvernd gefur umsögn sína um Hvalárvirkjun vitna samtökin í skýrsluna frá 2007 sem sýnir að samtökunum var kunnugt um hana.

Enginn sem kemur að málinu tekur undir ásakanir og dylgjur Tómasar. Það var enginn blekktur. Engu var laumað í gegn. Eini úlfurinn í sauðargæru sem orðið hefur vart við er Tómas Guðbjartsson sjálfur. Tímabært er að hann komi undan gærunni og skýri hvað honum gengur til.

# Múrefni, flot og flísalím fyrir fagmenn







## Weber 4150 Fine Flow
Alhliða flot sem hentar á flest gólf
Fullþurrt eftir 1-3 vikur
Þykktarsvið: 4-30mm
Þrýstiþol: 30MPa
Þyngd: 25kg

Verð: **2.150** kr.




## Weber 4160 Rapid Fine Flow
Hraðþornandi flot með auknum styrk.
Fullþurrt innan 24 klst
Þykktarsvið: 2-30mm
Þrýstiþol: 35MPa
Þyngd: 25kg

Verð: **2.890** kr.




## Weber 4310 Fibre Flow
Trefjastyrkt flotefni fyrir veikt undirlag.
Fullþurrt 1-4 vikur
Þykktarsvið: 5-50mm
Þrýstiþol: 25MPa
Þyngd: 25kg

Verð: **2.440** kr.




## Weber 4630 Durolit Útiflot
Hraðþornandi frostþolið inni/úti flot með háum slitstyrk
Létt umferð eftir 24 klst, fullþurrt eftir viku.
Þykktarsvið: 7-20mm
Þrýstiþol: 35MPa
Þyngd: 25kg

Verð: **4.090** kr.




## Deka Plan 230 Hraðþornandi
Alhliða flot sem hentar á flest gólf
Fullþurrt eftir 7-10 daga
Þykktarsvið: 2-30mm
Þrýstiþol: 25MPa
Þyngd: 25kg

Verð: **1.890** kr.




## Weber Gróf Múrblanda
Fyrir grófari múrviðgerðir, nýsteypu o.s.frv.
Þykktarsvið: 10-100mm
Þyngd: 25kg

Verð: **1.390** kr.




## Weber - Milligróf Múrblanda
Múrblanda í almennar múrviðgerðir, inni og úti.
Þykktarsvið: 2-10mm
Þyngd: 25kg

Verð: **1.590** kr.




## Deka Fíber Múrblanda
Trefjastyrkt múrblanda
Þykktarsvið: 10-40mm
Þyngd: 25kg

Verð: **2.890** kr.

**Deka Hrað**
Hraðþornandi múrblanda
25 kg
Verð **3.690** kr.




## Atlas - Inni/úti múr
Hefðbundin frostþolin múr
Þykktarsvið: 6-30mm
Þyngd: 30kg

Verð: **1.150** kr.

**Atlas Rappmúr**
30 kg
Verð **1.190** kr.




## Weber - Rep 980
Steiningarlím og filtunarmúr
Þykktarsvið: 1-10mm
Þyngd: 25kg

Verð: **2.590** kr.

**Weber - DUR 101**
Lím / Rappmúr
30kg
Verð **2.490** kr.




## Bostik Ardaflex Top 2 Flísalím
Frostþolið flíslím f. inni, úti, votrými og yfir hitalagnir
Gönguhæft eftir rúmlega 12klst
Þyngd: 25kg

Verð: **2.590** kr.

Fæst í 5kg poka, verð **1.595** kr.




## Murexin FM 60 Flexfúga
Frostþolin flísafúga
Margir litir
Þyngd: 8kg

Verð: **1.990** kr.

Einnig til í 2kg, verð **740** kr.
Einnig til í 25kg, verð **2.690** kr.

**Gerið verð- og gæðasamanburð!**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

**MÚRBÚÐIN**



Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki




Full búð af
nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**




# Óupplýstur kostnaður, skuldir og rekstrartöp Hörpu



Örnólfur Hall
arktitekt

Enn er fyrirspurn Péturs H. Blöndal heitins um kostnað og rekstur Hörpu ósvarað á Alþingi, þ.e.a.s. hver er hinn enn óupplýsti heildarkostnaður hennar. Upplýsingar vantar enn um rekstur og rekstraráætlanir frá A-Ö! Pétur vildi allt upp á borðið:

„Fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra um rekstur Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss. Frá Pétri H. Blöndal (Þingskjal 1173/699. mál).

1. Hve háum fjárhæðum hefur ríkissjóður varið árlega til reksturs Hörpu frá því að bygging hússins hófst? Hvert er framlagið áætlað 2015? Hverjar hafa verið tekjur, gjöld og sjóðstreymi á verðlagi hvers árs og uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs til mars 2015?

2. Hafa framlög ríkisins til stofnana sem eru með rekstur í húsinu hækkað vegna flutnings þeirra þangað og ef svo er, hversu mikið?

3. Hver er rekstrargrundvöllur Hörpu næstu 30 árin, tekjur og gjöld með og án afskrifta sem og sjóðstreymi?

4. Hve há voru framlög ríkisins til tækjakaupa í Hörpu og hvað gerðu áætlanir ráð fyrir að verja mætti háum fjárhæðum til þeirra?

5. Hvað er gert ráð fyrir háum fjárhæðum árlega til viðhalds hússins næstu 30 árin?

6. Hve mikið kostaði glerhjúpur hússins og hver er árlegur rekstrar- og viðhaldskostnaður hans?

7. Hvers vegna hefur rekstraráætlun hússins, sem Ríkisendurskoðun fór á sínum tíma yfir og taldi í lagi, ekki gengið eftir og hver eru stærstu frávikin?

8. Getur ríkissjóður hætt við skuldbindingu vegna samningsins frá 19. febrúar 2009 um að halda áfram framkvæmdum? Er ekki um að ræða skuldbindingu sem þarf að byggjast á heimild í fjárlögum, sbr. 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar?“ Skriflegt svar óskast. Pétur H. Blöndal. – Þessu hefur aldrei verið svarað heldur:

*a) Hvað kostaði Hörpulóðin öll og að gera hana byggingarhæfa?*

*b) Hvað kostaði jarðvinnan og niðurrif bygginga?*

*c) Hvað kostuðu sjófyllingar og hvað kostaði að fjarlægja aðrar?*

*d) Hvað kostuðu gatnatengingarnar?*

*e) Hvað kostaði torggerðin?*

9. Hver var meðgreiddur og afleiddur kostnaður, skattgreiðenda, fyrir fyrri ónýta niðurrifna ‚stuðlavegg‘ Hörpu (vegna klúðurs verktaka) sem sigldi sem brotajárn til Spánar?

10. Hver voru heildarlaun krosstengdu Hörpu-‚samvinnufélaganna‘ 7: Portus, Situs, Totus, Ago, Hospes, Castos og ekki má gleyma sérbanka Hörpu, Hringi (‚HarpBank‘) ?

Skattgreiðendur hafa ekki fengið að sjá heildarkostnaðinn á þeirri krosstengdu ‚hringferð‘ og fjársukki!

11. Ofurviðhaldið á húsinu er alls 161 milljón á aðeins 5 árum (árin 2010-15 – en árið 2016-17 vantar, sjá fjárlög og svör til fjárlaganefndar þar um).

12. Hvar eru stórráðstefnurnar (5-6 þúsund manns) sem allar hafa brugðist? Þær áttu að gera Hörpu sjálfbæra í síðasta lagi 2014.

13. Sífellt rekstrartap er líka stór baggi á skattgreiðendum – nú síðast 684 milljónir (síðasti ársreikningur).



14. Þjóðskrá Íslands reiknar fasteignamat samkvæmt gangverði á allar fasteignir. Við nýlegt endurmat á fasteignamati Hörpu var útbúin ný tekjumatsaðferð, samkvæmt dómi Hæstaréttar, sem beitt verður á öll ráðstefnu- og tónleikahús. Til grundvallar þeirri aðferð var meðal annars lagt mat á leiguverð tónlistarhúsa, ráðstefnurýma, skrifstofueigna og verslunareigna, þar á meðal verð úr Hörpunni sjálfri.

15. Viðburða- og tónleikafjöldinn dugar Hörpu alls ekki – og nauðsynlegt er að tvöfalda útleiguverð og þar með miðaverð!

ES: Fréttir herma að mikið stefnuleysi og rekstrarvandi sé hjá Hörpu og m.a. um 450 milljóna nauðþurft !

Örþrifatilraun er nú gerð til tekjuöflunar með 300 kr. klósettgjaldi á túrista og gesti.

ES: Allt fjármáladæmið: Nauðhjálparbeiðni um 450 milljónir + rekstrartap 684 milljónir (samkvæmt ársreikningi 2016) + ársmeðlag 617,1 milljón frá ríki/fjármálaráðuneyti = 1,751 milljarðs skuldabaggi okkar skattgreiðenda fyrir árið 2016. Venjulega fasta meðlagið á ári – um 1,5 milljarðar – eru svo þar fyrir utan!

Ársskýrslan 2017 verður forvitnileg?

# Dagur plastlausrar náttúru Íslands



Margrét Hugadóttir
sérfræðingur
hjá Landvernd



Dr. Rannveig Magnúsdóttir
verkefnastjóri
hjá Landvernd

Ísland er umkringt hafi. Hafi sem færir okkur golfstrauminn og gerir eyjuna okkar lífvænlega. Hafi sem færir okkur meirihluta þess súrefnis sem við öndum að okkur, hafi sem færir okkur fæðu og hagvöxt. Plastmengun ógnar nú hafinu og ef fram heldur sem horfir, verður þar meira af plasti en fiski árið 2020. Við þurfum að taka afstöðu með hafinu og vernda það.

## Hreinasta land í heimi?

Margir halda því fram að Ísland sé hreinasta land í heimi. Vissulega er loftið hreint og vatnið gott en þrátt fyrir það notar hver Íslendingur að meðaltali 40 kíló af plastumbúðum á ári. Aðeins lítill hluti skilar sér til endurvinnslu eða endurnýtingar og er meiri hluti þess annaðhvort grafinn í jörðu og urðaður eða endar í hafinu. Plastið sjálft eyðist ekki, heldur brotnar niður í örplast á óralöngum tíma. Það þýðir, að allt plast sem ekki hefur verið brennt frá upphafsárum plastvinnslu, er enn til. Árlega eru framleidd um 300 milljón tonn af plasti. Það er erfitt að gera sér í hugarlund hversu gífurlegt magn það er en þetta samsvarar um það bil heildarþyngd allra Jarðarbúa!

## Plast á diskinn þinn?

En hvaða áhrif hefur plastmengun á lífríkið? Sjávarlífverur eins og t.d. fuglar, fiskar og skjaldbökur geta ekki alltaf gert greinarmun á plasti og fæðu. Þær éta sig saddar af plasti, sem stíflar svo meltingarveginn. Dýr drepast þannig úr næringarskorti, pakksödd. Einnig geta dýrin flækt sig í plastnet, plasthringi af flöskum og annað plastrusl, sem dregur úr vexti og getur skorist inn í hold þeirra þegar þau stækka. Í plastinu eru einnig stundum eitruð íblöndunarefni sem leka út úr því og eitra þannig fyrir dýrum. Örplast í sjó og vatni verkar eins og segull á alls kyns eiturefni og getur þannig orðið margfalt eitraðra en vatnið sem umlykur það. Einnig geta sjúkdómsvaldandi örverur sogast að örplastinu sem gefur þessum örverum nýjar leiðir til að berast á milli staða og dreifa sér. Þegar fiskar og aðrar lífverur éta örplastið þá fylgja eiturefnin og örverurnar með í „kaupbæti“ og geta valdið þeim skaða. Það sem er sérstaklega óhugnanlegt er að þessir fiskar lenda iðulega á matardiskinum okkar.

## Sjórinn tekur ekki lengur við

Hér áður fyrr var oft sagt „lengi tekur sjórinn við“ en nú vitum við að það er alls ekki svoleiðis. Lífverur sem finnast dauðar hér við land eru alveg jafn fullar af plasti og annars staðar. Rannsókn á sjófuglum á Íslandi leiddi meðal annars í ljós að plastagnir fundust í 79 prósentum fýla sem skoðaðir voru.

## Hvað get ég gert?

En hvað er hægt að gera í þessu? Hvað getur ein manneskja gert? Jú, við getum gert heilan helling! Til dæmis getum við notað minna plast, keypt minna plast og sóað minna af plasti. Við getum notað fjölnota burðarpoka, drukkið úr glasinu í stað þess að nota plaströr. Einnig getum við endurunnið plast og komið þannig í veg fyrir að það sé urðað. Síðast en ekki síst getum við hreinsað umhverfi okkar og fjörur landsins. Landvernd hvetur hópa, einstaklinga og fyrirtæki til að draga úr plastnotkun og skipuleggja sína eigin strandhreinsun. Í ár ber Alþjóðastrandhreinsunardaginn upp á Dag íslenskrar náttúru sem haldinn er hátíðlegur þann 16. september ár hvert. Það er því tilvalið að taka til hendinni í september. Hægt er að fá góð ráð og skrá eigin hreinsun á hreinsumisland.is.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 14. SEPTEMBER 2017

# Þægilegur stíll

Fatastíll körfuboltakappans Matthíasar Orra Sigurðarsonar er þægilegur og hversdagslegur. Hann reynir helst að fylgjast með tískunni á Instagram. →2



Rúskinnsjakkinn sem Matthías Orri Sigurðarson klæðist hér er keyptur í Húrra Reykjavík og er frá Libertine-Libertine. Jakkinn er uppáhaldsflíkin hans. Bolurinn er keyptur í Urban Outfitters og buxurnar eru frá Cheap Monday. Úrið er frá Domeni Company og er einn fárra fylgihluta sem hann notar. MYNDIR/ERNIR



**Anna Rún Kristbjörnsdóttir býr til skartgripi úr bláskeljum undir heitinu Blárún. Hún segir skeljarnar búa yfir töfrandi litadýrð og fjármagnar markaðssetningu á Karolina Fund.**

tíska →4



HERRAKVÖLD Í SMÁRALIND

*20% afsláttur af öllum vörum!*

*Opið til kl. 22:00.*

comma,

SMÁRALIND

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Matthías Orri Sigurðarson er 22 ára Vesturbæingur sem vekur hvarvetna athygli fyrir skemmtilegan og fallegan fatastíl. Sjálfur segist hann lýsa fatastíl sínum sem þægilegum og hversdagslegum. „Á venjulegum degi myndi ég henda mér í Nike hlaupaföt og strigaskó eða eitthvað annað auðvelt og þægilegt, eins og gallabuxur, hettupeysu og jakka yfir.“

Þrátt fyrir að vera smekklegur til fara dagsdaglega segist Matthías Orri ekki beint hafa mikinn áhuga á tísku. „Þrátt fyrir það fylgist ég þó með því hvað er að „trenda“ hverju sinni. Fallegar flíkur og þá sérstaklega þægilegt snið á fötum heillar mig alltaf. Ég nota samfélagsmiðlana, þá helst Instagram, til að fylgjast með nokkrum einstaklingum sem mér finnst klæða sig vel. Þar má m.a. nefna @hankjobenhavn, @kith, @Wishatl og @blakescott_ . Svo einnig hinum og þessum síðum sem fjalla almennt um karlmannatísku. Annars fylgi ég mest minni eigin tilfinningu þegar kemur að því hvað mér finnst flott.“

**Á venjulegum degi myndi ég henda mér í Nike hlaupaföt og strigaskó eða eitthvað annað auðvelt og þægilegt, eins og gallabuxur, hettupeysu og jakka yfir.**

## Ætlar sér stóra hluti

Matthías Orri er á lokaári í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og er auk þess lykilmaður í úrvalsdeildarliði ÍR-inga í körfubolta. Hann sat því eðlilega límdur við skjáinn í síðustu viku þegar íslenska karlalandsliðið keppti á Eurobasket í Finnlandi. „Mér fannst árangurinn þokkalegur hjá strákunum en var þó svekktur yfir því að liðið næði ekki að kreista fram einn sigur. Margt gott stóð upp úr og þá helst hversu gaman var að sjá yngri leikmenn liðsins blómstra þegar þeir fengu tækifæri. Framtíð landsliðsins er greinilega björt.“

Sjálfur var hann valinn í úrvalslið Domino's-deildarinnar eftir síðasta tímabil og ætlar sér stóra hluti með liði ÍR næsta vetur. „Ég er mjög spenntur fyrir næsta tímabili. Við ætlum okkur aftur í úrslitakeppnina og gera betur en á síðasta ári. Persónulega ætla ég að setja saman heilt tímabil af góðri spilamennsku og vera valinn í úrvaldslið deildarinnar annað árið í röð.“

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Húrra Reykjavík stendur upp úr hér á landi. Erlendis finnst mér KITH og Wish Atlanta standa upp úr.

*Áttu þér uppáhaldshönnuði?* Han Kjøbenhavn er uppáhaldsmerkið mitt þessa dagana. Ég þekki ekki nógu vel til íslenskra fatahönnuða en hef þó séð eitthvað af því sem Bergur Guðnason er að hanna og finnst hugmyndirnar hans skemmtilegar.

*Hver er uppáhaldsflíkin?* Rúskinnsjakkinn minn frá Libertine-Libertine er klárlega uppáhaldsflíkin mín.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaupin mín eru líklega hvítu Ultraboost Uncaged skórnir sem ég keypti í Han Kjøbenhavn í Kaupmannahöfn. Það er erfitt að muna eftir verstu kaupunum en þau eru líklega einhverjar af þeim fjölmörgu flíkum sem ég keypti í H&M á yngri árum.

*Notar þú fylgihluti?* Ég er lítið í fylgihlutunum en nota þó gjarnan úr. Uppáhaldsúrið mitt er frá Domeni Company.

*Einhver sérstök flík sem þú ætlar að kaupa í vetur?* Mig langar í Drangajökul úlpuna frá 66°Norður og ætla að kaupa mér hana fyrir veturinn.

*Hvaða íslenski karlmaður ber af þegar kemur að klæðaburði?* Það væri helst að nefna feðgana Martin Hermannsson og Hermann Hauksson sem taka a.m.k klukkutíma á hverjum morgni í að gera sig til fyrir daginn.

*Hvernig eru körfuboltastrákar af þinni kynslóð almennt að klæða sig?* Mér sýnist flestir klæðast í „streetwear“ stíl sem er vinsæll núna. Svo hentar það okkur körfuboltastrákunum almennt vel að hlaupagallar (e. tracksuits) eru orðnir svo vinsælir.



Hér klæðist Matthías Orri leðurjakka frá Edwin sem keyptur var í Húrra Reykjavík. Peysuna keypti hann í Kaupmannahöfn en hún er frá Han Kjøbenhavn. Buxurnar eru frá Cheap Monday og skórnir eru Adidas Ultra Boosts. MYNDIR/ERNIR



Hér er Matthías Orri klæddur í Nike fleece tech hlaupagalla. Skórnir eru NMD's frá Adidas.




# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



20-50% afsláttur
af völdum nýjum vörum!
Stærðir 36-56
TILBOÐSDAGAR!
Frábær tilboð dagana 14-18.september
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 1.290 st.S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 eins stærð
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 1.990 st.36-50
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 5.990 st.S-XXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

## Leiðrétting

Þau leiðu mistök voru gerð við birtingu á grein um upphaf Sjóklæðagerðarinnar 66°N, í sérblaði um Sjávarútvegssýninguna í gær, að röng mynd var birt af upphafsmanni sjóklæðagerðarinnar, Hans Kristjánssyni frá Suðureyri við Súgandafjörð. Hér er rétta myndin af Hans og eru hlutaðeigandi beðnir afsökunar.



Hans Kristjánsson. MYND/ÚR EIGU FJÖLSKYLDU HANS











Línan heitir Blue shell of Iceland og samanstendur af hálsmenum, Ocean, Wave, Tide og Beach. MYNDIR/ANNA RÚN

# Bláskeljar verða að skartgripum

**Anna Rún Kristbjörnsdóttir býr til skartgripi úr bláskeljum undir heitinu Blárún. Hún segir skeljarnar búa yfir töfrandi litadýrð og fjármagnar markaðssetningu á Karolina Fund.**



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Ég fell oftast fyrir litlu skarti með mikinn karakter. Eins og einkennir hálsmenið mitt Beach til dæmis. Yfirleitt nota ég sjálf fáa skartgripi í einu og stundum bara einn hverju sinni, nema þegar ég fer eitthvað fínt en þá vil ég að allt tóni saman,“ segir Anna Rún Kristinsdóttir en hún hannar og býr til skartgripi úr bláskel undir heitinu Blárún.

Línan heitir Blue shell of Iceland og samanstendur af hálsmenum, Ocean, Wave, Tide og Beach. Anna Rún tínir sjálf skeljarnar í fjöru fyrir utan Reykjavík og segir einstaka litadýrð að finna í hverri skel.

„Ég er frekar vandlát á skeljarnar og vel hverjar ég tíni. Eins og er er ég bara að vinna með bláskelina, hún er fíngerð, oftast þynnri en margar aðrar og skemmtilegt hráefni að móta og vinna með. Í sumum skeljunum er allt svo ævintýralegt og töfrandi. Það finnst mér langfallegast. Svo eru aðrar með afmarkaðar hreinar litalínur sem er líka mjög stílhreint og flott,“ útskýrir Anna Rún. „Þetta byrjaði allt með nokkrum skeljum sem ég var með í glervasa í stofunni hjá mér sem skraut en það liðu einhverjir mánuðir áður en ég fór að spá í þær sem hráefni. Ég var eitt ár að þróa hálsmenin og vinnuferlið til að ná þessari mjúku áferð sem skelin hefur,“ segir Anna. Nú sé komið að því að hálsmenin fari á markað og setti hún því af stað söfnun á Karolina Fund.

„Söfnunin stendur til 4. október og ef hún gengur upp verða hálsmenin vonandi komin í flottar verslanir fljótlega upp úr því. Línan verður líka seld á blarun.is.“

*Hvernig verður skartið til?* „Ég pússa skeljarnar í þremur stigum, á öllum hliðum með mismunandi grófleika en leyfi náttúrulegri fegurðinni að innanverðu að njóta sín. Svo bora ég gatið fyrir festuna og pússa í rétta stærð fyrir hverja skel þar sem skeljarnar eru mjög mismunandi að þykkt. Ferlið sem hver skel fer í gegnum tekur langan tíma og það kemur fyrir að það þær brotna ef ég er ekki með fínhreyfingarnar í lagi. Í notkun eru skeljarnar þó ekki eins viðkvæmar því þá meðhöndlar maður þær sem skartgrip. Ég hef misst hálsmenið mitt í gólfið án þess að það brotnaði. Skeljarnar eru sterkari en flestir halda.“

Anna Rún segist meðvituð um tísku en vilja líka fara eigin leiðir. Spurð hvort einhver flík í fataskápnum sé í sérstöku uppáhaldi nefnir hún tvær bláar flíkur sem tóna vel við bláskelina.

„Ég hef mjög gaman af því sem er öðruvísi og hefur karakter. Núna er uppáhaldsflíkin nýja bláa síða peysan mín úr Vila. Hún fer svo vel með hálsmenunum. Gallajakkinn hennar mömmu sem hún átti þegar hún var ung er líka í algjöru uppáhaldi.“

Blue shell of Iceland er fyrsta vara Önnu Rúnar sem fer á markað. Fylgjast má með hönnun hennar áblarun.is og Facebook-síðunni BlaRun.artist.



Bláskeljarnar búa yfir mikilli litadýrð og hvert hálsmen er einstakt.



Anna Rún Kristinsdóttir tínir bláskeljar í fjöru og býr til skartgripi. Von er á skartgripalínunni á markað og setti Anna Rún söfnun af stað á Karolina Fund.

> **Í sumum skeljunum er allt svo ævintýralegt og töfrandi. Það finnst mér langfallegast.**


PEYSUDAGAR
ALLAR PEYSUR
9.900
FRÁBÆRT ÚRVAL
Kringlan
VIÐURKENNING
COSMO
ER FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI
KRINGLUNNAR 2017
SAMKVÆMT ÞJÓNUSTUKÖNNUN FÉKK
FYRIRTÆKIÐ EINKUNNINA:
FRAMÚRSKARANDI
F.H. GOTT RÁÐ EHF.
F.H. REKSTRARFÉLAGS KRINGLUNNAR
Óskar Guðmundsson
Sigurjón Örn Þórsson
COSMO
Kringlunni

# Lokkandi risalokkar

Hin víðfræga tískuvika stendur nú yfir í New York en þar eru haldnar sýningar á tískulínum fyrir vorið og sumarið 2018. Meðal þess sem tískuspekúlantar hafa tekið eftir eru áberandi og litríkir eyrnalokkar hjá ýmsum hönnuðum á borð við Badgley Mischka og Oscar de la Renta.


Gigi Hadid er hér á tískusýningu Prabal Gurung á tískuvikunni í New York.


Bláir dúskar í eyrum á sýningu Sachin & Babi í New York.


Áberandi rauðir dúskaeyrnalokkar á sýningu Badgley Mischka.


Einfaldur en áberandi lokkur á sýningu Oscar de la Renta.


Þessa flottu hestaeyrnalokka mátti sjá á tískusýningu Brandon Maxwell í New York.


Heillandi blómaeyrnalokkar frá Badgley Mischka.


Sachin & Babi á tískuvikunni í New York.




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Frábært úrval af buxum

Gallabuxur á 12.900 kr.
- 3 litir: dökkblátt, grásvart, einlitt svart
- stærð 36 - 52
- stretch
- háar í mittið
- 3 síddir: 76 + 83 + 89 cm.



Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

# Netverslun

FIMMTUDAGUR 14. SEPTEMBER 2017

Kynningar: ELKO, Advania



„Vefverslun okkar er í stöðugri þróun til að gera upplifunina af síðunni betri með notendavænna og þægilegra viðmóti," segir Dagbjört Birgisdóttir, rekstrarstjóri vefverslunar hjá ELKO. MYND/ERNIR

# Sparar tíma og fyrirhöfn

Vöxtur netverslunar ELKO hefur verið stöðugur þann áratug sem liðinn er síðan hún var opnuð. Þar má finna sama vöruúrval og er í verslunum ELKO auk úrvals vara sem fæst bara þar. Boðið er upp á 30 daga skilafrest og val um nokkra ólíka greiðslumáta sem henta viðskiptavinum. →2

Framhald af forsíðu ➪

Það eru um tíu ár síðan ELKO opnaði fyrstu netverslun sína. Síðan 2007 hefur netverslunin tekið miklum breytingum en upphaflega var hún sett á fót til að geta boðið viðskiptavinum á landsbyggðinni sama lága vöruverðið og sama vöruúrval og í boði var á höfuðborgarsvæðinu að sögn Dagbjartar Birgisdóttur, rekstrarstjóra vefverslunar hjá ELKO. „Árið 2015 fórum við í miklar breytingar og þróuðum nýja netverslun með m.a. bættu viðmóti, betri leitarvél og snjallsímaútgáfu af vefnum. Þessi nýja síða fór í loftið í nóvember 2016. Til að mæta mikilli fjölgun pantana var starfsemi vefverslunarinnar flutt á seinasta ári og er nú í vöruhúsinu Bakkanum sem er um 15.000 fermetrar að stærð.“

Það sem einkennir netverslun ELKO umfram aðrar hér á landi er 30 daga skilaréttur sem öllum viðskiptavinum býðst segir Dagbjört. „Einnig er auðvelt fyrir viðskiptavini á landsbyggðinni að skila vörum en endursendingarmiði fylgir með öllum póstsendingum þannig að ekkert kostar að senda vöruna aftur til ELKO.“




**Viðmótið er einfalt og sérstaklega þægilegt fyrir viðskiptavini netverslunar ELKO.**

## Sama vöruúrval

Dagbjört segir flesta nýta sér það fyrirkomulag að panta og sækja í næstu ELKO-verslun. „Þetta fyrirkomulag hentar einstaklega vel þeim viðskiptavinum sem vilja spara sér tíma og fyrirhöfn. Það eru tvær ferðir alla virka daga í verslanir með vörur sem pantaðar hafa verið á netinu. Hægt er að panta þær fyrir 12.30 virka daga og fá vöruna afhenta samdægurs í verslunum eftir klukkan 16. Ef pantað er eftir 12.30 er hægt að sækja þær strax við opnun verslana næsta virka dag. Einnig er hægt að sækja margar vörur strax beint á Bakkann vöruhús sem stendur við Skarfagarða 2 í Reykjavík.“

Vefverslun ELKO selur allar vörur sem aðrar ELKO-verslanir selja. „Við höfum einnig verið að taka inn í vöruúrvalið okkar vörur sem eingöngu eru seldar í vefverslun ELKO, til dæmis „nörda“-gjafavörur og dróna. Vörum, sem verða eingöngu til sölu í vefverslun okkar, mun fjölga á næstunni.“

## Stöðug þróun

Einfalt er að velja þann greiðslumáta sem hentar hverjum og einum segir Dagbjört. „Hægt er að greiða með kreditkorti, vaxtalausum raðgreiðslum, raðgreiðslum, 14 daga greiðsluseðli Borgunar, Netgíró eða með millifærslu. Við notumst við þjónustu Íslandspósts til að koma vörum til viðskiptavina. Það er ódýrt að senda á næsta pósthús fyrir þá sem búa á landsbyggðinni. Einungis kostar 500 kr. að senda smærri raftæki og 4.995 kr. að senda stærri raftæki.“

Hjá vefverslun ELKO starfa í dag átta starfsmenn en þrjú stöðugildi hafa bæst við síðasta árið að sögn Dagbjartar. „Vefverslun okkar er í stöðugri þróun til að gera upplifunina af síðunni betri með notendavæna og þægilegra viðmóti. Við erum einnig í stöðugu umbótarferli til að bæta þjónustu okkar og koma vörum hraðar til viðskiptavina. Netverslun er sú verslun sem býður upp á flest sóknarfæri og er vissulega sú leið sem margir viðskiptavinir kjósa til að kaupa vörur í framtíðinni. Við erum að horfa mikið til samþættingar netverslunar og hefðbundinna verslana okkar og innleiðingar á al-verslun (e. omnichannel) þar sem viðskiptavinir geta notað mismunandi leiðir til að nálgast upplýsingar og ganga frá kaupum á vörum.“



Bakkinn við Skarfagarða 2 í Reykjavík er vöruhús netverslunar ELKO.

> **Vefverslun okkar er í stöðugri þróun til að gera upplifunina af síðunni betri með notendavænna og þægilegra viðmóti.**
>
> Dagbjört Birgisdóttir

Auðvelt er að skoða vöruúrvalið á www.elko.is og að hafa samband við verslunina, m.a. í gegnum netspjall, á Facebook, með tölvupóstinum elko@elko.is eða í síma 575-8115.

# Rápað í búðir á netinu: 101

## Snyrtifræðingurinn og lífsstílsbloggarinn Elín Erna Stefánsdóttir er þaulkunnug verslun á netinu. Hún tók saman heilræði fyrir kaupglaða sem eru ragir við að feta sín fyrstu spor í netverslunum.

Ég er einstaklega hrifin af því að versla á netinu og hef gert það ansi reglulega síðan ég uppgötvaði eBay á unglingsárunum,“ segir Elín sem kann sitthvað fyrir sér þegar kemur að verslun á netinu. „Að geta keypt sér fallega hluti í rólegheitum uppi í rúmi er að mínu mati miklu þægilegri leið til að versla en að rölta um í brjálæðinu í verslunarmiðstöðvunum. Og þótt íslenski markaðurinn stækki nú hratt er vöruúrvalið á netinu svo miklu ríkulegra. Það besta er svo að alltaf eru góð tilboð í gangi.“

### Kúrs 101 í búðarrápi á netinu

- Þegar farið er inn á netverslanir er alltaf best að byrja á að athuga hvort verslunin sendi yfirhöfuð til Íslands og hvort sendingarkostnaðurinn sé himinhár. Það er ekkert leiðinlegra en að fylla körfuna af spennandi hlutum og síðan kemur í ljós að það er ekki hægt að senda gössið til Íslands, eða að sendingarkostnaðurinn sé kominn yfir 10 þúsund krónur.
- Það versta við að versla á netinu er biðin eftir vörunum, en við búum á eyju úti í miðju hafi svo það er eðlilegt að við þurfum að bíða aðeins lengur en til dæmis Bandaríkjamenn. Flestar netverslanir bjóða upp á nokkra sendingarmáta og sá ódýrasti tekur vanalega lengstan tíma og ekki hægt að rekja leið pakkans. Ég mæli því alltaf með að borga aðeins meira fyrir sendingu og geta þá rakið hana frá a til ö.



Elín Erna byrjaði að versla á eBay á unglingsaldri og finnst best að fara í búðir heima í rúmi. MYND/ANTON BRINK

- Mörgum finnst tollurinn afar ruglingslegur en hann er í raun nokkuð einfaldur. Best er að fara inn á tollur.is þar sem allar upplýsingar eru, ásamt reiknivél sem getur hjálpað við að finna út hver kostnaðurinn verður.
- Öryggi á netinu er mjög mikilvægt. Langflestar síður taka við kreditkortum og sumar bjóða upp á PayPal. PayPal er ein öruggasta leiðin til að versla á netinu og mjög sniðugt að setja upp aðgang þar. Annars er yfirleitt hægt að treysta kreditkortinu og flestar síður sýna að þú borgir í gegnum til dæmis SagePay eða annað álíka, sem gerir kaupferlið allt öruggara. Ef þú treystir þér ekki til að setja þínar upplýsingar á netið, gerðu það þá ekki. Þá verslarðu bara hér heima!
- Síðasta ráðið er að skrá sig á póstlista hjá versluninni. Þá fær maður alltaf tölvupóst með nýjustu sendingunum, afsláttarkóða og tilkynningar um útsölur. Það gabbar mann stundum út í rugl en ég er samt alltaf jafn glöð þegar ég get nýtt mér 25 prósenta afslátt.
- Uppáhalds netverslanirnar mínar eru ASOS fyrir fatnað, skó og snyrtivörur, og svo CultBeauty sem er skemmtilega uppsett snyrtivöruverslun með góð vörumerki og snilldar þjónustu.

Fylgstu með Elínu á elinlikes.com




# Allt sem þú þarft fyrir þína **vefverslun**

Sérfræðingar okkar hafa áralanga reynslu af hönnun og uppsetningu vefverslana og eru reiðubúnir að hjálpa þér að ná hámarksárangri í markaðs- og sölustarfi þínu á netinu.

Hafðu samband og við hjálpum þér að ná forskoti með snjallri notkun upplýsingatæknilausna.

**advania.is**

advania
Welcome to IT

# Neytendur og netverslun

Netverslun Íslendinga hefur aukist mikið undanfarin ár, enda þægilegt að geta keypt vörur í ró og næði heima í stofu og fá sendar heim að dyrum. Mikilvægt er að hafa augun opin og gæta þess að borga rétta upphæð og kynna sér vel skilareglur áður en gengið er frá viðskiptunum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Einn helsti kosturinn við að kaupa vöru á netinu er að þurfa ekki að fara á staðinn og einnig að hafa möguleika á að versla á erlendum síðum þar sem úrvalið er gott og stundum jafnvel betra en hér heima. Hins vegar er ókosturinn sá að ef varan sem keypt er uppfyllir ekki væntingar, t.d. föt sem passa ekki eða gæðin eru ekki eins og þeim var lýst, er hætta á að neytandinn sitji uppi með vöru sem hann notar ekki. Ástæðan er sú að margir nenna ekki að standa í að skila vöru sem þeir hafa keypt á netinu og sætta sig við að nota hana ekki eða láta hana frá sér,“ segir Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum.

### Aðrar reglur í Ameríku og Asíu

Sérstök lög gilda um netverslun, rétt eins og aðra verslun. Sem dæmi má nefna að þegar neytandi kaupir vörur á netinu af íslenskum seljanda gilda lög um neytendasamninga sem tóku gildi á síðasta ári. Samkvæmt þeim lögum eiga neytendur rétt á að hætta við kaup á vöru innan 14 daga frá afhendingu, sé um netkaup að ræða.

„Neytanda ber þá að skila vöru óskemmdri til seljanda og þarf sjálfur að greiða kostnað vegna endursendingarinnar. Þessi réttur gildir á EES-svæðinu og er því einnig í gildi þegar vara er keypt t.d. af dönskum, enskum eða þýskum seljanda. Gott er að hafa í huga að aðrar reglur geta gilt þegar vara er keypt frá t.d. Ameríku eða Asíu,“ upplýsir Hrannar Már og bætir við að breytingar séu í farvatninu sem eigi að koma kaupendum til góða.

„Þessar breytingar kallast Online Dispute Resolution og fela í sér að neytandi getur leitað úrlausnar hjá aðila utan dómstóla, sé um að ræða mál sem kemur upp vegna vörukaupa á netinu. Online Dispute Resolution mun gilda í löndum innan Evrópusambandsins og á Íslandi og í Noregi. Þetta þýðir að ef vara, sem keypt er á netinu, reynist vera gölluð er hægt að leita til úrlausnaraðila í því landi þaðan sem hún er keypt og mögulega fá hana endurgreidda eða fá bætur,“ segir hann.

### Öryggi mikilvægt

Hvað varðar öryggi í netverslun hvetur Hrannar Már fólk til að vera á varðbergi og gefa aldrei upp kreditkortanúmerið sitt nema á öruggum netsíðum.

„Þegar gengið er frá kaupum á netinu fá margir sms í símann sinn með öryggiskóða sem þarf að slá inn í tölvuna til að staðfesta kaupin. Mikilvægt er að skoða vel hvort upphæðin í skilaboðunum stemmi við þá upphæð sem verslað er fyrir því fólk hefur lent í því að eitt núll hefur bæst við hana. Ef svo reynist og fólk hefur þrátt fyrir það sett inn öryggiskóðann er erfitt að bakfæra upphæðina. Þess vegna þarf að hafa augun opin og gæta fyllsta öryggis í viðskiptum á netinu,“ segir Hrannar Már að lokum.



**Þegar gengið er frá kaupum á netinu fá margir sms í símann sinn með öryggiskóða sem þarf að slá inn í tölvuna til að staðfesta kaupin. Mikilvægt er að skoða vel hvort upphæðin í skilaboðunum stemmi við þá upphæð sem verslað er fyrir því fólk hefur lent í því að eitt núll hefur bæst við hana, að sögn Hrannars Más.**




Hrannar Már, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, segir einn helsta kostinn við að kaupa vöru á netinu þann að þurfa ekki að fara á staðinn og hafa möguleika á að versla á erlendum síðum þar sem úrvalið er gott.

# Vefverslanir fyrir allar gerðir fyrirtækja

Sérfræðingar veflausna Advania smíða og hanna vefi fyrir allar gerðir fyrirtækja. Þar starfar líka hópur sérfræðinga við gerð vefverslana sem fjölgar jafnt og þétt.

Hjá veflausnum Advania starfa 52 sérfræðingar sem sérhæfa sig í að hanna aðgengilegar og notendavænar vefsíður fyrir allar gerðir fyrirtækja. Sérfræðingar deildarinnar veita ráðgjöf um alla þætti vefsíðugerðar, rekstur og þarfagreiningu á vefverkefnum ásamt hönnun og forritun á vefjum. Þar starfar líka hópur sérfræðinga við gerð vefverslana af öllum stærðum og gerðum, en mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eru með vefi sína og vefverslanir hjá Advania. Má þar nefna Rúmfatalagerinn, Ekran, Skór.is og Rekstrarvörur svo dæmi séu tekin.

„Þá eru margar spennandi stórar vefverslanir í smíðum hjá félaginu og ljóst að áhugi á vefverslun er mikill hjá bæði neytendum og fyrirtækjum,“ segir Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna Advania. Hún segist merkja breytta notenda- og kauphegðun hjá Íslendingum síðustu ár. „Fólk vill í auknum mæli geta verslað og séð verð hvar og hvenær sem er.“ Hún segir vefi og vefverslanir leið til aukinnar þjónustu sem neytendur velji í síauknum mæli. „Við leggjum mikla áherslu á að setja okkur í spor viðskiptavina svo að veflausnir okkar styðji vel við þeirra rekstrarmarkmið.“

> **Þá eru margar spennandi stórar vefverslanir í smíðum hjá félaginu og ljóst að áhugi á vefverslun er mikill hjá bæði neytendum og fyrirtækjum.**
>
> Sigrún Eva Ármannsdóttir



Að sögn Sigrúnar Evu Ármannsdóttur, sem er hér hægra megin við miðju, leggur starfsfólk Advania mikla áherslu á að setja sig í spor viðskiptavina svo veflausnirnar styðji vel við rekstrarmarkmið.

# HAUSTYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

## skoðið laxdal.is/yfirhafnir



**ÍTALSKAR ULLARKÁPUR**

**30% afsláttur til 30. sept.**

**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

BERNHARÐ LAXDAL

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Leyndarmál fegurðarinnar

## SENSAI kynnir nýja einstaka förðunarlínu sem gerir þér kleift að hafa áhrif á ljóma húðarinnar. Nýja förðunarlínan inniheldur hið einstaka Koishimaru-silki.

Það er fátt sem jafnast á við það þegar silki snertir húð þína. Mjúkt, létt og með glansandi áferð vekur það sömu tilfinningar og snerting eða kærleiksríkur koss frá þeim sem maður elskar. Það er einmitt ástæðan fyrir því að silki hefur notið svo mikillar hylli í gegnum tíðina sem hið unaðslegasta af öllum efnum, iðulega kallað „húð nr. 2“.

Grunnurinn að japönsku hágæðasnyrtivörunum frá SENSAI (Kanebo) byggist á þessari óumdeildu tengingu á milli silkis og húðar. Vörur fyrirtækisins hafa alveg frá upphafi verið hannaðar með það að markmiði að laða fram mestu hugsanlegu fegurð. Grundvallarviðhorf SENSAI er að árangurinn eigi að skila sér í óaðfinnanlegri, silkimjúkri áferð húðarinnar.

Þessi hugmyndafræði á rætur að rekja allt aftur til þess er forsvarsmenn fyrirtækisins tóku sérstaklega eftir því hvað húðin á höndum kvenna, sem voru að vinna við silkivefnað, var áferðarfalleg og laus við allan þurrk þrátt fyrir að vinnuumhverfið væri oft og tíðum fremur nöturlegt. Þeir hugsuðu því sem svo að ákveðnir eiginleikar silkisins hlytu að hafa þessi sérstöku áhrif, að geta gætt húðina bæði fegurð og mýkt.

Spurningin var þá hvernig mögulegt væri að nýta þessa merkilegu uppgötvun á sviði snyrtivöruframleiðslu. Hjá SENSAI trúðu menn að það væri hægt og hófu leit að besta fáanlega silkinu. Þeir vildu að það hefði háglansandi áferð enda myndi það skila langbesta árangrinum við notkun snyrtivaranna. Leitin leiddi menn á slóðir Koishimaru-silkisins sem þekkt var sem „hinn dýrmætasti fjársjóður“. Upphaflega var það eingöngu notað í klæði japönsku keisarafjölskyldunnar og annarra háttsettra aðila en þetta undursamlega silki var stundum líka nefnt „hið konunglega silki“.

Að loknum umfangsmiklum rannsóknum í húðsjúkdómafræði og eftir að hafa prófað margar tegundir silkis í þessum tiltekna tilgangi lék ekki minnsti vafi á því að Koishimaru-silkið bjó yfir ákjósanlegustu eiginleikunum til að geta aukið framleiðslu á fjölsykrusýru (hyaluronic acid) í húðinni, náttúrulegu efni sem bindur vatn og er því afar mikilvægt fyrir heilbrigði húðarinnar, mýkt hennar og rakabúskap. Með því að veita húðinni fullnægjandi raka utan frá og örva jafnframt framleiðslu á fjölsykrusýru eykst rakamagn húðarinnar og við það verður endurnýjunarhæfni húðfrumnanna eins og best verður á kosið. Ímyndið ykkur óþrjótandi uppsprettu nærandi og auðgandi vatns sem er staðsett í neðstu lögum húðarinnar og veitir henni þannig stöðugt nægjanlegan raka, hið eftirsótta jafnvægi og heilbrigði.

Hjá SENSAI kalla menn þetta „hið óþrjótandi haf rakans“ en það er hið magnaða leyndarmál sem Koishimaru-silkið býr yfir. Án þessa leyndarmáls væri engin af þeim vörum, sem hannaðar hafa verið til að fyrirbyggja ótímabær ummerki öldrunar á húðinni, að skila tilætluðum árangri.

Vertu tilbúin að uppgötva hið fullkomna fyrir húðina þína.




**LIQUID FOUNDATION BURSTI.** Sniðinn haus og frammjór bursti fínpússa farðann til að stjórna ljómanum og fylla upp í fínar línur þannig að áferðin verður alveg samfelld.

**Koishimaru Silk Extract. Unnið úr verndarhýði Koishimaru-silkisins, dýrmætasta silki Japans, oft nefnt „örsmái fjársjóðurinn“. Koishimaru-silkið bætir rakabúskap húðarinnar og eykur magn hýalúronats í húðinni. Viðheldur raka og á heiðurinn af silkimjúkri áferð húðarinnar.**

# Fæturnir þurfa góða umhirðu

## Þegar kólnar í veðri þarf að gæta vel að húðinni. Andlitið er viðkvæmt fyrir frosti. Fætur þurfa ekki síður góða umhirðu. Þeir eru þurrir og sprungnir auk þess sem skinnið er hart eftir berfætt sumar.

Margir venja sig á að ganga berfættir allt sumarið. Það getur krafist heilmikillar umhirðu. Fótsnyrting er ekki dekur heldur nauðsynleg til að fjarlægja harða og sprungna húð og þurr naglabönd. Einnig þarf að klippa neglurnar reglulega. Það er mjög gott að fara annað slagið til fótasérfræðings og gæta svo vel að umhirðunni þess á milli.

Þegar fótsnyrtingin hefst byrjar hún á góðu fótabaði með mýkjandi sápu. Fæturnir þurfa að vera í baðinu í tíu mínútur. Ef góð sápa er sett í vatnið hefur hún mjög góð áhrif á harða húð en mjög gott ráð er að setja líka smávegis ólífu- eða kókosolíu út í vatnið.

Eftir baðið þarf að fjarlægja alla harða húð en gæta verður þess að fjarlægja ekki of mikið svo ekki myndist sár. Vinna þarf á sprunginni og harðri húð með mjúkum höndum. Ekki er gott að vera of harðhentur. Til að laga naglaböndin er hægt að nota þurrt handklæði og nudda vel yfir neglurnar. Einnig er hægt að nota sérstök naglabandaskæri. Loks þarf að klippa allar neglur en ekki má klippa þær of stuttar. Það getur verið sársaukafullt ef klippt er



Fætur eru viðkvæmir og þurfa góða umhirðu.

> **»** **Mjög gott ráð er að setja smávegis ólífu- eða kókosolíu út í vatnið þegar farið er í fótabað.**

ofan í skinnið. Klippið neglurnar beint yfir en ekki í boga. Ef neglur eru inngrónar þarf að leita til fótaaðgerðasérfræðings. Einnig ef sveppasýning hefur komist í nögl og hún þykknað.

Þegar naglasnyrtingunni er lokið þarf að nudda fæturna með góðu fótakremi þannig að þær verði mjúkar. Kókosolía er góð á fæturna. Fallegt naglalakk setur endapunktinn á fótsnyrtinguna. Þá er rétt að minna á að eftir hverja sturtu þarf að þurrka vel á milli tánna.

Margir ganga alltaf berfættir heima hjá sér. Það er miklu þægilegra að ganga þannig um þegar maður veit að fæturnir eru vel hirtir og neglurnar fallega lakkaðar. Það á auðvitað líka við í sundi, leikfimi eða á sólarströnd.



Ef hárið er fitugt er gott að nota þurrsjampó.

## Hárið í lag

Mikil prýði er að fallegu hári. Ekki þarf að hafa mikið fyrir því að halda hárinu heilbrigðu en eitt af því er að fara reglulega í klippingu, þvo það annan hvern dag með góðu sjampói og nota hárnæringu. Ef hárið er líflaust þótt það sé nýþvegið gæti verið að enn sitji of mikil fita í hársverðinum. Besta ráðið til að losna við hana er að þvo hárið með góðu sjampói, skola það vel úr og þvo hárið síðan aftur. Þurrsjampó er líka algjört töfraefni til að fríska upp á fitugt hár og láta það líta út eins og nýþvegið. Ef þurrsjampó er ekki við höndina er gott að nota barnapúður í staðinn en muna að dreifa vel úr því svo ekki séu hvítar skellur í hárinu. Ef hárið er mjög úfið á morgnana gæti verið ráð að prófa að nota koddaver úr silki í staðinn fyrir bómullarkoddaver en silkið dregur úr rafmagni í hárinu.



Fatahönnuðurinn Dapper Dan hafði talsverð áhrif á tískuna í hip-hop heiminum á níunda og tíunda áratugnum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gucci í samstarf við Dapper Dan

Dapper Dan er fatahönnuður og klæðskeri frá Harlem í New York. Hann var vinsæll meðal ríka og fræga fólksins á níunda og tíunda áratugnum þegar hann hannaði og saumaði flíkur á menn á borð við LL Cool J og Mike Tyson. Hann þótti hafa töluverð áhrif á tískuna í hip-hop heiminum á sínum tíma og nú gengur ferill hans í endurnýjun lífdaga með samstarfssamningi við Alessandro Michele hjá Gucci.

Michele tók við hjá Gucci fyrir tveimur árum og hefur verið duglegur að stofna til samstarfs við listamenn á borð við GucciGhost og Coco Capitán.

Samband Dapper Dans við Gucci hefur reyndar verið fremur flókið því hann var á sínum tíma sakaður um að stela hönnun og hugmyndum frá tískurisanum. Dapper Dan missti verslun sína í Harlem árið 1992 í kjölfar málsókna frá ýmsum tískumerkjum sem töldu hann stunda hugverkastuld.

Nú er öldin önnur og mun hönnuðurinn ekki aðeins vera í samstarfi við Gucci um tískulínu heldur mun hann einnig opna verslun sína að nýju með fjárstuðningi frá tískumerkinu.

# Lindex opnar á Akranesi

Ný Lindex-verslun verður opnuð á Akranesi 4. nóvember. Nú þegar eru starfandi sjö Lindex-verslanir á landinu. Lindex er sænskt fyrirtæki með verslanir í 16 löndum. Verslunin á Akranesi verður til húsa í miðbænum. Í Lindex er boðið upp á tískufatnað fyrir konur, undirfatnað, barnafatnað og snyrtivörur á hagkvæmu verði.

Undirbúningur fyrir opnun Lindex á Akranesi er þegar hafinn en útlit verslunarinnar verður í samræmi við svokallaða „clean concept“ hönnun Lindex en að auki verða kynntir þættir sem ekki hafa litið dagsins ljós í Lindex hér á landi. Innréttingahönnunin er byggð á björtu yfirbragði þar sem hvítur litur er áberandi í bland við svart og viðartóna sem gefa útliti verslunarinnar skandinavískt yfirbragð.

„Við erum mjög spennt fyrir opnuninni og vonumst til að sjá sem flesta Vestlendinga á opnunardaginn, laugardaginn 4. nóvember,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Þess ber að geta að langstærstur hluti af barnalínu Lindex er framleiddur úr lífrænni bómull nú þegar og endurunnum efnum.



Ný Lindex-verslun verður opnuð á Akranesi í nóvember.

VIÐ FÆRUM ÞÉR GÓÐAR GLUGGALAUSNIR

Gluggahöllin ehf. flytur inn og smíðar glugga og hurðir í öllum mögulegum stærðum. Allar vörur eru framleiddar úr hágæða efni sem þolir vel íslenska veðráttu. Leitaðu til ráðgjafa okkar til að fá nánari upplýsingar og tilboð, þér að kostnaðarlausu




Gluggahöllin

Gluggahöllin ehf. Mörkin 4, 108 Reykjavík, S: 555 0760 info@gluggahollin.is

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Verslun




**NÝTT!**
We-Vibe unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð, Womanizer það allra besta í dag, Viamax fullnægingarkremið sem virkar, múffur, 50 Shades of Grey og allt það vinsælasta. Millifærsla, greisðlukort og netgíró. Fáðu sent eða sæktu! www.hush.is

# Heilsa

## Nudd

**NUDD/MASSAGES**
Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

FEDERAL PREMIUM
GÆSASKOT
af bestu gerð og góðu verði.
Vesturröst 60 ára 1957 - 2017



Federal Premium 2 ¾ kr. 3.390
Federal Premium Mag 3" kr. 3.950



kr. 3.950 Federal Prairie Storm
Vesturröst
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Sumarbústaðir



**SUMARBÚSTAÐALÓÐ TIL SÖ**
Laugarvatni brekkuskógi, 0,5, gróinn falleg leigu lóð,heita og kaldavatns inntak og fl.greitt.verð 2,9. uppl. 820-5181

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

# Atvinna

## Atvinna í boði

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind. Vinnuhlutfall samkomulag. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is**

---

# LIND FASTEIGNASALA

## Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

## Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

## Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

---

## SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,VERKAMENN, MÚRARA, PÍPARA OG LAGERSTARFSMENN SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

---

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

---

Landsvirkjun

## Útboð nr. 20265
## Vátryggingar Landsvirkjunar

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í almennar vátryggingar í samræmi við útboðsgögn nr. 20265.

Um er að ræða almennar vátryggingar s.s. bifreiðatryggingar, bruna- og húseigendatryggingar fasteigna, eignatryggingu lausafjár, ábyrgðartryggingar, farmtryggingar og fl. svo sem lýst er í útboðsgögnum.

Samningur verður gerður til þriggja ára.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, **http://utbod.lv.is**

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir klukkan 12:00 19. október 2017 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

---

TRAUSTI fasteignasala



***Kristján Baldursson hdl.***
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*S: 867-3040*



***Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir***
*Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.*
*S: 899-5949*

## Hjarðarhagi 38, 2. H.H - 107 Reykjavík
**Opið hús í dag kl.17:00-17:30**




Gæsileg og björt 3ja herbergja íbúð á 2.hæð við Hjarðarhaga, íbúðin er 87,9 fm. Eignin er mikið endurnýjuð að innan sem utan. Nýleg sérsmíðuð eldhúsinnrétting. Rúmgóð stofa með nýlegum gluggum. Skipt hefur verið um skólp og dren í húsinu. **Verð 42,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

Nýbýlavegur 8. - 200 Kópavogur - S: 527 1717 - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is




## Búðarflöt 2-6, Garðabær
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:00 - 18:00**

- Ný einbýlishús við sjávarsíðuna.
- 4 svefnherbergi
- Vandaður frágangur.

DOMUSNOVA Fasteignasala

Ábyrgðarmaður Domusnova: Haukur Halldórsson, hdl., lgf.

---

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Allt að 80.000 $m^3$ efnistaka við Eyri í Reyðarfirði**
- **Rannsóknarefnistaka í Norðfjarðarflóa**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **16. október 2017.**

# Sagan af Jeltsín og Pútín



**Ingvar Gíslason**
fv. þingmaður og ráðherra

Svo segir í vísu nokkurri um tvo mektarmenn rússneska sem þóttu á sinn veg hvor:

*Þegar Jeltsín kjassaði kútinn*
*og kyssti blautan stútinn,*
*box sér tamdi*
*og belgi lamdi*
*blendinn og edrú Pútín.*

Þótt vísa þessi sé leirburður eins og flestar limrur sem ortar eru á Íslandi upp á síðkastið, má þó ljóst vera að vísnaskáldið leitast við að draga upp mynd tveggja þjóðarleiðtoga Rússlands eftir fall Sovétríkjanna, þ.e. Jeltsíns og Pútíns, og bera þá saman. Er þess þá að minnast að mannjöfnuður var uppistandaralist skemmtikrafta í baðstofum, að líkindum frá ómunatíð. Ekkert er nýtt undir sólinni. Í stöku þessari er vísað til alkunnra viðhorfa um drykkjuhneigð Rússa, að þeir séu almennt drykkfelldir, drekki vodka meira en góðu hófi gegnir. Þar liggur Jeltsín vel við höggi. En svo eru aðrir Rússar algáðir og eftir því útsmognir. Í þeim hópi er að finna valdamesta mann Rússlands um þessar mundir, sjálfan Pútín, sem Bogi Ágústsson sagði í eyru okkar útvarpshlustenda nýlega að völd hans jöfnuðust á við keisaravöld og er þá ekki að sökum að spyrja. Rétt er nú að víkja nánar að þessum mannjöfnuði og hvert sé pólitískt sanngildi rússnesku drykkjuskaðamýtunnar. Kannski er eitthvað til í henni!

**Það er heimspólitískt glapræði að vestrænir ráðamenn skuli líta á Rússaveldi dagsins í dag sem sovéska eftirmynd og gera sig seka um söguheimsku af versta tagi.**

Hvort sem það er nú rétt að Jeltsín væri drukkinn alla daga meðan hann var og hét. Þá er þess að minnast hve mikils álits hann naut meðal evrópskra stjórnskörunga, hversu mikil ánægja þeirra var að eiga við hann samskipti, hversu vel þeir treystu honum. Fjölmiðlar drógu upp af honum þá mynd að hann væri hinn geðþekkasti náungi, allur uppá lýðræðið og bræðralagshugsjónina, veisluglaður, viðræðugóður. Og þar ofan í kaupið dugandi stjórnmálamaður! – Samt fór sem fór! Valdatíma Jeltsíns lauk.

**Á hangandi hári**

Þá var eins og brygði til hins verra um vináttu forystumanna Evrópusambandsins og Rússa. Fylliríið rann af ráðamönnum í Kreml, Pútín, boxari og langhlaupari, mætti algáður til vinnu hvern dag. Hann gerði ekki betur en að reka tungubroddinn í kampavín fyrir siðasakir, þegar hann hafði siðmenntaða Miðevrópumenn og Ameríkana til boðs og borðs. Slík manngerð af Rússa að vera var tortryggileg. Pólitísk og diplómatísk viðhorf snerust á hvolf. Ásýnd og ímynd þjóðarleiðtogans bar þess merki að Rússland var enn að eðli sovéskt og austrænt og ógnvaldur nýfrjálsum nágrannaþjóðum. Friðsamleg sambúð milli Rússlands og Evrópuríkja (og Bandaríkjanna) var á hangandi hári.

Nú kann vel að vera að Pútín Rússlandsforseti sé pólitískur bragðarefur, en margur heldur mann af sér. Eftir því sem best er vitað í nútíð og þátíð hefur orð legið á um pólitíska bragðarefi víðast hvar um veröldina og ýmsum hampað fyrir kænsku, sem raunar stóð saman af bellibrögðum, ósannindum og prettum. Oft má spurja þeirrar spurningar hver vilji frið og hver slíti friðinn. Er það víst að Rússar hafi einir slitið friðinn, þegar ófriður ríkir um lönd og álfur?

Sú kenning að Rússar séu að meginmenningu austræn þjóð er á misskilningi byggð. Látum forsöguna vera, svo óljós sem hún er. Þrátt fyrir það hafa Rússar um aldaraðir horft til vesturs um það sem betur mætti fara í hverju því sem lýtur að efnahagslegum framförum þeirra. Á síðari öldum hafa rússneskir rithöfundar og skáld, tónlistarmenn og myndlistarmenn lagt sinn hlut af mörkum til listmenningar í Evrópu og heimsins alls.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna að samskipti Rússa og Íslendinga hafa lengi verið góð og byggð á gagnkvæmum hagsmunum. Eltingaleikur íslenskra stjórnmálamanna við viðskiptahindranir Evrópusambandsins og Bandaríkjanna hefur stórskaðað íslenskt efnahagslíf undanfarin ár auk þess sem slík þjónkun við heimsauðvaldið er pólitískt mál í meira lagi. Það er heimspólitískt glapræði að vestrænir ráðamenn skuli líta á Rússaveldi dagsins í dag sem sovéska eftirmynd og gera sig seka um söguheimsku af versta tagi. Að réttum skilningi skipta karlar á borð við Jeltsín og Pútín engu máli. Mín vegna má líta á þá sem drykkfellda belsebúba eða útsmogna hrekkjalóma, en slíkt má ekki koma í veg fyrir sambúð stórvelda.




## Jafnt í fyrsta Meistaradeildarleiknum á Anfield í þrjú ár




Dansandi kátir Liverpool og Sevilla skildu jöfn, 2-2, í E-riðli Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Þetta var fyrsti Meistaradeildarleikurinn á Anfield síðan 2014. Sevilla komst yfir strax á 5. mínútu en Roberto Firmino jafnaði metin á 21. mínútu. Hann og Sadio Mané tóku létt dansspor eftir jöfnunarmarkið. Mohamed Salah kom Liverpool yfir fyrir hálfleik en Spánverjarnir jöfnuðu metin 18 mínútum fyrir leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

# Er Grindavík enn í fallhættu?

**Heil umferð fer fram í Pepsi-deild karla í dag. Þrátt fyrir að Valur sé á góðri leið með að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn er eitthvað í húfi fyrir öll lið. Andri Rúnar Bjarnason á enn möguleika á að slá markametið.**

**FÓTBOLTI** Valur á í dag möguleika á að tryggja sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í áratug en þá fara allir leikir nítjándu umferðar fram. Þrátt fyrir að lítil spenna sé um sjálfan titilinn hafa öll lið deildarinnar að einhverju að keppa í dag.

„Ég held að það sé pottþétt að titillinn sé svo gott sem tryggður hjá Val,“ sagði Hjörvar Hafliðason, sérfræðingur íþróttadeildar um Pepsi-deildina. Valur kemst með sigri á KA norðan heiða í dag í 43 stig en aðeins Stjarnan og FH geta náð 43 stigum úr þessu en þurfa þá að vinna alla leiki sína sem eftir eru. Það þýðir að titillinn er Valsmanna með sigri á Akureyri, ef Stjarnan og FH misstíga sig bæði.

Valur er næstsigursælasta félag í sögu Íslandsmótsins með 20 titla. Sá næsti verður hins vegar aðeins annar titill félagsins í 30 ár en síðast urðu Valsmenn meistarar fyrir áratug.

### Baráttan um Evrópusæti

ÍBV er þegar með öruggt sæti í forkeppni Evrópudeildar UEFA eftir sigur liðsins í Borgunarbikarnum. Tvö önnur lið komast í keppnina, þau sem hafna í öðru og þriðja sæti deildarinnar. Stjarnan (31 stig) og FH (28 stig og leikur til góða) standa þar best að vígi en KR kemur næst á eftir með 26 stig.

„Því miður fyrir KR-inga þá er KR ekki að fara í Evrópukeppnina miðað við spilamennsku liðsins,“ segir Hjörvar en Vesturbæingar hafa aðeins unnið einn af síðustu fimm deildarleikjum sínum og steinlágu fyrir ÍBV á heimavelli í síðasta leik, 3-0.

„FH-ingar eru einfaldlega betri en KR-ingar í dag. En ef KR ætlar sér að vera með í baráttunni um Evrópusæti þá verða þeir að vinna í Kópavogi í dag og ég held að það gæti verið afar erfitt,“ segir hann.

### Átta lið í fallbaráttu?

Mesta spennan í deildinni er líklega um hvaða tvö lið falla. ÍA stendur reyndar langverst að vígi í þeirri baráttu með þrettán stig – sjö stigum frá öruggu sæti. En Skagamenn halda enn í vonina á meðan hún er enn til staðar.

Eitt stig skilur að liðin í næstu þremur sætum fyrir ofan. Fjölnir og Víkingur Ólafsvík eru með 20 stig en ÍBV, sem mætir Grindavík í dag, er með nítján.

„Hingað til hefur það nægt í 12 liða deild að vera með 21 stig til að halda sér uppi. Það er fremur lítið og við munum að Þróttur féll með 22 stig í tíu liða deild árið 2003. Það gæti alveg gerst að lið gæti fallið með 25 stig í ár,“ bendir Hjörvar á.

Það þýðir að Víkingur Reykjavík (23 stig), KA og Breiðablik (24 stig hvort) sem og spútniklið Grindavíkur (25 stig) eru öll enn í fallhættu.

„Grindvíkingar eru ekki alveg sloppnir. Ef Eyjamenn vinna þá í kvöld, þá er Grindavík, sem var eitt heitasta liðið í byrjun tímabils, komið í vesen,“ sagði Hjörvar. Grindavík hefur vissulega snöggkólnað en liðið hefur tapað sex af síðustu átta leikjum sínum.




**Andri Rúnar Bjarnason, markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar.**

> **Ef KR-ingar ætla sér að vera með í baráttunni um Evrópusæti þá verða þeir að vinna í Kópavogi.**
>
> Hjörvar Hafliðason

### Markametið í hættu

Ef Grindavík ætlar sér að eiga góðan endasprett þarf liðið að fá stórt framlag frá Andra Rúnari Bjarnasyni, markahæsta leikmanni deildarinnar, sem enn er að gæla við að bæta markamet efstu deildar á Íslandi. Það stendur í nítján mörkum og er orðið 39 ára gamalt.

Andri Rúnar hefur skorað fimmtán mörk í sumar en enginn hefur skorað fleiri á sama tímabilinu síðan Björgólfur Takefusa skoraði sextán mörk árið 2009, ári eftir að liðum var fjölgað í tólf í efstu deild.

Allir leikir dagsins hefjast klukkan 17.00 nema viðureign Stjörnunnar og Víkings Ólafsvíkur sem hefst klukkan 19.15. Fylgst verður grannt með gangi mála í öllum leikjum á íþróttavef Vísis og umferðin gerð upp á ítarlegan máta í Pepsi-mörkunum á Stöð 2 Sport klukkan 21.15.

**eirikur@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**E-riðill**

**Liverpool - Sevilla 2-2**
0-1 Wissam Ben Yedder (5.), 1-1 Roberto Firmino (21.), 1-2 Mohamed Salah (37.), 2-2 Joaquin Correa (72.).

**Maribor - Spartak M. 1-1**

**F-riðill**

**Feyenoord - Man. City 0-4**
0-1 John Stones (2.), 0-2 Sergio Agüero (10.), 0-3 Gabriel Jesus (25.), 0-4 Stones (63.).

**S. Donetsk - Napoli 2-1**

**G-riðill**

**RB Leipzig - Monaco 1-1**
**Porto - Besiktas 1-3**

**H-riðill**

**Tottenham - Dortmund 3-1**
1-0 Son Heung-Min (4.), 1-1 Andriy Yarmalenko (11.), 2-1 Harry Kane (13.), 3-1 Kane (60.).

**Real Madrid - APOEL 3-0**

> **Eins og þetta Liverpool lið er skemmtilegt sóknarlega er geðveikt pirrandi að þurfa lágmark 3-4 mörk til að vinna leiki.**
>
> Einar Matthías
> @einarmatt

KREFJANDI VÖLLUR Í EVIAN
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur leik á Evian Championship í dag. Ólafía lenti í 4. sæti á Indy Women in Tech-mótinu um síðustu helgi. „Þeir ætla að hafa þetta krefjandi og völlurinn er ekkert lamb að leika sér við,“ sagði Ólafía við íþróttadeild í gær. En hvað þarf hún helst að varast á vellinum í Evian? „Það eru nokkur teighögg. Það er mikið landslag á flötunum, þannig að þú þarft að vera á réttum hluta,“ sagði Ólafía sem hefur leik kl. 15.09 í dag.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | Evian Champ. | Golfstöðin |
| 13.30 | Evian Champ. | Golfstöðin |
| 16.45 | Breiðablik - KR | Sport |
| 16.45 | KA - Valur | Sport 4 |
| 16.55 | Atalanta - Everton | Sport 2 |
| 16.55 | Austria Vín - Milan | Sport 3 |
| 19.00 | Stjarnan - Vík. Ó. | Sport |
| 19.00 | Arsenal - Köln | Sport 2 |
| 19.00 | Vitesse - Lazio | Sport 3 |
| 19.00 | BMW Champ. | Golfstöðin |
| 21.15 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 22.40 | Síðustu 20 | Sport |

**Pepsi-deild karla:**
17.00 Breiðablik - KA
17.00 KA - Valur
17.00 Fjölnir - ÍA
17.00 ÍBV - Grindavík
17.00 Víkingur R. - FH
19.15 Stjarnan - Víkingur Ó.

**Olís-deild karla:**
18.00 Afturelding - ÍBV
19.30 Fram - FH
19.30 Grótta - Valur

THULE SWEDEN

# Barnavörur

## September tilboð

***Urban Glide 2***
~~97.277~~
25% afsláttur
**72.958**



TH10101903

***Urban Glide 1***
~~79.980~~
25% afsláttur
**59.985**



TH10101905

***Urban Glide 2***
~~97.277~~
25% afsláttur
**72.958**



TH10101906

***Chariot Sport 1***
~~155.651~~
25% afsláttur
**116.738**



TH10201001

***Chariot Cross 1***
~~116.735~~
25% afsláttur
**87.551**



TH10202001

***Chariot Cross 1***
~~119.900~~
25% afsláttur
**89.925**



TH10202002

***Chariot Cross 2***
~~129.707~~
25% afsláttur
**97.280**



TH10202004

***Chariot Lite 2***
~~90.791~~
25% afsláttur
**68.093**



TH10203002

***Chariot Cab***
~~129.707~~
25% afsláttur
**97.280**



TH10204001

**Stilling**
*Allt fyrir börnin*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# HÚSASMIÐJAN · blómaval

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

# ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR



**37% afsláttur**




**Háþrýstidæla, 105 bör**

**9.995 kr**

~~15.995 kr~~

**Háþrýstidæla** C 105C7-5
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálvirk gagnsetning og stöðvun með Click & Clean kerfi.
5254201

**3 stk., 11cm pottur**

**Erikurnar eru komnar**

**990 kr**



HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARÐVERKFÆRI 30% • PARKET OG FYLGIHLUTIR 30-45%
VERKFÆRATÖSKUR 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKFÆRI 30% • HILLUREKKAR 30%
HITACHI OG DEWALT VERKFÆRI 20% (VELTISAGIR 15%) • STANLEY LOFTPRESSUR 25% • HANDVERKFÆRI 30%
HÁÞRÝSTIDÆLUR 30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERÐAGRILL 40%
BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARÐHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35%
FERÐAVÖRUR 40% • GARÐLEIKFÖNG 40% • FLÍSAR 30% • INNIHURÐIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGÞILJUR 20%
ELDAVÉLAR 20% • OFNAR 20% • HELLUBORÐ 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI 30%
POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20% • GARÐÁLFAR 50%
REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR 30-50%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**

aida daily design

ÚTSALA

**4.794 kr**

~~7.990 kr~~

40% afsláttur

**Matar- og kaffistell**
Aida Café, 30 stk.
2000419



Electrolux

ÚTSALA

**4.890 kr**

~~6.990 kr~~

**Blandari**
Stál, 300W, 0,6 ltr. plastkanna.
1840154

Sjáðu verðið!

30% afsláttur





## Frábær kaup á fallegu harðparketi

KAINDL

ÚTSALA

Eikarplanki

**1.195 kr/m²**

~~2.289 kr/m²~~

Sjáðu verðið!

48% afsláttur

**Harðparket**
Kaindl, 8 mm, eikarplanki, bandsagaður.
147071

Laufen er svissneskur framleiðandi hágæða hreinlætis-tækja og hefur verið leiðandi í sinni grein síðan 1892.

LAUFEN



ÚTSALA

**9.995 kr**

~~16.745 kr~~

Sjáðu verðið!

40% afsláttur

**Veggskál**
Laufen Pro-N. Seta seld sér.
7920010

29% afsláttur



3 ltr

ÚTSALA

Meðan birgðir endast

**1.695 kr**

~~2.385 kr~~

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27

58% afsláttur

taylor's eye witness



ÚTSALA

**5.000 kr**

~~11.990 kr~~

**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007432



ÚTSALA

**4.000 kr**

~~7.700 kr~~

48% afsláttur

**Panna**
Jamie Oliver, Tefal panna.
5873501

40% afsláttur



ÚTSALA

**10.675 kr**

~~17.795 kr~~

**Eldhústæki**
Emmivi Eden.
7900023



ÚTSALA

**59.990 kr**

~~69.900 kr~~

**Frystikista 248 ltr.**
Frigor. Orkunotkun B.
1805487

Sjáðu verðið!

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux



ÚTSALA

**56.990 kr**

~~64.990 kr~~

**Uppþvottavél** ESF5521LOW
Orkunýting A+, þurrkhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB.
1808976

# KLINKMARKAÐUR
Húsasmiðjunnar

**Komdu og gerðu frábær kaup á Klinkmakaði Húsasmiðjunnar**
Skoðaðu og láttu úrvalið koma þér á óvart

100 kr | 200 kr | 500 kr | 1.000 kr | 1.500 kr

2.000 kr | 3.000 kr | 4.000 kr | 5.000 kr | 7.000 kr



FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

## Merkisatburðir

**1879** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð á ný eftir miklar viðgerðir. Meðal annars höfðu verið settir ofnar í hana. Kirkjan var upphaflega vígð árið 1796.

**1944** Marlene Dietrich kvikmyndaleikkona heldur sýningu í Tripoli-leikhúsinu í Reykjavík ásamt leikflokki ameríska hersins.

**1950** Flugvélin Geysir brotlendir á Bárðarbungu á Vatnajökli, á leið frá Lúxemborg til Reykjavíkur. Sex manna áhöfn kemst lífs af. Flugvélin finnst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

**1965** Breska hljómsveitin The Kinks kemur til landsins og heldur átta tónleika í Austurbæjarbíói á fjórum dögum. Alltaf er uppselt.

**1982** Kristján Eldjárn deyr, 65 ára. Hann var þjóðminjavörður í rúma tvo áratugi og forseti Íslands frá 1968 til 1980.

**1986** Í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Sigurðar Nordal er ákveðið að setja á laggirnir stofnun sem ber nafn hans. Sigurður var prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.

# Dægurlagaperlurnar slógu í gegn hjá landsmönnum

**Þríeykið Sigga Beinteins, Guðrún Gunnarsdóttir og Jógvan Hansen hafa undanfarið sungið gamlar dægurlagaperlur saman á tónleikunum Við eigum samleið. Tónleikarnir hafa hitt beint í mark hjá tónlistarunnendum en þeir hafa verið haldnir hátt í 30 sinnum.**

Sigríður Beinteinsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Jógvan Hansen hafa haldið tónleikana Við eigum samleið hátt í 30 sinnum. Upphaflega var planið að halda tónleikana nokkrum sinnum en fleiri og fleiri tónleikar hafa bæst við vegna mikillar eftirspurnar. Næstu tónleikar verða föstudaginn 22. september. „Við hættum aldrei, þetta er svo gaman,“ segir söngvarinn Jógvan og hlær.

Þríeykið áætlar að um 8.000 manns hafi komið á tónleikana hingað til. „Þeir innihalda mikið grín, gleði og söng og margir sem hafa séð þá hafa komið í annað sinn,“ segir Sigga.

> **En fyrir mér er þetta allt ungt og nýtt því þetta eru mikið lög sem ég þekki ekki og hef aldrei heyrt áður.**

Spurður út í lögin sem þau taka á tónleikunum segir Jógvan: „Þetta er eldri tónlist. Klassískar dægurlagaperlur. En fyrir mér er þetta allt ungt og nýtt því þetta eru mikið lög sem ég þekki ekki og hef aldrei heyrt áður. Ég þurfti því að læra mikið frá grunni,“ útskýrir Jógvan sem er frá Færeyjum.

„Þetta var auðvitað hugmynd Siggu og Guðrúnar og svo buðu þær mér að vera með, sem er mjög gaman. Hópurinn virkar svo vel saman.“ Þess má geta að Karl Olgeirsson spilar á flygil, Vignir Snær Vignisson á gítar og Róbert Þórhallsson er á bassa á tónleikunum.

gudnyhronn@365.is



Sigga Beinteins, Jógvan Hansen og Guðrún Gunnarsdóttir syngja saman á tónleikunum Við eigum samleið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



✝

Okkar elskandi og trygga móðir, amma, langamma og langalangamma,

**Valgerður Eiðsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi mánudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. september kl. 13.

**Davíð Kristjánsson — Sóley Sigdórsdóttir**
**Hulda Ósk Ólafsdóttir — Kristinn Ragnarsson**
**Þorgrímur Ólafsson — Sólveig Ólafsdóttir**
**Birgir Ólafsson — Ása Margrét Arnþórsdóttir**
**Líney Björk Ívarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Guðrún Pálsdóttir**

áður til heimilis að Njálsgötu 14,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 7. september síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju 20. september kl. 13.00.

**Brynja Baldursdóttir — Kristján Helgi Jóhannsson**
**Styrmir Sigurðsson — Helga María Jónsdóttir**
**Kristjana M. Sigurðard. — Óskar Sigurðsson**
**Vífill Sigurðsson — Freygerður Auðar Guðmundsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Árnason**

professor emeritus,

lést á Ísafold í Garðabæ föstudaginn 8. september. Útförin fer fram frá Digraneskirkju 22. september kl. 13.00.

**Lilja Kristín Bragadóttir — Valdemar Gísli Valdemarsson**
**Guðrún Jóna Bragadóttir — Hilmar Þorvaldsson**
**Anna Þóra Bragadóttir — Haraldur Kr. Ólafsson**
**Jóhanna Bragadóttir — Sigurjón Hendriksson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,

**Björgvins Hofs Gunnarssonar**

Veghúsum 31, Reykjavík,

sem lést þann 24. ágúst sl., verður gerð frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 18. september kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Borghildur H. Flórentsdóttir**
**Sandra Björgvinsdóttir — Geir Bjarnþórsson**
**Árni Hjálmarsson — Marie Godén**
**Hulda Hafsteinsdóttir — Daníel G. Gunnarsson**
**Alfreð Hafsteinsson — Guðrún Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Gústaf Pálmar Símonarson**

prentari,

andaðist 28. ágúst sl. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Lilja Sigurjónsdóttir**
**Sveinn Þórir Gústafsson — Anna Tia Luong**
**Jón Gústafsson — Sigrún Sighvatsdóttir**
**Margrét Gústafsdóttir**
**Ríkharður Gústafsson — Donabel DE LA Cruz**
**Ólafía Gústafsdóttir — Heimir Þór Tryggvason**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Mary Gísladóttir**

lést 11. september á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Hafdís Sylvía Hreiðarsdóttir**
**Helgi Þór Hreiðarsson — Elísa Rut Guðmundsdóttir**
**Súsanna G. Hreiðarsdóttir — Sigurður R. Árnason**
**og ömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gunnhildur Þ. Hjarðar**

Kirkjuvegi 11, Keflavík,

lést, á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 30. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug.

**Sigurður Arnbjörnsson**
**Kjartan Arnbjörnsson — Kristín Róbertsdóttir**
**Salóme Bára Arnbjörnsdóttir — Scott Davidson**
**Guðfinna Björk Arnbjörnsdóttir — Arnoddur Jónsson**
**Guðmundur Björnsson**
**Arnbjörn Barbado**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkæri sambýlismaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,

**Eiríkur Ingi Grétarsson**

kaupmaður,

sem varð bráðkvaddur á Alicante, Spáni, þann 26. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 15. september kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem sem vilja minnast Eiríks er bent á minningarsjóð dætra hans. Reikningur: 0140-05-72170. Kt. 260664-3879.

**Anna Lilja Flosadóttir**
**Alda Karen Eiríksdóttir**
**Unnur Gréta Eiríksdóttir**
**Þorgerður Arnórsdóttir**
**Jón Páll Grétarsson — Margrét Jónsdóttir**
**Alda Kjartansdóttir**




HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9

BYLGJAN
989

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðvestan og vestan 5-15 m/s í dag, hvassast austast. Rigning NA-til fyrri hluta dags, annars bjart með köflum. Hægari vestlæg átt annað kvöld og þykknar upp V-lands. Hiti 4 til 13 stig, mildast SA-til.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 8° |
| ↑ 4 | ↗ 14 | ↗ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 12° | 5° |
| ↗ 4 | ↘ 4 | ↗ 5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 10° | 14° |
| ↑ 12 | ↑ 15 | ↑ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 10° | 7° |
| ↑ 3 | ↖ 1 | ↑ 13 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. band
6. klafi
8. vætla
9. kóf
11. berist til
12. skrefa
14. bóma
16. gyltu
17. löng
18. annríki
20. tvíhljóði
21. faðmlag

**LÓÐRÉTT**
1. tónlist
3. golf áhald
4. land í Evrópu
5. op
7. fugl
10. eðja
13. viðmót
15. innyfli
16. afbrot
19. nudd

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. stag, 6. ok, 8. íla, 9. kaf, 11. bt, 12. klofa, 14. krani, 16. sú, 17. síð, 18. önn, 20. au, 21. knús.
**LÓÐRÉTT**: 1. rokk, 3. tí, 4. Albanía, 5. gat, 7. kalkúnn, 10. for, 13. fas, 15. iður, 16. sök, 19. nú.

## Skák Gunnar Björnsson

Vladimir Fedoseev (2.731) átti leik gegn Maxim Rodshein (2.695) á Heimsbikarmótinu í skák.

**Svartur á leik**

**35. … e3!! 36. Bxd5** (36. Rxe3 Bb6! 37. Bxd5 Bxe3+). **36. … Df2+ 37. Kh1 Df1+ 38. Kh2 Bg5!!** (Þennan leik sá Fedoseev þegar hann lék 35. … e3). **39. Bxe6+ Kg7 40. Dxe3 Bxe3 41. Rxe3 Dxa1 0-1.** Glæsilega teflt.

**www.skak.is:** EM ungmenna klárast í dag.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




JARÐARBERJA
OFURTILBOÐ
Driscoll's
JARÐARBER
VERÐ
299
KR.PK
250 g
* Tilboðið gildir á meðan birgðir endast
OPIÐ
24
TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR

# IKEA ryður brautina í hleðslustæðum

Í dag vígir IKEA 38 ný hleðslustæði fyrir utan verslunina. Fyrir voru 12 stæði og eru hleðslustæði því orðin 50 alls.

Hvorki fleiri né færri en 50 hleðslustæði fyrir rafmagnsbíla eru nú fyrir utan IKEA. Fyrir skömmu voru þau 12 en var nú fjölgað um 38. Ein 48 þeirra eru fyrir viðskiptavini og 2 fyrir starfsfólk. Á næstu vikum bætast við 4 stæði fyrir starfsfólk. Nýju stæðin eru snúrulaus þannig að fólk þarf að nota sína eigin snúru. Fyrir eru 10 stæði með snúru og tvö stæði við hraðhleðslustöð ON á bílastæðinu. Tvö stæðanna eru sérmerkt fyrir viðskiptavini með ungbörn og tvö stæði fyrir fatlaða. „Nýtingin á stæðunum sem voru fyrir hefur verið góð. Það er aldrei fullt, en við því var heldur ekki að búast strax. Viðbótarstæðin 38 eru líka hugsuð til framtíðar og við viljum einfaldlega vera brautryðjendur á þessu sviði. Við ímyndum okkur bara hvað það verður gaman að vera rafbílaeigandi þegar það verða stöðvar með nægum stæðum hvert sem farið er,“ segir Guðný Camilla Aradóttir, markaðs- og umhverfisfulltrúi hjá IKEA.



Löng röð af grænum hleðslustæðum fyrir rafmagnsbíla fyrir utan verslun IKEA í Garðabæ. Stæðin er orðin fimmtíu fljótlega bætast fjögur við.

### Markmiðið að gera daglegt líf þægilegra

„Hugsunin á bak við það að bjóða rafbílaeigendum upp á fría hleðslu er í raun margþætt. Í fyrsta lagi var tekin ákvörðun um að vera í fararbroddi verslana eða verslunarmiðstöðva í þessum málum. Það samræmist líka grunnhugmyndafræði IKEA afar vel en hún er að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta. Með því að taka þá afstöðu að rafmagnsbílar séu framtíðin og að sem flestir komi til með að aka þeim í næstu framtíð þá erum við að segja að þeir séu fyrir alla – alveg eins og IKEA er fyrir alla.

Hleðslustæðin eru svo auðvitað viðbót við þá þjónustu sem IKEA býður viðskiptavinum sínum, og ef viðskiptavinir nærliggjandi fyrirtækja njóta einnig góðs af þá er það í góðu lagi. Við viljum fjarlægja hindranir og rafhleðsla, eða skortur á henni, getur verið hindrun fyrir fólk sem vill koma til okkar.

Í þriðja lagi er samfélagsábyrgð fyrirtækisins tekin alvarlega og allt af reynt að gera betur í þeim málum. Umhverfisvernd er afar brýnt samfélagsmál sem IKEA leggur mikla áherslu á, hvort sem litið er til vara fyrirtækisins, reksturs eða annars og hleðslustæðin hvetja fleiri til að skipta yfir í þennan umhverfisvænni ferðamáta. Einnig má nefna að tvö nýju stæðanna verða breiðari og merkt fötluðum og eru það fyrstu hleðslustæðin sem eru sérstaklega ætluð fötluðum eftir því sem við best vitum.“

### Sérstaða IKEA á Íslandi varðandi rafbílavæðingu

„Hjá IKEA-verslunum erlendis er almennt ekki boðið upp á hleðslustöðvar og líklega er engin IKEA-verslun komin eins langt og IKEA á Íslandi. Á fundi með umhverfisfulltrúum IKEA um allan heim í fyrra var sagt frá fyrstu tíu stæðunum hér á Íslandi og það göptu allir. Á Íslandi búum við auðvitað við lægra raforkuverð en víðast annars staðar en þetta þykir mjög framsýnt í IKEA-heiminum og hefur alfarið orðið að veruleika vegna afstöðu forsvarsmanna IKEA á Íslandi til rafbílavæðingar.“



Mazda elur enn með sér þann draum að setja aftur á markað bíl með Rotary vél undir merkinu Mazda RX-9.

# Rotary vélar enn á dagskrá Mazda

Mazda var lengi vel eini bílaframleiðandi heims sem framleiddi bíla með Rotary-vélum, sem einnig hafa verið nefndar Wankel-vélar, eftir verkfræðingnum sem þróaði slíka vél fyrstur. Mazda RX-7 og RX-8 sportbílarnir voru báðir með Rotary vélar, en Mazda hætti framleiðslu RX-8 árið 2012 og síðan þá hefur enginn bíll verið í boði með Rotary-vél. Mazda elur þó enn með sér þann draum að setja aftur á markað bíl með Rotary vél og gæti það fullt eins orðið bíll sem bæri stafina RX-9, sem arftaki RX-7 og RX-8. Aðspurðir hafa yfirmenn Mazda hins vegar sagt að einhver bið gæti orðið á því þar sem fyrirtækið þyrfti að einbeita sér að þróun annarrar tækni í vinsæla bíla fyrirtækisins til að tryggja það fjármagn sem til þarf til enn frekari þróunar. Eiga þeir þá við rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla, sjálfakandi bíla og frekari þróun SkyActiv-véla.

### Mazda þróar enn Rotary-vélar

Mazda er reyndar enn að þróa Rotary-vélar og nokkrir verkfræðingar Mazda vinna að þeirri þróun. Mazda neitar því hreinlega að Rotary-vélar hafi runnið sitt skeið á enda og telur að framleiðsla þeirra marki ákveðna ímynd fyrir Mazda, sem meiningin sé að viðhalda. Ef að smíði bíls með Rotary-vél kemur væri það ekki til að græða fúlgur fjár, heldur til að viðhalda ímyndinni. Það veltur því allt á því hvernig gengur hjá Mazda að ná fram hagnaði af starfsemi sinni hvort af smíði bíls með Rotary-vél verður. Eigendur hlutafjár í Mazda munu ekki leyfa óhóflegan fjáraustur í þróun bíls með Rotary-vél, nema varlega verði farið og þá til þess eins að tryggja Mazda jákvæða ímynd, meðal annars sem sportbílaframleiðandi.



Tilraunabíllinn Kia Proceed vekur verðskuldaða athygli á bílasýningu ytra.

# Kia sýnir gullfallegan Proceed í Frankfurt

Bílasýningin í Frankfurt hófst í fyrradag og bílaframleiðendur keppast nú við að sýna heimsbyggðinni hvaða dýrð er á pöllunum þar. Á meðal þeirra er þessi gullfallegi tilraunabíll frá Kia sem ber nafnið Kia Proceed Concept. Hinn eldri Proceed I var eingöngu með 3 hurðum, en þessi bíll sem Kia sýnir nú verður með 5 hurðum, eins og sést á myndinni og því kominn mun praktískari bíll til framleiðslu. Fáum ætti að leiðast útlit þessa bíls og vonandi að Kia framleiði hann sem líkastan þessum tilraunabíl. Segja má að lag bílsins sé eins konar „Shooting brake“ og sjaldan hafa slíkir bílar meitt augað. Bíllinn kemur á ferlega flottum 20 tommu felgum sem virðast listasmíð eins og bíllinn að öðru leyti. Framenda hans svipar mjög til framendans á nýjum Kia Stingar sem stutt er í að komi í sölu hér á landi, en hann flokkast líka sem sportbíll. Hurðarhöldurnar á bílnum dragast út þegar ökumaður nálgast bílinn með lykilinn í vasanum. Bíllinn er ekki með neinn B-póst, sem undirstrikar að þar fer sportbíll. Forvitnilegt verður að sjá hvort innanrými í þessum bíl er í takt við ytra útlitið, þ.e. jafn sláandi fallegt.


Byggjum von um betra líf
Það er erfitt að meta nákvæmlega hversu margir einstaklingar búa við heimilisofbeldi á Íslandi. Staðreyndin er samt sú að á síðasta ári dvöldu 116 konur hjá Kvennaathvarfinu.
Stór hluti þeirra neyddist til að snúa aftur heim í ofbeldið. Kvennaathvarfið veitir öruggt skjól til skamms tíma en saman þurfum við að tryggja húsnæði fyrir þær konur og þau börn sem hafa ekki í önnur hús að venda þegar dvölinni lýkur.
**Á allra vörum** safnar nú fyrir byggingu nýs langtímahúsnæðis sem hjálpar konum að taka næstu skref í átt að sjálfstæðri búsetu með von um betra líf.
**Leggðu átakinu lið og kauptu varasett á aallravorum.is**
Á ALLRA VÖRUM
benecos
Með því að kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar
benecos
KVENNA ATHVARF
SKOT
Pipar\TBWA
trickshot
MEDIA RENTAL
Audioland
benecos
KONTRAST
Síminn
RÚV

# Menningarheimamósaík sem ekki gengur upp

**LEIKHÚS**

**Smán**

★★☆☆☆

**Eftir Ayad Akhtar**

**Þjóðleikhúsið í samstarfi við Elefant**

**Leikarar:** Jónmundur Grétarsson, Salóme R. Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson, Tinna Björt Guðjónsdóttir og Hafsteinn Vilhelmsson
**Leikstjóri:** Þorsteinn Bachmann
**Tónlist og hljóðmynd:** Borgar Magnason
**Lýsing:** Jóhann Friðrik Ágústsson
**Leikmynd og búningar:** Palli Banine
**Þýðendur:** Auður Jónsdóttir og Þórarinn Leifsson


Magnús Jónsson og Salóme R. Gunnarsdóttir sem Amir og Emily. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Á þessum síðustu og erfiðu tímum er nauðsynlegt að ræða af alvöru um fjölmenningu og mismunandi menningarheima af nærgætni og umburðarlyndi. Leikhúsið er ákjósanlegur staður fyrir slíka umræðu. Í Smán gerir Ayad Akhtar tilraun til að takast á við formgerð fordóma og hvernig líf múslima í Bandaríkjunum umturnaðist eftir árásina á Tvíburaturnana árið 2001. Þrátt fyrir tenginguna er samt sérlega smekklaust að velja 11. september fyrir frumsýningardag. Því miður er þessi ákvörðun í sama tón og nálgun verksins sem og sýningarinnar. Skilaboðin eru hömruð heim með sleggju frekar en með fingerðum fléttum.

Í leikskránni má finna langar lýsingar á ferlum þátttakenda, heila blaðsíðu af þökkum og pistil frá þýðanda en ekkert um höfundinn sjálfan. Slík vanhugsun einkennir margt í sýningunni. Vandamálið er að sum Pulitzer-verk skjótast niður eins og eldingar akkúrat inn í samtíma sinn en fuðra fljótlega upp. Smán er slíkt leikverk. Konurnar í verkinu eru einfeldningslegar, persónur tala í ræðum án undirtexta frekar en að eiga samræður og síðasti hluti verksins er á skjön við það sem á undan hefur gengið. Framvindan er eins og hvirfilvindur af misgáfulegum athugasemdum, innkomur persóna eru háðar frekar langsóttum tilviljunum og að lokum eru áhorfendur engu nær, nema hvað ljóst er að samskipti milli einstaklinga frá mismunandi menningarheimum eru flókin. Það eru ekki fréttir.

Annað grunnvandamál sýningarinnar er leikstjórn Þorsteins Bachmann sem er líflaus og flöt. Má nefna mjög langdregið atriði þar sem allir karakterarnir standa frosnir saman í hnapp og kýta. Langir dimmir kaflar teygjast á milli senuskipta og þrátt fyrir að tónlist Borgars Magnasonar sé áhrifamikil þá eyðileggja þessi langdregnu hlé slagkraft sýningarinnar. Smán á að vera snörp níutíu mínútna sýning í einum hluta en öll spenna er teygð og toguð í burt með því að láta verkið birtast áhorfendum í fjórum hlutum. Sýningin fer í raun og veru ekki í gang fyrr en eftir um hálftíma.

Leikararnir bjarga því sem bjargað verður með ágætis leik en virðast þó vera að leika hver í sínu horni frekar en að sinna samleiknum. Jónmundur Grétarsson nær nokkurn veginn að halda utan um flókið hlutverk Amirs sem hefur þurft að berjast við kynþáttahatur allt sitt líf en króast að lokum af. Salóme R. Gunnarsdóttir leikur Emily, eiginkonu hans, af ákveðnu sakleysi en áhorfendur fá aldrei að kynnast persónu hennar almennilega. Magnús Jónsson kemur inn með krafti á tímapunkti þegar sýningin þarf á því að halda en persóna hans þróast aldrei. Tinna Björt Guðjónsdóttir og Hafsteinn Vilhelmsson fara með minni hlut-




# Frábær einleikari á upphafstónleikum

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★☆

**Verk eftir Beethoven og Schubert. Einleikari: Paul Lewis. Stjórnandi: Matthew Halls.**

**Eldborg í Hörpu fimmtudaginn 7. september**


**„...túlkun hans var andrík og innileg, en jafnframt glæsileg með mögnuðum hápunktum. Tæknilega séð var allt á hreinu," segir dómarinn um leik Poul Lewvis.** MYND/NORDICPHOTO/GETTY

Fyrsti píanókonsert Beethovens er fremur yfirborðslegt verk. Hann er þó ekki leiðinlegur, enda skreyttur grípandi melódíum. En einleikskaflinn í hröðu köflunum tveimur er lítið annað en fingraæfingar; hraðar tónarunur upp og niður hljómborðið, trillur og alls kyns slaufur. Hægi miðkaflinn er hins vegar óttalega andlaus, maður þarf helst að vera á einhverju örvandi til að verða ekki syfjaður þegar hann er leikinn.

Beethoven var 25 ára er hann samdi konsertinn. Markmið hans var að vekja á sér athygli sem píanóleikari, sýna hvað hann var flinkur. Það heppnaðist svo sannarlega, þótt ferill hans sem slíkur yrði ekki langur. Heyrnarleysi fór að gera vart við sig upp úr því sem smám saman versnaði. Um tíu árum síðar var svo komið að Beethoven gat ekki lengur komið fram opinberlega sem píanóleikari.

Það var einmitt á lokatónleikum Beethovens sem fjórði píanókonsertinn hans var frumfluttur. Sá konsert, ásamt þeim fyrsta, var leikinn á upphafstónleikum starfsárs Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Einleikari var heimsfrægur Beethoven-túlkandi, Paul Lewis, en stjórnandi var Matthew Halls.

Fyrsti konsertinn rann ljúflega niður. Píanóleikurinn var nokkuð fínlegur, en samt fullur af æskufjöri. Lewis tókst þó ekki að lyfta hæga kaflanum upp úr meðalmennskunni; undirritaður geispaði að minnsta kosti ógurlega á meðan á leiknum stóð. En stuðið í lokaþættinum vó þar upp á móti og í það heila var konsertinn ágæt skemmtun.

Meira var varið í fjórða píanókonsertinn, enda tónlistin miklu dýpri. Hröðu kaflarnir eru ljúfir og blíðlegir, þrungnir unaðslegri náttúrustemningu. Hægi kaflinn er í sjálfu sér ein merkasta tónsmíð tónskáldsins. Viðkvæmur píanóeinleikurinn og harðneskjulegur strengjaleikur hljómsveitarinnar mynda sterkar andstæður; annar biður, hinn hristir höfuðið. En svo mildast hljómsveitarleikurinn og í lokin renna raddirnar tvær saman.

Lewis lék konsertinn ákaflega vel, túlkun hans var andrík og innileg, en jafnframt glæsileg með mögnuðum hápunktum. Tæknilega séð var allt á hreinu.

Á tónleikunum voru einnig fluttir tveir forleikir eftir Schubert. Annars vegar var það forleikurinn að leikritinu Rósamunda, sem ER svo ekkert forleikurinn að Rósamundu! Schubert samdi hann við leikritið Töfrahörpuna. En þegar einhver vitlaus

verk og skila þeim af kostgæfni þrátt fyrir takmarkanir karakteranna.

Leikmynd og búningar eru í umsjón Palla Banine og tekst honum að vinna vel úr rými Kúlunnar sem getur verið snúið viðfangs. Íbúð Amirs og Emily er í mínimalískum stíl hinna nýríku en fagurfræðin flækist með grímunni fremst á sviðinu sem er upplýst á milli atriða. Hvaðan kemur hún? Hvaða menningarheims er verið að vísa til? Á hún bara að vísa til hins óljósa miðausturs? Búningarnir eru líka fagurlega samansettir fyrir utan búning Jory sem virðist alltof illa hannaður og ódýr miðað við ætluð fjárráð háttsetts viðskiptalögfræðings.

Sýningin hangir ekki saman. Upplifanir og dagleg átök persónanna hverfa í skvaldrinu. Það er ekki nóg að spyrja spurninga heldur verður að hugsa hvernig áhorfendur taka við þeim og svara. Ánægjulegt er að sjá ný andlit á íslensku sviði því leikhúsið á Íslandi verður að brjótast út úr einsleitninni og gefa fjölbreytileikanum almennilegt pláss. Slíkt verður aftur á móti að gerast af alúð og skilningi.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frambærilegir leikarar í misreiknaðri sýningu.

# Sinfóníunnar



útgefandi kom tónlistinni á prent löngu síðar nefndi hann forleikinn eftir Rósamundu og nafnið festist. Þetta er skemmtileg tónlist, laglínurnar eru dásamlegar, stemningin glaðleg. Hljómsveitin lék prýðilega undir öruggri stjórn Halls, túlkunin var lífleg, leikurinn fagmannlegur.

Hin tónsmíðin eftir Schubert var Forleikur í ítölskum stíl ... sem ER svo ekkert forleikur í ítölskum stíl! Nei, nú er ég að grínast, en þó ekki. Tónlistin er fremur aumkunarverð stæling á ítölskum óperustíl, sérstaklega þeim sem Rossini gerði svo vinsælan. Schubert var þar ekki á heimavelli, og forleikurinn er einfaldlega ekki sannfærandi. Tónskáldið var engu að síður snillingur. Sónöturnar, sinfóníurnar, sönglögin, kammertónlistin; allt eru þetta verk full af andagift þótt umræddur forleikur sé það ekki. Sannast þar hið fornkveðna að menn eiga helst að halda sig við það sem þeir eru góðir í. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Magnaður einleikur Pauls Lewis var kórónan á vel heppnuðum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

# Málar hamingjusöm smáblóm af íslenskri fold



Sigríður Rut Hreinsdóttir er með málverkasýningu í Grafíksalnum að Tryggvagötu 17, bryggjumegin. Hún nefnir hana Smámyndir, enda eru öll málverkin 20x20 sentimetrar að stærð. Myndefnið sækir hún aðallega í flóru Íslands. „Flest mótífin eru náttúrutengd, hamingjusöm lauf og smáblóm,“ segir hún og nefnir blöð fífilsins sem dæmi um viðfangsefni.

Sigríður Rut notar eingöngu olíuliti. „Ég hef áður aðallega málað stór verk sem tekur mig langan tíma að gera en mig langaði að breyta til og gera litlar myndir og ákvað að leyfa því sem vildi koma á strigann að koma. Þetta er útkoman,“ segir hún og kveðst hafa unnið myndirnar á árunum 2011 til 2017. Þær hafa ekki verið til sýnis áður.

Smámyndir er sjötta einkasýning Sigríðar Rutar sem einnig hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum. Hún er opin til 24. september frá fimmtudögum til sunnudags, frá klukkan 14 til 18. **– gun**



**Íslensk bláklukka í nýju ljósi.**




# Mikilvægt að treysta því sem maður getur

## Sem barn fór Stefán Ragnar Höskuldsson reglulega til Reykjavíkur frá Reyðarfirði í flaututíma og er nú 1. flautuleikari í einni virtustu hljómsveit heims. Í kvöld leikur hann einleik í Hörpu með Sinfóníunni.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Fólki vefst svolítið tunga um tönn þegar það reynir að segja Höskuldsson. En Stefánsnafnið bjargar því. Það virkar vel,“ segir Stefán Ragnar Höskuldsson flautuleikari brosandi, þegar hann er spurður hvernig sé að heita nafninu hans úti í hinum stóra heimi. Hann hefur búið erlendis síðustu tuttugu ár en er staddur heima núna og á hraðri leið á æfingu í Hörpu þegar hann er króaður í viðtal.

Það er ekki á hverjum degi sem okkur gefst kostur á að hlusta á Stefán spila hér á landi en í kvöld sér hann um einleik í konsert Iberts „sem er einn vinsælasti flautukonsert allra tíma, glaðvær og áheyrilegur“, að því er segir í kynningu Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Stefán var 1. flautuleikari í hljómsveit Metropolitan-óperunnar í New York í tólf ár. Hann kveðst hafa verið eini Íslendingurinn í þeirri sveit. „En við höfðum íslenska söngvara á sviðinu öðru hvoru, eins og Kristin Sigmundsson og Dísellu Lárusdóttur,“ tekur hann fram. Nú er hann á 1. flautu í Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago sem er meðal stærstu og virtustu hljómsveita heims. Hverju þakkar hann það að hafa komist svona langt?

„Mikilli vinnu og kennurum mínum,“ svarar hann að bragði. „Bernharður Wilkinson var kennari minn hér á landi og honum á ég mest að þakka. Ég byrjaði hjá honum níu ára og fór svo tvítugur út til Manchester í framhaldsnám. En það er ekkert sjálfgefið að komast áfram í tónlist. Þetta er spurning um að vera jákvæður og halda alltaf áfram. Það er mikilvægt að treysta því sem maður getur, ef maður hefur eitthvað fram að færa.“

Foreldrarnir Höskuldur Stefánsson og Halla Valgerður Stefánsdóttir eiga líka sinn stóra þátt, að sögn Stefáns með því að miðla góðum genum og styðja hann með ráðum og dáð. „Pabbi var músíkant í sér. Hann var organisti í Norðfjarðarkirkju, spilaði á harmóníku og píanó í danshljómsveitum og á básúnu í Lúðrasveit Neskaupstaðar.“

Stefán fæddist á Neskaupstað og ólst upp þar og á Reyðarfirði, kveðst svo hafa farið til Reykjavíkur 16 ára til náms við Menntaskólann við Hamrahlíð og Tónlistarskólann í Reykjavík. En sagðist hann ekki hafa byrjað níu ára hjá Bernharði Wilkinson? „Jú, það var bara nokkurs konar einkakennsla. Ég kom suður í flaututíma einu sinni í mánuði, stundum með flugi frá Egilsstöðum en oftast keyrðum við feðgarnir,“ útskýrir hann. Pabbi dó árið 2005 en hann náði að koma til New York og sjá sýningu í Metropolitan-óperunni, ásamt mömmu, eftir að ég fékk starf þar.

Hvernig skyldi svo daglegt líf vera hjá tónlistarmanni í fremstu röð í USA? „Ég fer á æfingar klukkan tíu þrisvar í viku, svo eru tónleikar fjórum sinnum í viku og ýmislegt tilfallandi. Ég var líka að fá kennarastöðu við DePaul University í Chicago og fer að byrja kennslu á næstu dögum svo það er nóg að gera,“ lýsir hann og kveðst ekki hafa gefið sér tíma til að vera í sambandi við neina landa úti, þó hann viti af hópi Íslendinga í Cichago og líka Vestur-Íslendingum í Wisconsin, sem ekki er langt undan.

Jóga er aðal áhugamál Stefáns fyrir utan flautuna og fjölskylduna, en hann á konu og eins árs gamlan son sem eru með honum hér á landi núna. „Þetta er þriggja vikna stopp, við erum búin að vera hér síðan í lok ágúst og það er æðislegt, enda eru komin tvö ár frá því ég kom síðast og það var algerlega kominn tími á heimsókn. Ég hef ekkert verið duglegur að ferðast um, enda með lítið barn, aðallega verið heima hjá mömmu og að hitta aðra ættingja og svo hef ég þurft að æfa mig á hverjum degi.“

Þetta síðasta minnir mig á að Stefán á að vera að byrja á æfingu. Því er best að halda honum ekki lengur á snakki heldur þakka fyrir spjallið og óska honum alls hins besta.

### Lítið eitt um feril Stefáns Ragnars

**Stefán Ragnar hefur leikið víða um Bandaríkin, Evrópu og Japan með hljómsveitarstjórum á borð við James Levine, Valery Gergiev, Daniel Barenboim, og Ricardo Muti og kemur reglulega fram í Carnegie Hall með Hljómsveit Metropolitan-óperunnar og kammersveit hennar.**

**Sem einleikari hefur hann meðal annars leikið á Pacific-tónlistarhátíðinni í Sapporo, Sir James Galway-alþjóðlegu flautuhátíðinni í Lucerne og í beinni útsendingu á BBC Radio Tune í London.**

**Hann hefur hlotið lof í New York Times fyrir leiksnerpu og tilfinningaríka tjáningu.**



**„Það er ekkert sjálfgefið að komast áfram í tónlist. Þetta er spurning um að vera jákvæður og halda alltaf áfram,“ segir Stefán sem ætlar að láta flautuna gæla við hlustir tónleikagesta í Hörpu í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við þekkjum verk hvor annars og ákváðum að taka þennan slag

Myndlistarmennirnir Jón Óskar og Georg Óskar opna sýningu í Tveimur hrófnum listhúsi, Baldursgötu 12, á morgun, föstudag, milli klukkan 17 og 19. Allar myndirnar eru eftir þá báða. Skyldu þeir vera frændur? Nei, þeir segjast ekki einu sinni þekkjast mikið persónulega. „En við þekkjum verk hvor annars og ákváðum að taka þennan slag. Vorum með sextán ramma sem við skiptum á milli okkar, hvor byrjaði á sínum helmingi, svo skiptum við og héldum áfram með verk hins, svo skiptum við aftur. Þetta var bara óvissuferð sem við fórum í,“ segir Jón Óskar.

„Myndirnar eru náttúrlega ekki eins og maður mundi gera sjálfur,“ heldur Jón Óskar áfram. „Það verða óvæntir faktorar þegar aðrir koma að verkinu en það er líka það sem gerir verkefnið skemmtilegt, að fá eitthvað í hendur sem er gjörólíkt því sem maður hefði ætlað.“ Finnst honum þá ekki Georg Óskar vera að eyðileggja fyrir honum? „Nei, ég hef fylgst með Georg í nokkur ár, hann er flinkur málari. Við þóttumst vita hvað við værum að fara út í.“

Jón Óskar segir þá nafna ekki vinna að svipaðri list. „Við erum reyndar báðir málarar og teiknarar en ég vinn út frá litum og formum meðan hann er afgerandi í frásögn. En það blandast bara fínt hjá okkur.“ gun@frettabladid.is



**Nafnarnir Jón Óskar og Georg Óskar fóru í nokkurs konar óvissuferð og máluðu 16 verk saman.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**VIÐ ERUM BÁÐIR MÁLARAR OG TEIKNARAR EN ÉG VINN ÚT FRÁ LITUM OG FORMUM MEÐAN HANN ER AFGERANDI Í FRÁSÖGN.**

# ÞESSAR TÖSKUR SMELLPASSA!

Þessar flottu og nettu töskur eru aðeins 32 x 42 x 25 cm að stærð sem þýðir að **ekki þarf að greiða fyrir þær í flugferðum WOW Air!**

**NÝ SENDING**










**Ferðataska grá**
**2 hjól, 42 cm, 1,9 kg**
Verð: 14.999.-

**Ferðataska vínrauð**
**2 hjól, 42 cm, 1,9 kg**
Verð: 14.999.-

**Ferðataska svört**
**2 hjól, 42 cm, 1,9 kg**
Verð: 14.999.-

travelite

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

## SPARAÐU ÞÉR ÓÞARFA KOSTNAÐ Á FERÐALAGINU!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Hótel – Veisluþjónustur
Gistiheimili – Mötuneyti

Fjölbreytt úrval af matvöru og veislaréttum



Ljúffengt...
... hagkvæmt og fljótlegt

Danco hefur allt til að auðvelda veitingarnar hvort sem er í veisluna, mötuneytið, kokteilboðið, skólaeldhúsið, alls staðar.
Forréttir, pizzur, smáréttir, forskornar tertur og fleira.
Eingöngu selt til fyrirtækja

Heildsöludreifing
DANCO HEILDVERSLUN
www.danco.is

CFORCE 520
CFMOTO



Kr. 1.199.000,-

✓ Fjórgengis eins cylindra
✓ 495cc, 25,5 kW/6200rpm
✓ Bein innspýting
✓ Rafmagnsstýri
✓ Spil og dráttarkrókur
✓ Sjálfstæð A-armafjöðrum
✓ Hátt og lágt drif
✓ 15 lítra bensíntankur
✓ Vökvabremsur
✓ Tveggja manna
✓ 12 tommu álfelgur
✓ Gasdemparar

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur

tannlæknar mæla með GUM tannvörum



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is



LÍNAN
BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16


BÍÓ

# Hvað er svona merkilegt við „Það“?

**KVIKMYNDIR**

**It: Chapter One**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Andy Muschietti
**Framleiðendur:** Seth Grahame-Smith, David Katzenberg, Barbara Muschietti
**Handrit:** Chase Palmer, Cary Fukunaga, Gary Dauberman
**Kvikmyndataka:** Chung-hoon Chung
**Tónlist:** Benjamin Wallfisch
**Aðalhlutverk:** Jaeden Lieberher, Bill Skarsgård, Sophia Lillis, Finn Wolfhard

Það er auðvelt að skilja hvers vegna It er ein af langlífari og þekktari sögum frá Stephen King. Það er aldeilis af nægu að taka en hér er spennuhrollur þar sem til dæmis er glímt við einelti, gróft uppeldi, vináttu, samvinnu, hormóna og ótta. Reyndar eru þetta afar algeng þemu hjá King, sem á það til að endurtaka sig, nema hér hefur vissulega hjálpað að bjóða upp á einn ógeðfelldan trúðsdjöful sem hefur verið brennimerktur í hugi fólks í áratugi. Þeir sem segja að trúðar séu ekki ógnvekjandi eru annaðhvort að segja ósatt eða með stáltaugar. Eða jafnvel atvinnutrúðar.

Hér höfum við glænýja aðlögun þar sem fyrri helmingur bókarinnar er tekinn fyrir. Við fylgjumst með sjö ungmennum í smábænum Derry í Maine, hópi sem kallar sig Aulana (The Losers Club) og þarf daglega að glíma við ofbeldi og annars konar áreiti frá hrottum eða vafasömum foreldrum. Til að bæta gráu ofan á svart hefur illkvittið trúðsóféti sprottið upp til að nærast á ótta barna, og eftir því sem heimilisvandræði aukast og dularfullum mannshvörfum fjölgar fer „Það“ að gera líf allra krakkanna að lifandi helvíti, nema þeir standi saman og geri eitthvað sjálfir í málunum.

Undanfarin misseri hefur allt verið morandi í „eitís“ stemningum í kvikmyndum og sjónvarpi (sem er að hluta til Stranger Things að þakka, eða kenna) og því kom ekki annað til greina en að færa tímabil krakkanna af sjötta áratugnum yfir á þann níunda og sömuleiðis hrista upp í frásögninni, bæta við nýjungum og vissulega fjarlægja einhverja umdeildustu orgíu bókmenntanna. Í besta falli er þessi aðlögun þó sterk áminning um það hvað gömlu sjónvarpsmyndirnar frá 1990 voru hræðilegar, og eldast illa.

Ýmislegt er það sem svínvirkar í þessari It. Leikarar myndarinnar, ungir og eldri, eru allir frábærir. Það er hressilegt, tilgerðarlaust og trúverðugt samspil sem einkennir allan hópinn og krakkarnir sem leika kröfuharðari hlutverk „aulanna“ eru endalaust sannfærandi. Bill Skarsgård er sömuleiðis ógleymanlega ógeðfelldur í titilhlutverkinu.

Með aðstoð magnaðrar förðunar kemur hann með prakkaralega og fjöllaga takta sem gera hann að geggjuðum Pennywise, miklu betri en þeim sem Tim Curry túlkaði á sínum tíma. Tvímælalaust. Myndin erfir þó eitthvað af göllum bókarinnar líka, misstóra að vísu.




IT er ógnvekjandi en líka fyndin á köflum.

En upp úr standa þar ýmsar endurtekningar og flatur endasprettur. Þar bregður fyrir ákveðinni úrlausn sem er afar ódýr. Einnig er leiðinlegt hvað Beverly Marsh, ein áhugaverðasta persóna sögunnar, fær lítið að gera í lokahlutanum miðað við drengina. Annars er miklu lofað með bitastæðri upphafssenu, sem undirbyggir stemninguna vel, í rauninni svo vel að söguþráðurinn nær varla að toppa hana, þó einni senu á baðherbergi og annarri sem tengist skjávarpa hafi næstum því tekist að fá undirritaðan til að hrökkva hressilega við.

Óhugnaðurinn gengur samt ekki alveg fullkomlega upp og eins og í mörgum hrollvekjum taka persónur (þar á meðal hann Pennywise) oft óskiljanlegar ákvarðanir, sem hér koma yfirleitt út eins og lélegar reddingar í handritinu. Það virðist líka vera mikið forgangsatriði hjá aðstandendum myndarinnar að dæla sífellt út bröndurum, í jafn miklu magni og hryllingnum, og það veldur því að tónarnir stangast á og dregur það talsvert úr drunganum á sumum stöðum. En að því sögðu, þá er myndin býsna fyndin líka.



It er ein af langlífari og þekktari sögum Stephens King. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikstjórinn Andy Muschietti sýndi með fyrri mynd sinni, tannlausa hrollinum Mama, að hann getur unnið vel með drungalegan stíl og hefur góð tök á ungum leikurum, en með It fellur leikstjórinn oft í þá gryfju að hugsa að meira þýði meira, og ofgera þar af leiðandi sumum stílbrögðum. Til að mynda treystir hann allt of mikið á háhraðaskot, hávaða í hljóðvinnslunni, yfirdrifna tónlist og misgóðar tölvubrellur.

Andrúmsloftið er til staðar, en það virkar ekki til fulls nema í skömmtum. Myndin nær sínum hæstu hæðum í hljóðlátari augnablikunum hjá ungu leikurunum, þegar persónusköpunin og afslappað rennslið nýtur sín hvað best.

Fyrir hverja frábæra Stephen King-aðlögun (eins og Stand By Me, Misery, The Mist o.fl.) fylgja svona tuttugu misheppnaðar og sökum slíks framboðs er þessi fyrri It-kafli með þeim flottari, sérstaklega hvað kvikmyndaðar hryllingssögur Kings varðar. Í versta falli er þetta fínasta millistopp á meðan beðið er eftir næstu Stranger Things seríu, enda virðist vera einhver sjarmi yfir því að fylgjast með svölum „eitís“ krökkum hjóla saman í hópum og berjast við skrímsli.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** It kitlar bæði hláturtaugar og hrellir á tíðum. Myndin hefur sína galla og hefði mátt fínpússa endasprettinn, en annars er hún hryllilega gott fjör.


HERRAKVÖLD
Í SMÁRALIND
FIMMTUDAGINN 14. SEPTEMBER
OPIÐ TIL KL. 22:00
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HJÓLUM*
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir í verslun Útilífs í Smáralind.




SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| IT | KL. 6 - 8 - 9 - 10:50 |
| IT VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| ONCE UPON A TIME IN VENICE | KL. 10:10 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| IT | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| AMERICAN MADE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 10:10 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| IT | KL. 7:20 - 10:05 |
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 |
| AMERICAN MADE | KL. 10:05 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| IT | KL. 8 - 10:10 - 10:50 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| IT | KL. 8 - 10:50 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 10:10 |



Góða skemmtun í bíó

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.



LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Liprar og þægilegar úlpur frá 10.990 kr.

macron
Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Bongókvartettinn á Siglufirði
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Rauði hatturinn, Siglufirði
Bongóband Tómasar R. Einarssonar gerir víðreist um landið nú í september og heldur tónleika á sjö stöðum. Í kvöld spila þau á Rauða hattinum á Siglufirði og hefjast tónleikarnir kl. 21. Bongóbandið skipa söngvararnir Sigríður Thorlacius og Bógómíl Font, kontrabassaleikarinn Tómas, gítarleikarinn Ómar Guðjónsson og á kongatrommur spilar Sigtryggur Baldursson.

### Viðburðir

**Hvað?** Smámyndir – Sigríður Rut Hreinsdóttir
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Grafíksalurinn, Tryggvagötu 17
Sigríður Rut Hreinsdóttir opnaði sl. laugardag málverkasýninguna „Smámyndir“ í Grafíksalnum við Tryggvagötu 17, bryggjumegin (í húsnæði Listasafns Reykjavíkur, hafnarmegin). Þar sýnir hún 35 lítil olíumálverk (20x20 cm) sem voru unnin á árunum 2011 til 2017, og hafa ekki verið sýnd áður. Flest mótífin eru náttúrutengd, hamingjusamir fíflar og lauf og smáblóm úr flóru Íslands. Þetta er sjötta einkasýning Sigríðar Rutar sem einnig hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum.

**Hvað?** Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Gamla bíó
Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn í Gamla bíói 14. september 2017, kl. 8–10. Við það tækifæri fá fundarmenn að kynnast afrakstri af ýmsum rannsóknum sem starfsmenn stofnunarinnar og samstarfsmenn þeirra víða um lönd hafa unnið að til lengri eða skemmri tíma. Morgunverðarfundinum má því líkja við uppskeruhátíð enda verða heimtur haustsins ljósari eftir snarpar kynningar á áhugaverðum fundi.

# Allt verður að fara af lagernum



Listamaðurinn Margeir Dire heldur uppboð á verkum sínum, allt frá litlum teikningum upp í mannhæðarhá olíumálverk, í þartilgerðum Facebook-hópi, Uppboð Margeir Dire, um þessar mundir. Margeir flytur til Berlínar í lok mánaðar og ætlar að byrja á núlli þar og því verður allt að fara af lagernum. Þarna má fá myndlist langt undir söluverði enda hefjast öll uppboð á hálfvirði verkanna.

„Ég set inn suma daga bara eitt stórt verk, en þegar það eru minni verk þá set ég kannski inn 2-3 verk. Planið er svo að halda lokahóf sem verður í raun sýning með uppboði. Þetta er allt í allt einhver 50 verk sem ég er að bjóða upp.

Elsta verkið hérna er frá 2004 og svo er þetta allt upp í verk sem ég gerði fyrir mánuði. Þetta er eitthvað sem hefur safnast upp, sum verkin hafa í raun bara farið beint inn í geymslu og ég hef aldrei reynt að koma þeim út. Þetta eru aðallega gullmolar – sum hver verk sem ég ætlaði að geyma og eiga en það er ekkert vit í því að reyna að safna sjálfum sér,“ segir Margeir. – sþh



**Sum þeirra verka sem verða boðin upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Sjól og skart | 17:00 |
| Kongens Nei | 17:30 |
| BPM | 17:15 |
| The Icebreaker: Rússneskir Kvikmyndadagar | 19:00 |
| The Square | 20:00, 22:00 |
| Ég Man Þig | 20:00 |
| The Limehouse Golem | 22:45 |
| Hjartasteinn | 22:15 |



## Rýmingarsala bókaútgefenda í Glæsibæ

# VERÐHRUN!

ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF

BÆKUR FRÁ 99 KR.

NÚ Á NÝJUM STAÐ

Allt að **90%**

# AFSLÁTTUR

**Dagana 14. sept. til 8. okt.**
**í Glæsibæ** (þar sem Útilíf var áður til húsa)

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**




**Sóley stjarna**
**Verð: 490 kr.**




**Stærsta og sniðugasta myndaorðabók í heimi**
**Verð: 990 kr.**




**Leyndarmál húðarinnar**
**Verð: 990 kr.**




**Draumaráðningar – frá A-Ö**
**Verð: 1490 kr.**




**1000 orð fyrir káta krakka**
**Verð: 990 kr.**




**Stóra Alifuglabókin**
**Verð: 1490 kr.**




**Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók**
**Verð: 3990 kr.**




**Jólaandinn**
**Verð: 490 kr.**




MASTERCHEF USA
KL: 19:45
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

Frábært
Fimmtudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

NCIS
KL: 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




ANIMAL KINGDOM
KL: 21:20
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



INSECURE
KL: 22:10
Skemmtilegir þættir um hispurslausa en afar óörugga konu sem leikin er af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna.




T.J. MILLER:
METICULOUSLY RIDICULOUS
KL: 22:40
Uppistand með grínistanum og leikaranum T.J. Miller þar sem hann lætur sér ekkert óviðkomandi og nálgast hin ýmsu málefni á óhefðbundinn og drepfyndinn hátt.




BÍÓ
DJANGO UNCHAINED
KL: 22:00
Stórbrotin Óskarsverðlaunamynd sem gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu áður en þrælastríðið braust út.



UNDATEABLE
KL: 19:50
Gamanþáttasería um nokkra hressa vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega aðstoð við leitina.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Mom
**10.35** The Mindy Project
**11.05** Project Runway
**11.50** Hell's Kitchen USA
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dare To Be Wild
**14.45** My Dog Skip
**16.20** Impractical Jokers
**16.40** The Simpsons
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Ellen
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** 2 Broke Girls
**19.45** Masterchef USA
**20.30** NCIS
**21.15** Animal Kingdom
**22.05** Insecure
**22.40** TJ Miller: Meticulously Ridiculous
**23.40** Real Time with Bill Maher
**00.45** Loch Ness
**01.35** The Sinner
**02.25** Wallander
**03.55** Humans
**04.45** Humans
**05.35** The Mentalist Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Á sama tíma og hann aðstoðar lögregluna við ýmis mál er hann sjálfur að eltast við raðmorðingjann Red John sem myrti eiginkonu hans og dóttur.
**06.20** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Spænsku mörkin 2017/2018
**08.00** Þýsku mörkin 2017/2018
**08.25** West Ham - Huddersfield
**10.10** Messan
**11.25** Pepsímörkin 2017
**12.50** Haukar - ÍR
**14.25** Haukar - Valur
**15.50** Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
**16.55** Atalanta - Everton
**19.00** Arsenal - FC Köln
**21.05** Premier League World 2017/2018
**21.35** NFL Gameday 17/18
**22.05** Austria Wien - AC Milan
**23.45** Vitesse - Lazio
**01.25** NFL Hard Knocks 2017

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Liverpool - Sevilla
**08.40** Meistaradeildarmörkin
**09.10** Real Madrid - Apoel
**10.50** Feyenoord - Manchester City
**12.30** Síðustu 20
**12.55** Tottenham - Bor. Dortmund
**14.35** Liverpool - Sevilla
**16.15** Meistaradeildarmörkin
**16.45** Breiðablik - KR
**19.00** Stjarnan - Víkingur Ó.
**21.15** Pepsímörkin 2017
**22.40** Síðustu 20
**23.00** UFC 2017 - Sérstakir þættir
**23.45** Premier League World 2017/2018
**00.15** NFL Gameday 17/18
**00.45** KA - Valur

## STÖÐ 3

**17.25** New Girl
**17.50** Mike & Molly
**18.10** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.30** Höfðingjar heim að sækja
**19.50** Undateable
**20.15** Angie Tribeca
**20.40** Luck
**21.30** Banshee
**22.30** It's Always Sunny in Philadelphia
**22.55** Gilmore Girls
**23.40** Eastbound and Down
**00.10** The Big Bang Theory
**00.30** Modern Family
**00.55** Curb Your Enthusiasm
**01.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Tindur
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Latibær
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Kormákur
**11.12** Zigby
**11.26** Stóri og Litli
**11.39** Latibær
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Kormákur
**15.12** Zigby
**15.26** Stóri og Litli
**15.39** Latibær
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Furðufuglar

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World 2017
**09.00** Evian Championship
**12.00** Omega European Masters
**13.30** Evian Championship
**16.30** Indy Women in Tech
**18.35** Inside the PGA Tour 2017
**19.00** BMW Championship
**23.00** Evian Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30** The Fits
**13.45** Pan
**15.35** Baby Mama
**17.15** The Fits
.**18.30** Pan
**20.20** Baby Mama
**22.00** Django Unchained Óskarsverðlaunamynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx og Christoph Waltz í aðalhlutverkum. Myndin gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu fyrir þrælastríðið. Þýski mannaveiðarinn dr. King Schultz er á höttunum eftir hinum morðóðu Brittles-bræðrum þegar hann hittir þrælinn Django og fær hann til að aðstoða sig við leitina gegn loforði um frelsi.
**00.40** Jesse Stone: Lost in Paradise
**02.10** No Way Jose
**03.45** Django Unchained

## RÚV

**17.20** Loforð
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Veistu hvað ég elska þig mikið
**18.20** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.00** Hásetar
**20.30** Mannsærið – Rangar sakargiftir í Geirfinnsmálinu
**21.30** Í mat hjá mömmu
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Haltu mér, slepptu mér
**23.10** Svikamylla
**00.10** Kastljós og Menningin
**00.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Psych
**10.35** Síminn + Spotify
**12.25** The Bachelorette
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Life in Pieces
**15.00** Old House, New Home
**15.45** Family Guy
**16.10** The Royal Family
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** Hope Springs
**21.50** How to Get Away with Murder
**22.35** How to Get Away with Murder
**23.20** Dice
**23.50** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**00.30** The Late Late Show with James Corden
**01.10** 24
**01.55** Law & Order: Special Victims Unit
**02.40** Elementary
**03.25** House of Lies
**03.55** How to Get Away with Murder
**04.40** How to Get Away with Murder
**05.25** Dice
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

markhönnun ehf

netto

netto
www.netto.is
Á NETINU



VERÐ SPRENGJA!

## KJÚKLINGUR
1/1 FROSINN
**584** KR/KG
ÁÐUR: ~~779 KR/KG~~

-50%




### X-TRA PASTASKRÚFUR
1 KG
**139** KR/PK
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~

### X-TRA PASTASÓSA
M/BASIL 690 GR.
**179** KR/STK
ÁÐUR: ~~298 KR/STK~~

### NICE'N EASY SNACKPIZZA
3 CHEESES 165 GR.
**129** KR/STK
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~




-44%




-40%




-35%

**Tilboðin gilda 14. - 17. september 2017 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# BYKO BREIDD ER 15ÁRA!

Í tilefni þess erum við með 15 ára gömul tilboðsverð á völdum vörum um helgina!

2002 VERÐ
**5.900 kr.**
~~9.995 kr.~~



**OLÍUFYLLTUR RAFMAGNS-OFN** 9 þilja
VNR. 65105709

Aðeins í BYKO Breidd

BOSCH

Aðeins í BYKO Breidd



**BORVÉL**
PSB 500-RE
VNR. 74860500

2002 VERÐ
**5.900 kr.**
~~8.395 kr.~~



**VINNUBORÐ**
Auðvelt að brjóta saman
VNR. 68116116

2002 VERÐ
**1.990 kr.**
~~3.495 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd



**ÁLTRAPPA**
3 þrep
VNR. 50170183

2002 VERÐ
**2.590 kr.**
~~4.995 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd

**KÓPAL GLITRA** 4 l.
VNR. 86620040

Takmarkað magn. 20 l. á hvern kaupanda.

Aðeins í BYKO Breidd



2002 VERÐ
**2.990 kr.**
~~6.295 kr.~~



**MÁLNINGAR-FATA** 12 l.
VNR. 58761012

2002 VERÐ
**290 kr.**
~~595 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd





## LJÓS OG PERUR
# 25% AFSLÁTTUR
## Í ÖLLUM VERSLUNUM

Gildir til 16/10





# ÖLL
## HANDVERKFÆRI, VERKFÆRABOX OG ALLAR JÁRNHILLUR
# 30% AFSLÁTTUR
## Í ÖLLUM VERSLUNUM

Gildir til 20/9



**HANDLAUGARTÆKI** Eurosmart.
VNR. 15333265
Aðeins í BYKO Breidd
GROHE
2002 VERÐ
**6.990kr.**
~~11.995 kr.~~

**HANDLAUGARTÆKI** Eurodisc
VNR. 15333190
GROHE
2002 VERÐ
**11.960kr.**
~~25.995 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd
**ÞURRKUGRIND** með vængjum
VNR. 63007501
2002 VERÐ
**950kr.**
~~2.695 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd
**BÚKKI**
75 x 75 cm.
VNR. 48000230
2002 VERÐ
**790kr.**
~~995 kr.~~

**BYKOSÖGIN**
Þessi klassíska!
VNR. 70210023
2002 VERÐ
**590kr.**
~~995 kr.~~

Aðeins í BYKO Breidd
**MÁLBAND**
5m, 19mm.
VNR. 49250519
2002 VERÐ
**390kr.**
~~985 kr.~~

**MOTTA** brún, 60x90cm
VNR. 16151693
2002 VERÐ
**1.590kr.**
~~3.095 kr.~~

**MOTTA** blá, 40x60cm
VNR. 16151461
2002 VERÐ
**990kr.**
~~1.195 kr.~~
Aðeins í BYKO Breidd



Í SEPTEMBER 2002 VAR **HOW YOU REMIND ME** MEÐ **NICKELBACK** VINSÆLASTA LAGIÐ Á ÍSLANDI...

## AFMÆLISTILBOÐ
Aðeins í BYKO Breidd

TILBOÐSVERÐ
**MATAR- OG KAFFISTELL**
20 stykki.
**2.995kr.**
41100109
Almennt verð: 6.995kr.

TILBOÐSVERÐ
**POPPVÉL**
1100W.
**3.995kr.**
65103444
Almennt verð: 4.995kr.

TILBOÐSVERÐ
**DOLCE GUSTO**
MINI.
**10.995kr.**
65103445
Almennt verð: 12.995kr.

TILBOÐSVERÐ
**HAMBORGARAGRILL**
1000W.
**2.995kr.**
OBH7118
Almennt verð: 4.995kr.

# ÖLL SKIL®
RAFMAGNSVERKFÆRI
**20%**
AFSLÁTTUR Í ÖLLUM VERSLUNUM
Gildir til 20/9

# ALLIR
VELUX® ÞAKGLUGGAR, STIGAR OG ALLAR TRÖPPUR OG HÁÞRÝSTIDÆLUR
**25%**
AFSLÁTTUR Í ÖLLUM VERSLUNUM
Gildir til 20/9

Afmælistilboð gilda til 17.september

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
www.byko.is






# Ein mest einkennandi rödd kvikmyndanna




Werner Herzog er heiðursgestur RIFF í ár og kemur hingað til lands af því tilefni til að vera viðstaddur hátíðina og halda svokallaðan „masterclass“. Þessi þýski leikstjóri hefur átt stórbrotinn feril og er hvergi nærri hættur. Hér verður aðeins litið á hver þessi merki maður er.

Þýski kvikmyndagerðamaðurinn Werner Herzog verður heiðursgestur á RIFF – Reykjavík International Film Festival í ár. Hann mun verða með meistaraspjall og auk þess verður sett upp yfirlitssýning á helstu verkum leikstjórans en hann hefur farið vítt og breitt á ferli sínum – gert myndir í fullri lengd auk heimildarmynda.

Werner sjálfur er líka stórmerkilegur karl og bætir sjálfur miklum karakter í heimildarmyndirnar sínar með frásagnarstíl sínum og einnig með tilfinningalausum talanda sem er skemmtilega undirstrikaður með þýska hreimnum.

Það er eiginlega ekki hægt að ræða verk Herzogs án þess að ræða hann sjálfan. Um leikstjórann eru til margar sögur. Herzog tekur stundum aukaskref – sumir myndu kannski segja að hann teygi sig of langt – sem aðrir leikstjórar eru ekki tilbúnir að taka – ein frægasta mynd hans, Fitzcarraldo, gerist í frumskógum Perú og lagði Herzog mikið á sig til að gera lífið sem erfiðast fyrir starfsfólk sitt við gerð myndarinnar. Þannig vildi hann ná fram sem óblíðustum og jafnframt raunverulegustum aðstæðum í frumskóginum. Hann og aðalleikari myndarinnar, Klaus Kinski, rifust vægast sagt heiftarlega á settinu og má sjá meira af því í heimildarmyndinni Burden of Dreams sem fjallar um gerð Fitzcarraldo.

Um er að ræða kvikmyndaleikstjóra af gamla skólanum, auteur, sem gerir kvikmyndir sem eru augljóslega hans. Það eru mikil tíðindi að fá Herzog til landsins og ætti að kitla íslenska kvikmyndaunnendur.

stefanthor@frettabladid.is

## NOKKRAR HERZOG-SÖGUR

**1. Hann stal myndavél frá kvikmyndaskóla til að verða kvikmyndagerðarmaður**
Herzog segist hafa „tekið“ myndavélina frá Munich Institute for Film Research því að hann langaði að gera myndir og vantaði myndavél. Hann lítur ekki á það sem stuld.

**2. Hann gekk eitt sinn frá München til Parísar**
Herzog gekk til Parísar til að hitta Lotte H. Eisner, lærimeistara sinn, sem var veik. Gangan átti að verða til þess að lækna hana af veikindunum og gerði Herzog myndina Of Walking in Ice um gönguna sem tók þrjá mánuði.

**3. Hann borðaði skóinn sinn**
Í veðmáli sagðist Herzog ætla að borða skóinn sinn ef kvikmyndagerðarmaðurinn Errol Morris myndi klára myndina Gates of Heaven. Honum tókst það svo Herzog borðaði auðvitað skóinn sinn. Les Blank bjó til myndina Werner Herzog Eats His Shoe um þetta.

**4. Hann var skotinn**
Í miðju viðtali við BBC var Herzog skyndilega skotinn með loftriffli. Honum finnst það þó ekkert tiltökumál og bregst við af ótrúlegri ró. Viðtalið má finna á YouTube.

**5. Hann bjargaði Joaquin Phoenix**
Joaquin Phoenix velti bílnum sinum í Hollywood árið 2006. Skyndilega heyrir hann að bankað er á gluggann og þar er Werner Herzog kominn. Herzog mölvaði rúðuna og dró Phoenix úr flakinu.

**6. Hann á ein jakkaföt, eitt skópar og engan farsíma**
Þetta útskýrir sig sjálft. Þvílíkur maður.



**Herzog og þýski leikarinn Klaus Kinski hafa unnið mikið saman og rifist mikið, enda báðir stórir persónuleikar.**

## MYNDIR Í FULLRI LENGD

**Aguirre: The Wrath of God** 1977

**Nosferatu the Vampyre** 1979

**Fitzcarraldo** 1982

**Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans** 2009

**Stroszek** 1977

**Heimildarmyndir**

**Grizzly Man** 2005

**My Best Fiend** 1999

**Encounters at the End of the World** 2007

**Little Dieter Needs to Fly** 1997

**Cave of Forgotten Dreams** 2010




## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT




# APPLE TV 4 Á 0 KR.

## MEÐ SPORTPAKKANUM

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að Sportpakkanum.

**Nánar á 365.is eða í síma** 1817.




VALITOR

Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365

*miðað við 12 mánaða bindingu

# Kóngurinn í höllinni



**Páll Óskar Hjálmtýsson** heldur risatónleika í Laugardalshöllinni á laugardag. Palli ætlar að taka íslenskt tónleikahald á næsta stig og lofar að sýningin verði engu lík. Undirbúningur hefur staðið yfir í hálft ár og fjölmargar skemmtilegar staðreyndir litið dagsins ljós.

## SVIÐIÐ

**200** hreyfiljós.

**30** metra langur LED-skjár verður notaður.

**16** LED-stangir verða notaðar.

**300** klukkutíma tók að gera efnið í LED-skjáina.

**14** metra nær sviðspallurinn inn í Laugardalshöll.

## Páll Óskar Hjálmtýsson

**47 ára**

**6** sólóplötur
**5** aðrar plötur,
**9** gullplötur
**3** platínuplötur

**2,9 milljónir** hafa smellt á lögin hans á YouTube.

**160.000** plötur seldar.

## BÚNINGAR

**6** mánuðir fóru í að hanna búningana.

**15** kíló af bleikum fjöðrum þurfti í einn.

**5** kíló vegur speglabúningurinn.

## TÓNLEIKARNIR

- **27** lög flutt í **21** atriði.
- Hljóðkerfið dugar fyrir Kórinn.
- Eru í **6** þáttum, sérbúningar fyrir hvern þátt.
- **12** Dansarar hafa æft í **4** vikur.
- Hljóðhönnun og forritun tónlistar hófst fyrir **6** mánuðum.
- **6** manna hljómsveit hefur æft í tæpan mánuð.
- Veitingadeildin er eins og lítill veitingastaður í eina viku.
- Á tónleikadag koma hátt í **200** manns að tónleikunum.
- Stærsta svið sem sést hefur á íslenskum tónleikum.
- Stærsta LED-borg á íslenskum tónleikum.
- Frumsamin vídeó á LED-skjáina fyrir hvert einasta lag.
- Frumsamdir dansar fyrir svo til hvert einasta lag.
- Allir gestir fá innflutt ljósarmbönd og verða hluti af sjónarspilinu, hefur aldrei áður verið notað á Íslandi.
- **4.500** LED-armbönd verða notuð á tónleikunum.
- **120** kíló af konfetti verða notuð á tónleikadegi. Einnig sprengjur og eldar.
- **9.000** miðar eru í boði, **4.500** á barnatónleikana, **4.500** á tónleika um kvöldið.

# Íslandsheimsóknar húsmæðranna beðið með eftirvæntingu

Eftir síðasta þátt af þættinum The Real Housewives of Orange County, sem sýndur var á mánudag, var sýnt hverju áhorfendur og aðdáendur þessa vinsæla raunveruleikaþáttar mega eiga von á í komandi seríu. Leikur ferð þessara kvenna til Íslands þar stórt hlutverk. Í sýnishorninu fá stelpurnar sér að borða í Hafnarfirði, klifra upp á jökul þar sem ein þeirra þarf að pissa, fara í fjórhjólaferð og lenda í alls konar dramatískum átökum sem áhorfendur geta vart beðið eftir.

> **ÉG VEIT EKKI HVORT ÞÚ HEFUR FARIÐ Á NEYÐARMÓTTÖKUNA Á ÍSLANDI EN ÞAÐ VAR EKKI EIN AF ÁNÆGJULEGUSTU STUNDUM LÍFS MÍNS.**
>
> Lydia McLaughlin

Þættirnir eru gríðarlega vinsælir en tólfta serían fór í loftið nú fyrir skömmu á sjónvarpsstöðinni Bravó. Eftir þáttinn var sýnt hvað væri í vændum og er Íslandsheimsóknin þar stór hluti.

Ein úr hópnum, Vicky Gunvalson, þarf greinilega að leita læknisaðstoðar því í einu skotinu sést að verið er að bera hana inn í sjúkrabíl. Önnur stjarna þáttanna, Lydia McLaughlin, sagði frá því í viðtali við RadarOnline að heimsóknin hefði verið allt annað en ánægjuleg. „Ég veit ekki hvort þú hefur farið á neyðarmóttökuna á Íslandi en það var ekki ein af ánægjulegustu stundum lífs míns,“ sagði hún við spyril RadarOnline. – **bb**



**Stelpurnar fara í jöklagöngu og þar þarf ein þeirra að létta á sér.** MYND/SKJÁSKOT

## Stjarna í nærmynd
### Amy Winehouse



**Fullt nafn** Amy Jade Winehouse
**Listamannsnafn** Amy Winehouse
**Fædd** 14. september 1983
**Dáin** 23. júlí 2011
**Foreldrar** Janis Winehouse og Mitchell Winehouse
**Eiginkonur/menn** Blake Fielder-Civil, frá 2007 til 2009

Breska tónlistarkonan Amy Winehouse hefði orðið 34 ára í dag hefði hún lifað en hún var aðeins 27 ára þegar hún lést.

Amy fæddist á Chase Farm-spítalanum í London. Foreldrar hennar eru Mitchell Winehouse leigubílstjóri og Janis Winehouse apótekari. Þau skildu þegar Amy var 9 ára.

Tónlist lék stórt hlutverk í lífi hennar þegar hún var ung og pabbi hennar söng gjarnan Frank Sinatra-lög fyrir hana. Árið 1992 byrjaði Amy í söngnámi og þaðan lá leiðin upp á við í tónlistinni. Amy gaf út tvær plötur á lífsleiðinni og vann til ótal verðlauna, meðal annars Brit Award-verðlaun, Grammy-verðlaun og MTV Video Music-verðlauna.

Áfengis- og eiturlyfjafíkn setti mikinn svip á líf Amy en foreldrar hennar vildu meina að andlát ömmu hennar árið 2006 hefði haft slæm áhrif á hana og ýtt undir neysluna. Árið 2007 var nokkrum tónleikum hennar aflýst vegna heilsuleysis og fregnir hermdu að hún hefði tekið of stóran skammt eiturlyfja.

Amy lést í júlí árið 2011 á heimili sínu í Camden í London en það var lífvörður hennar sem kom að henni. Það var niðurstaða réttarmeinafræðings að áfengiseitrun hefði leitt hana til dauða.



**Svarta túberaða hárið, tattúin og þykkur „eyelinerinn“ voru sérkenni Amy.** NORDICPHOTOS/GETTY





www.lyfogheilsa.is

**20% afsláttur** af öllum vörum frá Elizabeth Arden dagana 14.–17. september í Lyfjum & heilsu Kringlunni.

Lyf & heilsa Kringlunni

# Heilsan okkar



**Jóhanna E. Torfadóttir,** næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

## Þarf ég að taka vítamín á veturna?

Takk fyrir spurninguna. Ef þú borðar mikið af ávöxtum, grænmeti, heilkornavörum, sjávarfangi, baunum, hnetum og jurtaolíum ættir þú að fá nóg af vítamínum með fæðunni, fyrir utan D-vítamín sem við þurfum að taka daglega sem fæðubót. Konur í barneignahugleiðingum þurfa auk þess að taka inn fólasín til að minnka líkur á miðtaugakerfisgöllum hjá fóstri.

Við þurfum að taka inn D-vítamín allan ársins hring. Við getum myndað D-vítamín í húðinni með hjálp sólargeisla en ekki ef sólarvörn er notuð. Fæstir fá nægilegt magn af D-vítamíni með fæðunni en það finnst helst í lýsi, feitum fiski og D-vítamínbættum vörum eins og viðbiti, jurtaolíu, jurtamjólk og kúamjólk.

Varast skal að taka inn ofurskammta af bætiefnum, sama hvaða næringarefni á í hlut. Það er mikilvægt að gefa ungbörnum D-vítamíndropa frá 1-2 vikna aldri og 6 mánaða til 9 ára þurfa að fá daglega 10 µg (400 alþjóðlegar einingar, IU) af D-vítamíni. Fólk á aldrinum 10-70 ára ætti að fá 15 µg á dag og þeir sem eru komnir yfir sjötugt þurfa 20 µg á dag. D-vítamínskortur veldur erfiðleikum við að nýta kalkið úr fæðunni og það eykur hættu á beinkröm hjá börnum og beinþynningu hjá fullorðnum.

Einstaklingar með fæðuofnæmi og fæðuóþol gætu þurft að taka inn vítamín og/eða steinefni háð því hvaða fæðu þarf að sneiða hjá. Járnskortur er algengastur hjá börnum, unglingum og konum á barneignaaldri og því þarf að huga að járnríku fæði fyrir þennan hóp. Grænkerar ættu að taka B12-vítamín sem finnst einungis í fæðutegundum úr dýraríkinu.

**NIÐURSTAÐA:** Allir þurfa að taka inn D-vítamín (lýsi, perlur eða töflur) allt árið um kring og konur í barneignahugleiðingum ættu að taka inn fólasín.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# Vala Matt heimsækir Hótel Borg og fær uppskrift

**Valgerður Matthíasdóttir,** betur þekkt sem Vala Matt, heimsótti nýverið Hótel Borg og leit meðal annars inn í glænýtt eldhús hótelsins. Þar átti hún fund með yfirkokkinum Jóhannesi Jóhannessyni og fékk hjá honum uppskrift að girnilegum pastarétt með risarækjum.

Í gegnum árin hafa báðir salir veitingahúss hótelsins verið teknir í gegn ótal sinnum og þeim verið breytt með mismunandi hönnun og útliti og af ýmsum arkitektum og hönnuðum," segir Vala Matt sem fer í hönnunar- og matarleiðangur á Hótel Borg í þættinum Íslandi í dag á Stöð 2 í kvöld. Þar skoðar hún nýjustu innréttingar og hönnun á glænýjum veitingastað hótelsins. „En salirnir tveir á hótelinu, Gyllti salurinn og Pálmasalurinn, voru opnaðir formlega þegar Hótel Borg var byggt árið 1930 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og vöktu þá verðskuldaða athygli. Margir af eldri kynslóðum landsins eiga góðar minningar frá þeim. Það var eldhuginn Jóhannes Jósefsson sem stóð fyrir byggingu hótelsins og var það algerlega einstakt á sínum tíma," segir Vala. „Í þætti kvöldsins eru nokkrar útfærslur skoðaðar og rætt við nokkra af hönnuðunum. Einnig er nýjasta útlit staðarins í dag skoðað og svo er farið í glænýtt eldhúsið," útskýrir Vala.

Í þættinum kennir Jóhannes Jóhannesson, yfirkokkur á Hótel Borg, svo áhorfendum að útbúa ævintýralega góða pastasósu fyrir ítalskan rækjurétt. Sósuna er auðvelt að útbúa heima og meðfylgjandi er uppskriftin. Einnig sýnir hann hvernig hann notar poppkorn á nýstárlegan máta í eftirréttum.



Yfirkokkurinn Jóhannes Jóhannesson reiddi fram þennan girnilega rétt.



Vala Matt verður á skjánum í kvöld í Íslandi í dag.

**EINNIG ER NÝJASTA ÚTLIT STAÐARINS Í DAG SKOÐAÐ OG SVO ER FARIÐ Í GLÆNÝTT ELDHÚSIÐ.**

## PASTARÉTTUR MEÐ RÆKJUM OG GÓMSÆTRI SÓSU

Risarækjur (eða venjulegar rækjur)
2 stórir hvítlauksgeirar
2 stór chili
1 fennel
Hnefafylli af klettasalati
200 g kirsuberjatómatar
Salt og pipar eftir smekk

**Aðferð**

Byrjað er á því að snöggsteikja maukaðan hvítlauk og chili í ólífuolíu.
Rækjurnar settar á pönnuna og steiktar með hvítlauknum og chiliinu.
Fennel er skorið þunnt og sett út í.
Klettasalat og kirsuberjatómatarnir einnig sett á pönnuna.
Allt steikt örstutt saman.
Pastasósan sett út í.
Piprað og saltað eftir smekk.

## PASTASÓSAN

fyrir 4

1 dós heilir plómutómatar ca 500 g
2 stk. hvítlauksgeirar fínt saxaðir
½ rautt chili fínt saxað
10 ml extra virgin ólífuolía
¼ búnt ferskt basil
1 tsk. salt
3 matskeiðar ólífuolía til steikingar

**Aðferð**

Svitið hvítlauk, chili og helming af basil í ólífuolíunni.
Kremjið tómatana gróflega með höndunum og bætið út í.
Látið malla á lágum hita í 20 til 30 mínútur, bætið þá salti, extra virgin ólífuolíu og restinni af basil út í.
Má setja fisk eða skelfisksoð út í ef vill.


FATA- & SKÓ
OUTLET
NTC



OPIÐ 12-18
ALLA DAGA

* TÖKUM UPP VÖRUR
Á HVERJUM DEGI!

LAUGAVEGI 176
(GAMLA SJÓNVARPSHÚSIÐ)

GK
KARAKTER
Kultur menn
Kultur
COMPANYS
galleri sautján
URBAN
eva
SMASH
focus
gs skór




# Smáforritið
## Svana Lovísa Kristjánsdóttir

***Skemmtilegasta smáforritið?***

Ég er ennþá í team Snapchat – þar fæ ég oft sendar myndir frá lesendum mínum sem eru að græja og skreyta heimili sín og sýna mér stundum eitthvað sem þeir hafa verið að kaupa eftir meðmæli frá mér. Það finnst mér virkilega skemmtilegt og gefur mér mikið, ég er þar undir notandanafninu svartahvitu.

***Mest ávanabindandi smáforritið?***

Instagram – þar get ég skrollað endalaust án þess að nokkurn tíma komast yfir allt efnið, þar skoða ég myndir frá vinum ásamt hönnunarliði og stílistum úti í heimi til að vera með puttann á púlsinum. Eftir að insta stories bættist við hefur tíminn þar inni á bara aukist! Notandanafn: svana.svartahvitu

***Gagnlegasta smáforritið?***

Wunderlist er mjög gagnlegt, þar set ég inn ýmsa verkefnalista sem ég get deilt með fleirum, hvort sem það er fyrir heimilið, sumarbústaðinn eða vinnutengt. Ég uppfæri þar einnig vikulega innkaupalista sem mér finnst frábært að fara með í búðina og að maðurinn minn geti séð sama lista í sínum síma.






**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.016 kr**
v.á. 1.270 kr.



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr.



3 í pk.
**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



2 í pk.
**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**464 kr**
v.á. 580 kr.



**1.016 kr**
v.á. 1.270 kr.



**3.544 kr**
v.á. 4.430 kr.



**1.176 kr**
v.á. 1.470 kr.



**1.568 kr**
v.á. 1.960 kr.



**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr.



**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr.



Sett
**2.360 kr**
v.á. 2.950 kr.



2 í pk.
**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr.



3 í pk.
**1.408 kr**
v.á. 1.760 kr.



**2.360 kr**
v.á. 2.950 kr.

Finndu okkur á
**Facebook**

Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

ATH! Mismunandi vöruúrval eftir verslunum

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 06.09.17 – 12.09.17




**1** **Stúlkan sem gat ekki fyrigefið**
David Lagercrantz




**2** **Gagn og gaman**
Helgi E. / Ísak J.




**3** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park




**4** **Fegurð er sár**
Eka Kurniawan




**5** **Afætur**
Jussi Adler Olsen




**6** **Pottur, Panna og Nanna**
Nanna Rögnvaldardóttir




**7** **Verstu börn í heimi**
David Walliams




**8** **Grænmetisætan**
Han Kang




**9** **Nornin**
Camilla Läckberg




**10** **Iceland in a Bag**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT


Penninn Eymundsson






**Sölvi Blöndal og Ólafur Arnalds auk Jóns Diðriks, forstjóra Senu, við stofnun Öldu Music.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tímamótasamningur í íslenskri rappútgáfu

Útgáfufyrirtækið Alda Music skrifaði undir samstarfssamning við bandarísku hipphoppútgáfuna 300 Entertainment. **Sölvi Blöndal**, annar stofnenda Öldu, segir þetta vera lykil að framtíð útgáfunnar.

Þetta er almennur samstarfssamningur en þetta snýst í raun um að við erum „partner“ fyrir 300 á Íslandi og við stefnum á að verða það líka fyrir Skandinavíu. Í praxís þýðir þetta að okkar listamenn eru á þeirra „roadmappi“ og við erum dreifingaraðili fyrir þeirra tónlist hér á Íslandi og vonandi víðar. Það þýðir líka að við erum að „teyma upp“ með þeirra taktsmiðum jafnvel fyrir íslenska rappara, þeir fá fyrsta möguleika á þeim listamönnum sem við skrifum undir með hérna heima – við erum í raun virkur „partner“ fyrir þá hérna heima. Þetta er í raun algjör „game changer“ fyrir framtíð Öldu,“ segir Sölvi Blöndal, annar stjórnenda Öldu Music, en fyrirtækið skrifaði undir samstarfssamning við bandaríska hipphoppútgáfufyrirtækið 300 Entertainment nú á dögunum.

Sölvi segir samninginn geta þýtt það að íslenskir hipphopplistamenn eigi kost á samvinnu með listamönnum 300 útgáfunnar – en meðal þeirra sem eru undir samningi hjá fyrirtækinu eru Íslandsvinirnir Migos og Young Thug, Fetty Wap, Riff Raff og fleiri.



**Íslandsvinurinn Young Thug er meðal þeirra listamanna sem eru á snærum 300 Entertainment.**

Alda Music var stofnað í fyrra og eru það þeir Sölvi Blöndal og Ólafur Arnalds sem eru í brúnni. Þeir gáfu til að mynda út nýjustu plötu Úlfur Úlfur, Kristalsplötu Páls Óskars og plötu með Ella Grill.

**stefanthor@frettabladid.is**

### 300 ENTERTAINMENT

- Útgáfufyrirtæki stofnað árið 2012 af Lyor Cohen, Roger Gold, Kevin Liles og Todd Moscowitz. Fyrirtækið fókusar aðallega á hipphopptónlist og eru margir af þeim stærstu í þeim bransa á samningi hjá fyrirtækinu.
- Lyor Cohen, einn af forsvarsmönnum fyrirtækisins, yfirgaf það nýlega og stjórnar nú tónlistardeild YouTube. Hann er einn af þeim allra stærstu bak við tjöldin í rappbransanum og byrjaði feril sinn hjá umboðsfyrirtækinu Rush þar sem hann landaði sveitum eins og A Tribe Called Quest, EPMD og De La Soul. Hann á einnig heiðurinn af ódauðlegu samstarfi Run-DMC og Adidas auk þess að vera einn af stofnendum Def Jam.

# Dúettinn Úlfur Úlfur of orðljótur fyrir Pólverja

Rappdúettinn íslenski Úlfur Úlfur var nýlega gestur þáttarins Dzien Dobry á pólsku sjónvarpsstöðinni TVN og tók þar lagið sitt Bróðir. Það vakti athygli margra aðdáenda dúettsins að þeir breyttu í það minnsta einni línu í laginu og fjarlægðu þar orðið „motherfucker“.

„Það var stranglega bannað að segja motherfucker. Ég sagði samt „fokk“ aftur og aftur og það virtist alveg vera í góðu lagi,“ segir Arnar Freyr, annar helmingur dúettsins, og því virðast Pólverjarnir ekki hafa verið neitt agalega strangir þó svo að orðið „motherfucker“ hafi verið á bannlista – enda hrikalega óviðeigandi orð, sérstaklega eldsnemma á morgnana en Dzien Dobry er morgunþáttur eins og nafnið gefur til kynna („Góðan daginn“).



**Úlfur Úlfur er að gera það gott í austurhluta Evrópu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í þættinum kynnti Úlfur Úlfur tónleika sína í Varsjá sem fóru fram um kvöldið en strákarnir hafa verið á tónleikaferðalagi um Evrópu þar sem þeir stoppuðu í Finnlandi, Rússlandi, Lettlandi og núna í Póllandi. Pólverjar og Lettar virðast sérstaklega hafa fílað sveitina því að af myndum á samfélagsmiðlum að dæma var mikið mannhaf á tónleikunum – þá sérstaklega í Lettlandi, enda Lettar vinaþjóð okkar Íslendinga. **– sþh**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


IKEA býður í hleðslu!
Í dag kl. 16-18
IKEA hefur tekið í notkun 38 ný hleðslustæði við verslunina og eru þau þar með orðin 50 alls. Við fögnum þessum áfanga í dag með góðum gestum. Askja, BL, Brimborg, Hekla og Úranus sýna nýjustu rafbílana, Hlaða kynnir hleðslustöðvar og Orkusalan kynnir gott tilboð. IKEA býður upp á kaffi og köku.
IKEA á Íslandi hefur tekið ákvörðun um að vera í fararbroddi í að bjóða upp á frí hleðslustæði fyrir viðskiptavini og hafa þau nógu mörg til hægt sé að ganga að hleðslunni vísri. Það er í okkar huga eðlileg viðbót við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir, það stuðlar að umhverfisvænni samgöngum og það samræmist hugmyndafræði IKEA um að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2017

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Tómasar Þórs Þórðarsonar




# Gangandi gjaldmiðill í flíspeysu

Ég elska túrista. Svo framarlega sem ég lendi ekki fyrir aftan þá í bíl úti á landi þar sem þeir nauðhemla við hvert einasta ský sem lítur út eins og fugl eða öfugt þá elska ég þá. Ég elska að rölta niður Laugaveginn og sjá þessar gangandi evrur og dollara í flíspeysunum sínum og gönguúlpunum í 18 gráða hita njóta lífsins lystisemda á Íslandi og auðga mannlífið okkar.

Það er líka ekkert lítið gaman að fylgjast með þeim heillast af hlutum sem maður er sjálfur orðinn svo algjörlega samdauna. Að rölta fyrir aftan hóp af jákvæðum Bandaríkjamönnum (er til önnur týpa?) í Reykjavíkurborg fær mann til að stökkva aðeins út fyrir gluggann og horfa inn á fallegu borgina okkar.

Þeir geta staðið svo klukkutímunum skiptir og myndað hvern einasta fermetra á Ingólfstorgi á meðan ég geng þar vanalega rösklega yfir, bölvandi yfir látunum í hjólabrettunum.

Ferðamenn gera líka svo ferðamannalega hluti sem maður gerir sjálfur erlendis en þeir geta bara verið svo miklu fyndnari hér á landi. Hversu oft hefur maður ekki farið glorsoltinn inn í einhverja vegasjoppu og setið þar og kjamsað á dýrindis samlokum eða öðru góðmeti og borgað fyrir það sama og ekkert.

Hér heima röltir maður reglulega framhjá 10-11 í Austurstræti þar sem ferðamenn sitja út við glugga og borða samlokur sem kosta álíka mikið og flugmiðinn þeirra. Það er alveg merkilegt hvað okrið hér heima gerir lítið til að fæla ferðamenn frá, því verðlagið er að flestu leyti komið út í algjört rugl.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland





